D.D.UNIT

*Sex ára á háum hælum*

tíska heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




GOTT Á GRILLIÐ

*Villt náttúruveisla*

Sérblað um grillmat

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. júní 2007 — 166. tölublað — 7. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR



**Okrað á iPod**

iPod-tónlistarspilarar eru rándýrir á Íslandi. Tollum og gjöldum er þar um að kenna.

TÆKNI & VÍSINDI 24

**Björn Ingi í einkaþjálfun**



Arnar Grant stefnir á að koma borgarfulltrúanum í fitness eftir tvö ár.

FÓLK 62

**Lyftum lokinu**

„Alþingi hefði átt að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum um daginn að búast til að svipta hulunni af símahlerunum frá fyrri tíð,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 30

**Stefna á sigur**



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu tekur á móti Serbum á Laugardalsvelli í kvöld. Stelpurnar ætla sér ekkert annað en sigur í kvöld.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SUNNANLANDS** Í dag má búast við skúrum á Norður- og Norðvesturlandi fram eftir degi. Á Suður- og Austurlandi verður bjart og fallegt veður og hlýjast verður í innsveitum sunnan og austanlands.

VEÐUR 4




# Óábyrgar pólitískar yfirlýsingar skaða sjávarútveginn

**Forsvarsmenn stórra útgerðarfyrirtækja segja yfirlýsingar stjórnmálamanna síðustu daga hafa verið skaðlegar íslenskum sjávarútvegi og að pólitískur óstöðugleiki valdi meiri skaða en niðurskurður aflaheimilda.**

**STJÓRNMÁL** Forsvarsmenn stórra útgerðarfyrirtækja eru sammála um að „óábyrgar pólitískar yfirlýsingar“ stjórnmálamanna að undanförnu valdi meiri áhyggjum innan greinarinnar en fréttir af væntanlegum niðurskurði aflaheimilda. „Ég man aldrei eftir svona dimmum tóni í reynslumiklum útgerðarmönnum og það er komið til vegna pólitískrar umræðu frekar en vondra frétta af þorski,“ segir Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. í Grindavík.

„Það sem ruglar menn í greininni meira núna en nokkuð annað er pólitískur óstöðugleiki. Stjórnmálamenn eru farnir að gæla við það að ákveða hvar fiskvinnsla verður og hvar ekki, auk þess að niðurskurðurinn skili sér ekki til baka þegar að því kemur að hægt verður að veiða meira,“ segir Pétur.

Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri Bergs-Hugins ehf. í Vestmannaeyjum, segir að „óábyrgar pólitískar yfirlýsingar“ stjórnmálamanna undanfarið séu mjög ámælisverðar. „Óvissan sem þessu tali fylgir er helmingi verri en niðurskurður. Hann er sér kapítuli út af fyrir sig og við honum verður brugðist ef á reynir.“

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir yfirlýsingar nokkurra stjórnmálamanna að undanförnu hafa verið óábyrgar og afvegaleiða umræðuna. „Sérstaklega það sem sagt hefur verið síðan á sunnudaginn. Það má flokka sem truflandi og jafnvel skaðlegt.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að allt frá því að fiskveiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar var kynnt hafi verið reynt að efna til opinnar, almennrar og málefnalegrar umræðu. „Það er því leitt til þess að vita að menn telja að umræðan hafi þróast með öðrum hætti. Við verðum að fjalla um fiskveiðiráðgjöfina á málefnalegan hátt. Þetta er alvarlegt mál. Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um umræðuna eins og hún hefur farið fram.“ - shá / sjá síðu 6



**TUMI LEIÐBEINIR** Tvíburunum Hafsteini og Ingvari þykir afar gaman að leiknum sem mamma þeirra, Guðrún Eiríksdóttir, hannaði ásamt skólasystur sinni, Sunnu Björgu Sigurjónsdóttur, lengst til hægri. Kolfinna stóra systir situr í fangi móður sinnar og fylgist stolt með bræðrum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðrún Eiríksdóttir fann ekki námsefni við hæfi fyrir heyrnarskerta syni sína:

## Mamma hannar tölvuleik fyrir börnin

**TÆKNI** „Mér fannst í raun ekkert til sem gæti aðstoðað þá,“ segir Guðrún Eiríksdóttir, móðir heyrnarskertra tvíbura, sem tók sig til og hannaði tölvuleikinn Tuma og táknin fyrir strákana sína.

Tvíburadrengir Guðrúnar greindust heyrnarskertir fyrir um fjórum árum. Þeir voru þá rúmlega tveggja ára og hóf Guðrún leit að efni sem gæti örvað málþroska þeirra. Fljótlega komst hún að því að lítið sem ekkert slíkt efni var til. Því hannaði hún tölvuleikinn sem ung börn geta notað til að læra tákn með tali.

„Á þessum tíma var ég í tölvunarfræði. Í einu námskeiðinu kviknaði hjá mér hugmynd að því að útbúa tölvuleik sem gæti nýst börnum til að ná tökum á máli og tákni með tali,“ útskýrir Guðrún.

Leiðbeinandi hennar tók afar vel í hugmynd hennar og enduðu Tumi og táknin sem lokaverkefni hennar til BS-prófs úr Háskóla Íslands. Hugmyndin hefur þó enn þanist út því Guðrún fékk fleiri fagaðila til liðs við sig og er leikurinn nú í sölu.

„Leikurinn er ekki bara hugsaður fyrir börn með málörðugleika. Flestum börnum þykir gaman að nota tákn með tali auk þess sem markmið leiksins er að bæta framburð og auka orðaforða, sem nýtist öllum börnum. Sérstaklega finnst mér samt gott að foreldrar sem eiga börn sem glíma við málörðugleika geti fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir hugvitssama móðirin. - kdk

Einkavæðing Föroya Banka:

## Sex þúsund Íslendingar kaupa

**VIÐSKIPTI Yfir sex þúsund íslenskir fjárfestar, þar á meðal lífeyrissjóðirnir, skráðu sig fyrir hlutabréfum í hlutafjárútboði Føroya Banka. Færeyska ríkið seldi sextíu prósent hlutafjár til almennra fjárfesta á Íslandi, í Færeyjum og Danmörku og til fagfjárfesta um allan heim.**



JANUS PETERSEN

**Í boði voru um 12,7 milljarðar króna en óskað var eftir 330 milljörðum. Bankinn verður skráður í Kauphöllina í dag.**

**„Fjárfestar á Íslandi og Færeyjum sýndu útboðinu mikinn áhuga,“ segir Janus Petersen, forstjóri bankans.**

**Þeir sem skráðu sig fyrir 127 þúsund krónum eða minna í almenna hluta útboðsins fá fullan skammt. Hlutur annarra skerðist verulega.** - eþa / sjá bls. 26







## SPURNING DAGSINS



*Guðbjartur, er verið að leggja bleikan stein í götu ykkar?*

„Nei, það er verið að vísa okkur veginn.“

Þingmenn Norðvesturkjördæmis hlutu Bleiku steinana, hvatningarverðlaun Femínistafélagsins. Guðbjartur Hannesson er einn af þingmönnum kjördæmisins.

Formaður sjávarútvegsnefndar segir kvótakerfið skástu veiðistýringu sem völ er á:

# Óþarfi að endurskoða kerfið

**STJÓRNMÁL** Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, telur ekki tilefni til að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið, hvorki í heild né einstaka þætti þess.

„Ég hef ekki fundið nein rök fyrir því enn þá satt að segja. Þótt kerfið hafi marga galla held ég að þetta sé skásta stýring sem við höfum komist í tæri við,“ segir Arnbjörg.

Fulltrúar Hafrannsóknastofnunarinnar kynntu nefndarmönnum forsendur veiðiráðgjafar sinnar í gær.

Arnbjörg vill ekki skera úr um hve mikið eigi að veiða á næsta fiskveiðiári en Hafró ráðleggur 130 þúsund þorskígildistonn. „Fræðimenn færa töluvert sannfærandi rök fyrir sínum tillögum og við verðum allavega að taka töluvert tillit til þeirra,“ segir Arnbjörg. Spurð hvort óþarft sé að ganga jafn langt í niðurskurði aflaheimilda og Hafró leggur til, svarar Arnbjörg: „Ég er ekki búin að taka afstöðu til þess en ég held að við verðum nú eitthvað að nálgast þá.“

Arnbjörg segir að þótt þjóðfélagið sé almennt ágætlega í stakk búið til að takast á við niðurskurð aflaheimilda sé ljóst að áhrif þess geti verið afar slæm á einstaka byggðir. Finna þurfi leiðir til að mæta þeim áhrifum. Hún efast þó um að aukinn byggðakvóti leysi vandann. **- bþs**



**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR** formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mótorhjólaslys í Eyjum:

## Ökumaður slasaðist alvarlega

**SLYS Ökumaður vélhjóls liggur alvarlega slasaður á gjörgæsludeild Landspítala eftir slys á Höfðavegi í Vestmannaeyjum laust fyrir miðnætti á þriðjudag.**

**Maðurinn, sem var aftastur í hópi vélhjólamanna, missti stjórn á hjólinu og lenti á vegriði.**

**Vegfarandi gerði lögreglu viðvart og eftir athugun í Vestmannaeyjum var hann fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur.**

**Hámarkshraði á þessum vegkafla er 50 km/klst, en ekki er vitað hvort maðurinn keyrði of hratt. - sgj**

Slysahætta á trampólíni:

## Slysalaust hopp

**FORVARNIR Hætta er á því að börn fái bakverki ef þau beita ekki líkamanum rétt þegar þau hoppa á trampólíni. Einnig er mjög algengt að börn slasist ef fleiri en einn eru að hoppa í einu. „Ef tveir hoppa í einu gerist það gjarnan að annar missir kraftinnog hinn fer tvöfalt hærra með þeim afleiðingum að hann missir stjórnina í loftinu. Þannig lenda krakkar stundum fyrir utan trampólínið og beinbrotna,“ segir Ása Inga Þorsteinsdóttir, þjálfari hjá Gerplu. Hún telur mikilvægt að leiðbeina börnunum og heldur nú námskeið um öryggi á trampólíni.**

**-keþ /** **sjá Allt heilsa**

Ingibjörg Sólrún í Noregi:

## Vilja hafa áhrif á stefnumótun

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hóf í gær tveggja daga opinbera heimsókn til Noregs. Hún hitti Harald Noregskonung, átti hádegisverðarfund með varnarmálaráðherra Noregs, Anne-Grete Strøm-Erichsen, og ræddi við Jonas Gahr Støre utanríkisráðherra um samskipti landanna.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði Ingibjörg mikilvægt að þjóðirnar tvær hafi áhrif á stefnumótun sem fram fer innan Evrópusambandsins. Á fundi hennar með Støre hafi verið rætt hvernig hægt sé að kynna þá stefnumótun betur í þjóðþingunum. **- sþs**

## SLÖKKVILIÐIÐ

### Eituefnaleki í Goðafossi

Leki úr 20 feta gámi í skipinu Goðafossi komst upp í gærmorgun. Talið er að milli 50 og 100 lítrar af edikssýru hafi lekið út. Sérfræðingar af slökkvistöðinni í Hafnarfirði stöðvuðu lekann. Þeir nýttu kalk til að gera sýruna óvirka og síðan var skolað með vatni.

# Herlögregla vaktaði drukkna Verslinga

**Verslunarskólanemar voru vaktaðir af herlögreglu á Kanaríeyjum eftir óspektir, næturbrölt og skemmdarverk. Ferðanefnd skólans skoðaði staðinn í vetur en nemarnir voru þrátt fyrir það ósáttir við aðstæður. Áttu að fá hótel út af fyrir sig.**

**NEYTENDUR** „Ferðaskrifstofurnar segja okkur bara það sem við viljum heyra. Síðan þegar við mætum á staðinn er raunin önnur. Allar ferðaskrifstofurnar koma jafn illa fram við okkur,“ segir Vilmundur Sveinsson, fyrrverandi forseti Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands.

Tvö hundruð og fjörutíu manna útskriftarhópur frá skólanum fór á vegum Heimsferða til Fuerteventura á Kanaríeyjum í tveggja vikna ferð í lok maí. „Þetta er ekki besti staðurinn fyrir útskriftarhóp vegna þess að þarna er mikið af fjölskyldufólki og ellilífeyrisþegum og ekkert að gera fyrir ungt fólk fyrir utan litla verslunarmiðstöð sem hægt var að fara í,“ segir Vilmundur. Hann bætir við að þeim hafi verið lofað að skemmtistaðir yrðu opnir fram eftir nóttu. Það reyndist ekki rétt og þegar þeir lokuðu klukkan tvö var farið á hótelið. „Okkur var sagt að við yrðum ein á hótelinu en það var heldur ekki satt. Gestir hótelsins, sem var breskt fjölskyldufólk, kvartaði undan látunum í okkur,“ segir Vilmundur.

Jónína Guðný Bogadóttir útskriftarnemi segir þau hafa verið send út á fölskum forsendum. „Okkur var lofað fjörugu næturlífi sem reyndist ekki vera. Seinni vikuna var torgið sem við héldum til á vaktað af herlögreglu,“ segir Jónína Guðný. Hún segir neyðarfund hafa verið haldinn á hótelinu eftir að skemmdarverk voru unnin á sólbekkjum og tæmt hafði verið úr sex slökkvitækjum. „Á fundinn mættu fimmtán herlögreglumenn með alvæpni og mér fannst okkur ógnað,“ segir Jónína Guðný.



**KANARÍEYJAR** Fimm herlögreglubílar og herlögreglumenn með alvæpni vöktuðu ungmennin seinni vikuna á Fuerteventura.

> „Okkur var lofað fjörugu næturlífi sem reyndist ekki vera. Seinni vikuna var torgið sem við héldum til á vaktað af herlögreglu
>
> **JÓNÍNA GUÐNÝ BOGADÓTTIR** ÚTSKRIFTARNEMI

Bjarni Hrafn Ingólfsson, markaðsstjóri Heimsferða, segir að reynt sé í lengstu lög að hafa útskriftarhópa eina á hótelum enda sé skemmtanamunstur útskriftarhópa og fjölskyldufólks mjög ólíkt. Hann segist þekkja Fuerteventura vel og þarna sé hægt að gera flest það sem er í boði í öðrum sólarlöndum. „Útskriftarhópar hafa farið áður á þennan sama stað án þess að kvarta enda eru hópar allt-af ólíkir.“

Bjarni Hrafn segir ferðanefnd á vegum skólans hafa farið til Fuerteventura og tekið út aðstæður og þeim hafi litist vel á staðinn. „Ég fullyrði að við hjá Heimsferðum gerðum allt sem við gátum til að ferðin heppnaðist sem best,“ segir Bjarni Hrafn. **larab@frettabladid.is**



**BORGARSTJÓRINN VIÐ VEIÐAR** Vilhjálmur veiddi fyrsta laxinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Elliðaárnar opnuðu í gær:

## Borgarstjórinn veiddi fyrsta lax sumarsins

**LAXVEIÐI** Elliðaárnar opnuðu í gærmorgun. Hefð er fyrir því að borgarstjórinn í Reykjavík renni fyrstur fyrir lax í ánni og var Vilhjálmur Vilhjálmsson mættur snemma um morguninn. Hann þurfti að bíða fram að hádegi til að geta landað fyrsta laxinum. Það var þó fyrsti laxinn sem veiddur var. Var það fjögurra punda hrygna og var hún veidd á maðk. Áður höfðu veiðst nokkrir urriðar. **- pal**

Dani hrinti Íslendingi fyrir lest:

## Sagðist vona að Haraldur dæi

**DÓMSMÁL Aðalmeðferð fór fram í Danmörku á þriðjudag yfir Jonatan Falk, 26 ára Dana, sem hrinti heimilislausum Íslendingi, Haraldi Sigurðssyni, fyrir lest í Kaupmannahöfn í ágúst í fyrra.**

**Falk er ákærður fyrir tilraun til manndráps. Ekstra Bladet segir frá því að Falk játi að hafa hrint Haraldi, en neiti að hafa ætlað að ráða honum bana. Falk flúði af vettvangi og upp í leigubíl sem í voru farþegar. Hann bauð þeim hass í skiptum fyrir farið. Þá tjáði hann sig á ensku um atburðinn og sagði að hann vonaðist til að Haraldur dæi.**

**Lest ók yfir Harald og þótti með ólíkindum að hann skyldi lifa atvikið af. - sh**


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU LEGACY WAGON**

Nýskr. 11.98 - Sjálfskiptur - Ekinn 132 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Guðjón Ingi Eiríksson horfði inn í byssuhlaup í Kaupmannahöfn í fyrradag:

# Löggan lét mig labba heim

**DANMÖRK** Guðjón Ingi Eiríksson lenti í vopnuðu ráni á hóteli í Kaupmannahöfn í fyrradag. Maður með leikfangabyssu að vopni ruddist inn í anddyri Hótel Ansgard, sem Guðjón gisti á, og heimtaði peninga af hótelstarfsmanni.

„Ég var þarna eitthvað að skoða bæklinga þegar grímuklæddur maður hjólaði upp að húsinu, stökk inn, beindi byssu að höfði starfsmannsins og bað um peninga. Síðan beindi hann byssunni að mínu höfði og skipaði mér að leggjast á gólfið, sem ég gerði,“ segir Guðjón.

„Hótelstarfsmaðurinn náði svo að afvopna manninn og hringja á lögregluna. Maður áttaði sig eiginlega ekkert á því hvað var að gerast, ég hafði engan tíma til að hugsa þegar hann beindi byssunni að mér.“



**GUÐJÓN INGI EIRÍKSSON**

Hann segir lögregluna hafa margboðið sér áfallahjálp eftir að hann hafi gefið skýrslu, en síðan neitað að skutla honum heim á eftir. „Mér fannst það alveg hreint merkilegt að þeir hafi látið mig labba heim af lögreglustöðinni rétt eftir að hafa lent í vopnuðu ráni. Annars er ég nú alveg nokkuð hress eftir allt þetta.“

Hótel Ansgard stendur við Colbjørnsensgade, rétt hjá Ráðhústorginu. **- sþs**



**HÓTEL ANSGARD** Hótelið er rétt hjá Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn. Ræninginn kom hjólandi upp að húsinu, stökk inn um dyrnar og heimtaði peninga af hótelstarfsmanni, vopnaður leikfangabyssu.

Stórt blómstrandi
**Gullregn**
**1499**



**Birki**
*30-50sm*
**299**



# Trjáplöntu markaður

**Fimmtudag - sunnudags**

*Nú er rétti tíminn til að úða trjáplönturnar. Decis plöntulyfið hefur verið notað af íslenskum garðyrkjumönnum í yfir 20 ár með mjög góðum árangri.*




**Decis** *100ml* **1499**



**Nellikka** *3 stk* **999**

**allt að 60% afsláttur**

| | | |
|---|---|---|
| Gullregn | | 1499 |
| Birkikvistur, | 3 stk | 999 |
| Gljámispill, | 3 stk | 999 |
| Allar garðrósir, *m.a. Hansarós, Dornrós og Home and Garden* | | 799 |
| Birki, *30-50 sm* | | 299 |
| Aspir, *70-100 sm* | | 599 |
| Himmalayaeinir, | | 999 |
| Íslenskur einir, *(Repanda)* | | 999 |
| Allar fjölærar plöntur | | 30% afsl. |



**Margaríta**
*3 stk*
**999**

Soldis
Silkitré & silkiblóm
*Ný sending af sumarblómum*

**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 20.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,91 | 62,21 |
| Sterlingspund | 123,35 | 123,95 |
| Evra | 83,12 | 83,58 |
| Dönsk króna | 11,164 | 11,230 |
| Norsk króna | 10,309 | 10,369 |
| Sænsk króna | 8,937 | 8,989 |
| Japanskt jen | 0,5009 | 0,5039 |
| SDR | 93,53 | 94,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,1181

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tvö móðurlaus lömb urðu innlyksa í Stórhöfða:

# Lömbum bjargað um borð í gúmmíbát

**VESTMANNAEYJAR** Eyjamenn björguðu tveimur móðurlausum lömbum úr sjálfheldu á dögunum. Lömbin voru á Napanum í Stórhöfða og höfðu orðið þar innlyksa en móðir þeirra hefur að líkindum hrapað í sjóinn.

Lömbin eru á þessum tíma sumars ekki orðin nógu stálpuð til að lifa á grasi einu saman og því þurfti að koma þeim undir nýja á svo þau gætu fengið mjólk að drekka.

Björgunarmenn fóru á gúmmíbát að Napanum til að ná til lambanna og voru þau flutt aftur í land á bátnum.

Annað lambið var ekki á því að láta ná sér og þurftu björgunarmenn að eltast töluvert við það áður en þeir höfðu erindi sem erfiði. Æðarkollur sem lágu á hreiðrum í Napanum voru einnig óhressar með komu björgunarmannanna.

Lömbin hafa nú fengið nýja móður og vöndust strax undir. Þau braggast vel að sögn eigandans.

**- þo**

**KOMIÐ TIL BJARGAR** Það lá á að koma lömbunum til hjálpar enda lifa þau ekki á grasinu einu saman. Þau hafa nú fengið fóstru sem gengur þeim í móðurstað. MYND/ÓSKAR





**TF-SYN** Stóð bát að meintum ólöglegum veiðum á þriðjudag. MYND/GUÐMUNDUR

Veiðar í lokuðu hólfi:

## Meintar ólöglegar línuveiðar

**LANDHELGISGÆSLAN Áhöfnin á TF-SYN, eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar, stóð skipstjóra á fiskibát að meintum ólöglegum línuveiðum inni í lokuðu hólfi 7,8 sjómílum norðvestur af Deild um hádegisbilið á þriðjudag. Skyndilokun á svæðinu hafði verið auglýst 15. júní síðastliðinn samkvæmt heimild í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og gildir hún til 29. þessa mánaðar.**

**Landhelgisgæslan sendi kæru til Lögreglustjórans á Vestfjörðum sem er nú með málið til meðferðar.**

**- shá**

**BANDARÍKIN**

### Bloomberg skoðar framboð

Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, sló í gær ekki á vangaveltur um að hann hefði hug á að fara í óháð framboð til forseta Bandaríkjanna. Á þriðjudag tilkynnti hann að hann væri genginn úr Repúblikanaflokknum, sem hann var í í sex ár. Kjörtímabili hans sem borgarstjóra lýkur árið 2009.

**TAÍLAND**

### Shinawatra kallaður heim

Útlægum fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, Thaksin Shinawatra, hefur verið skipað að snúa heim vegna ákæra um fjármálamisferli. Thaksin, sem varð milljarðamæringur áður en hann fór út í stjórnmál, var komið frá völdum í fyrra í kjölfar mótmæla vegna meintra spillingarmála hans.

# Grunur beinist að sjúklingi á deildinni

**Grunur leikur á að sjúklingur á smitsjúkdómadeild Landspítalans hafi látið unga konu, sem einnig lá á deildinni, hafa sprautu með fíkniefni. Konan lést á mánudagskvöld. Nú er verið að rannsaka innihald sprautunnar og fleiri þætti.**

**LÖGREGLUMÁL** Sjúklingur á smitsjúkdómadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss er grunaður um að hafa afhent ungri konu, sem lést á spítalanum að kvöldi 18. júní, fíkniefni, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Lögregla höfuðborgarsvæðisins fer með rannsókn málsins sem meðal annars beinist að því að komast að því hvaðan sprautan sem notuð var og innihald hennar komu. Konan, sem var fædd 1985, fannst meðvitundarlaus á deildinni með sprautu við hlið sér aðfaranótt 16. júní. Hún lést, eins og áður sagði, síðastliðið mánudagskvöld. Dánarorsök er ekki ljós en konan var haldin sjúkdómi, sem leitt getur til dauða, fái hann að þróast óáreittur í fólki. Krufning mun fara fram eins og tíðkast þegar um voveifleg dauðsföll er að ræða, svo og efnagreining, til að komast að dánarorsök konunnar. Þá er verið að rannsaka efnainnihald sprautunnar. Þetta ferli getur í heild tekið nokkrar vikur.

Í apríl fjallaði Fréttablaðið um eiturlyfjasmygl til sjúklinga sem liggja á Landspítalanum. Þar kom meðal annars fram að starfsmenn hafi fundið á lóð spítalans pakka með fíkniefnum, sem ætlaðir séu sjúklingum, auk þess sem notaðar sprautunálar hafi fundist reglulega við byggingar spítalans. Vandinn sé mestur á þeim deildum þar sem fíklar leiti sér meðferðar.

Jóhannes Gunnarsson, forstjóri lækninga á LSH, segir að aðgerðir séu fyrirhugaðar til að reyna að stemma stigu við mögulegu fíkniefnasmygli til sjúklinga á spítalanum.

„Upp úr miðju ári stendur til að loka reykherbergjum fyrir sjúklinga á bráðadeildum. Hins vegar verður gefin undanþága á deildum þar sem sjúklingar vistast langtímum saman. Þá er á áætlun á þessu ári að flytja reykaðstöðu sjúklinga á geðdeildum og breyta henni þannig að hún verði ekki lengur opin út heldur inn.“

Spurður hvort komi til greina að kalla til lögreglu sé uppi grunur um fíkniefnaneyslu sjúklinga, þar sem um lögbrot sé að ræða, kveður Jóhannes svo vera. Hins vegar sé erfitt að bæta slíku eftirlitshlutverki ofan á önnur störf starfsfólks spítalans.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, kvaðst ekki vilja tjá sig efnislega um lögreglurannsóknina á þessu stigi málsins. Dánarorsök liggi ekki fyrir og meðan svo sé verði engar upplýsingar gefnar. **jss@frettabladid.is**




**SMITSJÚKDÓMADEILD** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú lát ungrar konu sem lést á smitsjúkdómadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss. Meðal annars er verið að rannsaka innihald sprautu sem fannst hjá konunni.

Niðurgangur á Reyðarfirði:

## Bönd berast að lambapottrétti

**HEILBRIGÐISMÁL** Líkur má leiða að því að lambapottréttur hafi valdið vægri magakveisu og niðurgangi í fimmtán starfsmönnum Alcoa-Fjarðaáls á Reyðarfirði.

Starfsmennirnir fundu fyrir óþægindum eftir vakt í álverinu í fyrrakvöld en flestir voru vinnufærir í gærmorgun.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands var kallað til rannsóknar. Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins, segir eitrunina væga. „Þetta eru ekki mjög alvarleg veikindi. Langflestir af þeim sem hafa einkenni eru vinnufærir.“

Nær engir afgangar urðu af lambinu, en sýni af óhreinum bökkum verða send í ræktun.

**- kóþ**

Merki Hvalfjarðarsveitar:

## Trúartákni mótmælt

**HVALFJÖRÐUR Nýju byggðamerki Hvalfjarðarsveitar er mótmælt harðlega af Jóhönnu Harðardóttur Kjalnesingagoða. Segir hún að trúartákn eigi ekki heima í sameiningartákni sveitarfélagsins. Það tilheyri miðöldum en ekki nútímanum. Að auki sé merkið ljótt og ekkert í því sem minni á sveitarfélagið.**

**BYGGÐAMERKI HVALFJARÐARSVEITAR**

**Merkið var kynnt hinn 9. júní. Í því eru útlínur hvals sem myndar kross og skírskotar til menningararfs og sögu Hvalfjarðarsveitar, að því er haft er eftir Arnari Steinþórssyni, hönnuði merkisins, á heimasíðu sveitarinnar.**

**- kóþ**



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Hlýjast sunnantil:** Í dag verður bjart og fallegt veður á Austur- og Suðurlandi, en búast má við úrkomu norðan- og norðvestantil. Hitinn verður mestur sunnantil, og vindur er mjög hægur um allt land. Á morgun má svo búast við sunnanáttum með hlýindum fyrir norðan, en á laugardag snýst staðan við, og norðanáttir bera með sér kalt loft norðanlands, og þá hlýnar nokkuð fyrir sunnan.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Vestlæg átt, 3-7 m/s, og bjart. Hiti 12-15 stig.

*um hádegi »*







HHæg breytileg átt




Norðanáttir, 5-10 m/s

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C skúrir | London | 17°C skúrir | Eindhoven | 20°C skúrir |
| Billund | 22°C hálfskýjað | París | 21°C skýjað | Basel | 22°C skúrir |
| Osló | 28°C skýjað | Frankfurt | 22°C skúrir | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 19°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 23°C skúrir | Róm | 29°C léttskýjað |
| Gautaborg | 20°C skýjað | Berlín | 23°C skúrir | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




## *Sumarleikurinn Brúðhjón Smáralindar 2007*

**Ætlið þið að láta pússa ykkur saman í sumar?**
Komið við í Smáralind, búið til gjafalista og skráið ykkur í brúðkaupsleik Smáralindar, þar sem brúðhjón Smáralindar 2007 verða valin. Heppnustu brúðhjón sumarsins fá veglegar gjafir fyrir rúmlega eina milljón króna.

**Vinningar:**
**Smáralind:** Brúðargjafakort Smáralindar að verðmæti 100.000 kr.
**Iceland Express:** Flug fyrir 2 til einhvers af áfangastöðum Iceland Express og hótelgisting í þrjár nætur að verðmæti 140.000 kr.
**Ormsson:** AEG þvottavél og þurrkari - íslenska parið að verðmæti 200.000 kr.
**Byggt og búið:** Kitchen Aid hrærivél að verðmæti 50.000 kr.
**Tous:** Kaffistell að verðmæti 13.000 kr.
**Líf og List:** Pottar frá Eva Solan að verðmæti 50.000 kr.
**Drangey:** Titan-ferðataska að verðmæti 20.000 kr.
**Hans Petersen:** Canon vídeótökuvél, MV930, 5 spólur og myndarammi að verðmæti 50.000 kr.
**Adesso:** Gjafabréf að verðmæti 20.000 kr.
**Hygea-snyrtistofa:** Lúxus meðferð fyrir brúðhjónin að verðmæti 30.000 kr.
**Body Shop:** Gjafakarfa fyrir brúðhjónin að verðmæti 15.000 kr.
**Smárabíó:** 10 miðar í lúxussalinn að verðmæti 20.000 kr.
**BT:** 42" Panasonic plasmaskjár og Panasonic upptökutæki m. 160 GB hörðum diski samtals að verðmæti 250.000 kr.
**Hagkaup:** BBQ 2300 master grill að verðmæti 50.000 kr.
**Jón og Óskar:** Tvö Delma úr að verðmæti 50.000 kr. samtals
**Síminn:** Tveir GSM símar að verðmæti 20.000 kr. hvor

**Hvernig gengur leikurinn fyrir sig?**
Þátttökuseðlar fást í þeim verslunum Smáralindar sem eru með í leiknum. Tilvonandi brúðhjón eða einhver þeim tengdur fyllir út seðla í þessum verslunum og í lok sumars verður þeim safnað saman og brúðhjón Smáralindar 2007 dregin út.

Iceland Express · Smáralind · Smárabíó · byggt og búið · HAGKAUP · Hans Petersen · Síminn · Líf & List · Drangey · BT · The Body Shop · ORMSSON · Jón & Óskar · TOUS




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28353

## KJÖRKASSINN



*Ættu framhaldsskólakennarar að fá hærri laun?*

| | |
|---|---|
| Já | 59% |
| Nei | 41% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér úrskurður siðanefndar Blaðamannafélags Íslands í Jónínumálinu sanngjarn?*

Segðu skoðun þína á Visir.is vísir

Rúm tíu prósent íbúa í Vogum mættu á íbúafund vegna álvers á Keilisnesi:

# Bæjarstjórnin ræði við Alcan

**STÓRIÐJA** Íbúafundur í Vogum á Vatnsleysuströnd samþykkti með miklum meirihluta atkvæða að veita bæjarstjórninni umboð til að ganga til viðræðna við Alcan um byggingu álvers á Keilisnesi.

„Það voru skiptar skoðanir en meirihlutinn var á því að við ættum að ræða við þá um uppbyggingu á Keilisnesi,“ segir Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Voga. Hann telur að um 140 manns hafi komið og um þrjátíu farið í pontu. Róbert býst við að ræða við Alcan á næstu dögum.

Í Hafnarfirði er annað hljóð í strokknum. „Við lítum svo á að málinu sé lokið og gerum ekki ráð fyrir að fjallað verði meira um þetta,“ segir Pétur Óskarsson, talsmaður Sólar í Straumi.



RÓBERT RAGNARSSON

Pétur hitti Lúðvík Geirsson, bæjarstjóra í Hafnarfirði, í gær og túlkar orð hans þannig að Lúðvík sé sömu skoðunar. „Bæjarstjórinn hefur sagt að þetta verði ekki tekið upp á kjörtímabilinu og við göngum út frá því að hann standi við það. Hins vegar sagði hann að ef Alcan kæmi með nýja tillögu þá gæti fjórðungur íbúa krafist að afstaða verði tekin til þess. En hann mun ekki taka það upp að eigin frumkvæði að gengið verði til kosninga.“

Fulltrúar Alcan funduðu með Lúðvík bæjarstjóra um þetta á þriðjudaginn. Í gær fóru þeir svo á fund iðnaðarráðherra og ræddu hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík eða tilfærslu þess til Voga eða Þorlákshafnar.

Einnig ræddu erindrekar Alcan við forsvarsmenn Landsvirkjunar í gær. Til umræðu var viljayfirlýsing fyrirtækjanna um raforkusölu Landsvirkjunar til Alcan. Sú yfirlýsing fellur úr gildi hinn 30. júní. - kóþ

Alcan gerir víðreist í leit sinni:

# Fundar með Ölfusingum

**ÖLFUS Forsvarsmenn Alcan funda í dag með bæjarstjóra Þorlákshafnar, Ólafi Áka Ragnarssyni.**

**Ræddar verða hugmyndir um að allt að 460 til 480 þúsunda tonna álver rísi í sveitarfélaginu.**

**Ólafur segir málið á frumstigi og hefur engar fastmótaðar hugmyndir um staðsetningu hugsanlegs álvers.**

**Ólafur segir að álverið yrði rekið með áður lofaðri orku af Þjórsár- og Hengilssvæðunum. Ekki séu fyrirhugaðar nýjar virkjanir í Ölfusi vegna þessa. „Við komum ekkert að því, við erum bara með landið,“ segir hann. - kóþ**










# Mikill uppgangur hjá Vísi á Þingeyri

**Uppbygging fiskvinnslu á Þingeyri hefur verið mikil að undanförnu. Starfsfólkið er bjartsýnt þrátt fyrir óvissu í sjávarútvegi. Framkvæmdastjóri segir umræðu stjórnmálamanna valda meiri áhyggjum en niðurskurður á þorskkvóta.**

**ATVINNUMÁL** Miklar endurbætur standa yfir á húsnæði Vísis hf. á Þingeyri og hugbúnaður og vinnslukerfi fyrirtækisins hafa verið endurnýjuð síðastliðin tvö ár. Mikil bjartsýni er á meðal starfsfólksins sem sér vart fram úr verkefnum. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir pólitískan óróleika í kringum sjávarútveginn að undanförnu valda meiri ólgu innan greinarinnar en fréttir af þorskstofninum.

Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis, segir að uppbyggingin á Þingeyri sé hluti af endurnýjun allra starfsstöðva fyrirtækisins. „Á Þingeyri erum við að laga húsnæðið að breyttum aðstæðum og nýjum framleiðsluháttum. Við stefndum að því að vinna þrjú til fjögur þúsund tonn fyrir vestan en svo bíða menn bara með krosslagða fingur eftir því sem gerist í júlí.“ Pétur segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um að hætta uppbyggingunni sem áformuð er á næstunni. „Ákvörðun um uppbyggingu var tekin áður en veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar barst. Við bíðum bara eftir stóra dómi eins og aðrir en við erum bundnir af samningum og iðnaðarmennirnir eru byrjaðir.“

Pétur segir að íslenskur sjávarútvegur hafi þurft að þola sveiflur í áratugi af mörgum ástæðum. Niðurskurður aflaheimilda núna falli einfaldlega undir það og við því sé hægt að bregðast. „Ef við vitum að við fáum aukninguna eftir fimm ár þá hægjum við á og bíðum rólegir. En það sem ruglar menn í greininni meira núna en nokkuð annað er pólitískur óstöðugleiki. Stjórnmálamenn eru farnir að gæla við það að ákveða hvar fiskvinnsla verður og hvar ekki auk þess að niðurskurðurinn skili sér ekki til baka. Þetta tal ruglar menn meira en niðurskurður, aflabrestur eða hvað annað. Ég man aldrei eftir svona dimmum tóni í reynslumiklum mönnum og það er komið til vegna pólitískrar umræðu frekar en vondra frétta af þorski.“

Arngrímur Friðgeirsson, verkstjóri hjá Vísi á Þingeyri, segir ríkja mikla bjartsýni meðal starfsfólksins, sem er rúmlega fimmtíu talsins. „Við trúum því að fréttir af niðurskurði hafi ekki neikvæð áhrif á fyrirtækið hérna. Við vinnum á vöktum, svo mikið hráefni berst okkur hingað.“ Arngrímur segir að Vísir sé burðarstólpinn á Þingeyri í atvinnulegu tilliti. „Hér er bullandi uppsveifla og við erum bjartsýn á framhaldið vegna þess að það hefur verið svo mikill kraftur í atvinnulífinu.“ svavar@frettabladid.is



**ÞINGEYRI VIÐ DÝRAFJÖRÐ** Mikil bjartsýni ríkir á Þingeyri og atvinnuástand er þar gott. Vísir hf. hefur staðið fyrir mikilli uppbyggingu fiskvinnslu í þorpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

> „Ég man aldrei eftir svona dimmum tóni í reynslumiklum mönnum og það er komið til vegna pólitískrar umræðu frekar en vondra frétta af þorski.“
>
> **PÉTUR H. PÁLSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI VÍSIS HF.

## ÞINGEYRI OG FYRIRTÆKIÐ VÍSIR HF.

- Vísir hf. er útgerðar-, framleiðslu- og sölufyrirtæki. Höfuðstöðvar Vísis eru í Grindavík.
- Fyrirtækið á og rekur fjórar starfsstöðvar í öllum landsfjórðungum, á Djúpavogi, í Grindavík, á Þingeyri og á Húsavík.
- Samtals vinna um 160 manns á þessum fjórum stöðum.
- Unnin eru 15.000 tonn af þorski, ýsu, keilu og löngu á hverju ári í húsunum og stefnt er að því að auka vinnsluna í 20.000 tonn.
- Á Þingeyri eru framleidd léttsöltuð lausfryst flök úr þorski. Ennig er unnin ýsa og er hún millilögð og lausfryst. Unnið er úr 3.000 tonnum árlega.
- Hjá Vísi á Þingeyri vinna rúmlega 50 manns.
- Þingeyri er þéttbýlisstaður í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ.
- Íbúar Þingeyrar og nærliggjandi svæða eru um 420 talsins.
- Bærinn stendur við Dýrafjörð.

Enn mikil spenna á Gaza eftir að Hamas-liðar tóku þar völdin:

# Abbas fordæmir Hamas

**GAZASTRÖNDIN, AP** Ísraelsher skaut flugskeytum á tvo eldflaugaskotpalla á Gaza í gær í fyrstu loftárásinni frá því að Hamas-samtökin lögðu undir sig Gaza í síðustu viku. Engar fréttir bárust af mannfalli eða meiðslum í árásinni sem var svar við eldflaugaárás á Ísrael.

Fyrr um daginn fóru ísraelskir skriðdrekar inn á Gaza og fjórir létu lífið í skothríð.

Margir íbúar Gaza-strandarinnar eru fullir ótta um að yfirtaka Hamas-samtakanna á Gaza muni hafa í för með sér aukið ofbeldi á svæðinu. Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, gagnrýndi Hamas harkalega í sjónvarpsávarpi til þjóðarinnar í gær. Sakaði hann samtökin um að vilja stofna eigin ríki á Gaza.

Hundruð Gaza-búa bíða við Erez-landamærastöðina að Ísrael eftir að verða hleypt í gegn. Varnarmálaráðherra Ísraels fyrirskipaði hernum í gær að hleypa í gegn þeim flóttamönnum sem þyrftu nauðsynlega á læknisaðstoð að halda. - sdg/aa



**Á FLÓTTA FRÁ GAZA** Fólk frá Úkraínu sem búsett var á Gaza var glatt í bragði er því var ekið inn í Ísrael í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hágæða sumarhúsgögn

## á frábæru verði

DÖNSK HÖNNUN ÚR TEKKI OG BURSTUÐU STÁLI



Stóll með efni

9.999 kr



Hægindastóll stillanlegur

34.999 kr



Stóll með tekki

11.999 kr

**BORÐ** 70X70 **16.999**
**BORÐ** 90X90 **24.999**
**BORÐ** 160X90 **49.999**
**BORÐ** 2000X100 **64.999**
**BORÐ** 150X150 **72.999**







Stóll stillanlegur

16.999 kr







Stóll stillanlegur

16.999 kr

**Borð** 70X70

16.999 kr

## *Snúrulaus garðverkfæri - þægilegt í garðinn*



4.990 kr

**Slátturorf** 18v
Hleðslutæki:230V/50Hz
Snúningshraði: 8100rpm
Sláttubreidd: 230mm
Þvermál á girni : 1.4mm
Batterí: 1.3Ah Ni-Mh eitt hleðslubatterí
Tenging:VDE
Hægt að lengja skaft
Þyngd: 16 kg
Hægt að fá auka batterí



3.990 kr

**Grasklippur** 18v
Hleðslutæki:230V/50Hz
Snúningshraði: 1600rpm
Breidd á blaði 100mm
Batterí:1.3Ah Ni-Mh eitt hleðslu batterí
Tengi: VDE
Þyngd: 7,5 kg
Hægt að fá auka batterí



4.990 kr

**Hekk-klippur** 18v
Straumur: 18V hleðslubatterí
Hleðslutæki:230V/50Hz
Snúningshraði: 1500rpm
Sláttulengd: 460mm
Stærð á blaði: 460mm ( Öryggisstopp )
Battery: 1.2Ah Ni-Mh eitt hleðslubatterí
Þyngd: 17 kg
Hægt að fá auka batterí

Gildir á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*


www.poulsen.is
Bílavarahlutir
Hjólalegur
Poulsen
partur af lífinu
Poulsen Skeifan 2
Sími: 530 5900 - www.poulsen.is






Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.

íslenskar garðplöntur




**MERKEL OG KACZYNSKI** Kaczynski-tvíburarnir, forseti og forsætisráðherra Póllands, telja að hagsmunum Póllands í ESB vegið. NORDICPHOTOS/AFP

# Pólverjar einangraðir í ESB

**Þýska stjórnin, sem nú fer fyrir Evrópusambandinu, vonar að á leiðtogafundi sem hefst í dag náist sátt um nýja sáttmálauppfærslu. Pólverjar eru þversum.**

**BRUSSEL, AP** Meginmarkmiðið á leiðtogafundi Evrópsambandsins, sem hefst í Brussel í dag, er að ná samkomulagi um að bjarga því sem bjargað verður af hinum strandaða stjórnarskrársáttmála sambandsins. Á þetta leggur þýska stjórnin ofuráherslu, en hún lýkur formennskumisseri sínu í ESB um mánaðamótin.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, bindur ekki síst vonir við að hinn nýi og athafnaþyrsti forseti Frakklands, Nicolas Sarkozy, muni reynast henni öflugur liðsauki í að ná þessu markmiði. Helsta hindrunin í vegi fyrir því að þetta gangi eftir er andstaða ráðamanna í Póllandi, sem gekk í sambandið fyrir þremur árum.

Pólska stjórnin hótar að beita neitunarvaldi gegn áformunum um nýjan og umfangsminni sáttmála í stað stjórnarskrársáttmálans. Pólski forsætisráðherrann, Jaroslaw Kaczynski, hefur gengið svo langt að segja að það væri „vert að deyja“ fyrir þá útgáfu af atkvæðavægiskerfi sem Pólverjar leggja til í staðinn fyrir hið svonefnda kerfi „tvöfalds meirihluta“ sem samið var um í stjórnarskrársáttmálanum og almenn sátt er um að verði komið í framkvæmd. Pólverjar telja að þeir eigi á hættu að tapa meira vægi í ESB-kerfinu en þeir geta sætt sig við. Ekkert annað aðildarríki hefur lýst stuðningi við pólsku tillöguna.

Djúpstæðir fyrirvarar Breta gegn vissum öðrum þáttum stjórnarskrársáttmálans sem aðrir vilja bjarga yfir í nýjan sáttmála geta líka sett strik í reikninginn. Þetta verður síðasti leiðtogafundurinn sem Tony Blair situr. Hann mun láta af embætti í næstu viku.

Merkel, Sarkozy og aðrir stuðningsmenn nýs sáttmála segja að nauðsynlegt sé að endurvekja kjarnaþætti stjórnarskrársáttmálans – sem strandaði þegar kjósendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu fullgildingu hans fyrir tveimur árum – til þess að Evrópusambandið geti beitt sér með skilvirkum hætti í alþjóðamálum.

Öll aðildarríkin 27 eru sammála um að einhverrar uppfærslu sé þörf á ákvarðanatöku- og stofnanakerfi sambandsins eftir að aðildarríkjum fjölgaði um tólf frá því síðasta slíka uppfærslan var ákveðin árið 2000. **audunn@frettabladid.**





Svaraðu spurningunni að neðan og þú getur unnið bíómiða á kvikmyndina Fantastic Four.

Hvað er hægt að safna mörgum leikföngum úr kvikmyndinni Fantastic Four á KFC?

Nafn: Heimilisfang:

Sími: Netfang:

Klipptu út miðann, skilaðu honum á KFC og freistaðu gæfunnar. Dregið vikulega í fjórar vikur! Niðurstöður eru birtar á www.kfc.is



Brunaslönguhjól



Margar stærðir og gerðir
Einnig í skápum

½", ¾", 1"

15-20-25-30-35-40-45-50
Mtr. slöngur

Allar gerðir eldvarnartækja
Þjónustum slökkvitæki

ELDVARNAMIÐSTÖÐIN
Ólafur Gíslason & Co. hf.
Sundaborg 7 - 104 Reykjavík - S. 568 4800

www.olafurgislason.is




# Fjölskylduhátíð
# við Esjurætur

**Komdu og njóttu útiverunnar með okkur á Esjunni – hlökkum til að sjá þig!**

**Hoppukastali, andlitsmálun, blöðrur, grillaðar pylsur, gos og margt fleira skemmtilegt!**

SPRON og Ferðafélag Íslands bjóða þér og fjölskyldunni að taka þátt í árlegum Esjudegi **laugardaginn 23. júní 2007**.

### Skemmtum okkur saman við Esjurætur

Frábær skemmtun í boði fyrir alla fjölskylduna.
Yfir daginn verða margvísleg atriði, m.a. Karíus og Baktus, Nylon, Jógvan, gönguferðir og Esjukapphlaup.

| | |
|---|---|
| 12:30 | Skráning í Esjukapphlaup til kl. 13:00. |
| 13:00 | Esjudagurinn settur. |
| 13:05 | Upphitun undir stjórn Hreyfingar. |
| 13:20 | Esjukapphlaupið ræst. |
| 13:25 | Ganga á Þverfellshorn í umsjón fararstjóra Ferðafélags Íslands. Gönguferð um skóginn á Mógilsá í umsjón Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Reykjavíkur. |
| 13:35 | Karíus og Baktus bregða á leik. |
| 14:00 | Jógvan tekur lög af nýja geisladiskinum sínum. |
| 14:30 | Nylon stígur á svið og tekur nokkur lög. |
| 15:00 | Verðlaunaafhending fyrir Esjukapphlaupið. |
| 15:10 | Dagskrá lýkur. |

Kynnar: Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Halldóra Geirharðsdóttir.

### Vertu með okkur á toppnum – á Jónsmessunótt

Um kvöldið verður sannkölluð Jónsmessustemmning.
Jónsmessuganga, söngur, glens og gaman.
Dagskránni lýkur svo með Jónsmessubrennu á toppi Esjunnar ef veður leyfir.

| | |
|---|---|
| 20:30 | Árni Björnsson þjóðháttafræðingur fjallar um hefðir á Jónsmessu. |
| 20:50 | Þjóðdansafélagið stígur á stokk. |
| 21:00 | Jónsmessu- og miðnæturganga á Esjuna í umsjón Ólafs Arnar Haraldssonar, forseta Ferðafélags Íslands. |
| 23:00 | Jónsmessubrenna á Esjutoppi ef veður leyfir. Sungið við undirleik Guðmundar Hallvarðssonar. |
| 00:15 | Haldið heim á leið. |

Esjan er algjör draumur
**– á Jónsmessunótt!**

FÍ

NÓI SÍRÍUS · MÓGILSÁ · ÚTILÍF · Skógræktarfélag Reykjavíkur

*75 ára* | spron

ARGUS 07-0424



**HÁRPRÚÐUR HUNDUR** Þátttakandi á hundasýningu í Zagreb, höfuðborg Króatíu, bíður afslappaður meðan eigandi hans undirbýr hann. NORDICPHOTOS/AFP

Árlegur alþjóðadagur flóttamanna var haldinn með dagskrá á Austurvelli í gær:

# Verja þarf rétt ríkisfangslausra

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindastofa Íslands hvetur stjórnvöld til að styðja við alþjóðlega sáttmála gegn ríkisfangsleysi. Tilkynning þess efnis var send út í gær, á alþjóðadegi flóttamanna.

Ísland er aðili að Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna, en er eina Norðurlandið sem hvorki hefur gerst aðili að samningi SÞ um ríkisfangsleysi né samningi um réttarstöðu ríkisfangslausra.

Alþjóðadagur flóttamanna er haldinn 20. júní árlega. Dagurinn er notaður til að vekja athygli á stöðu flóttamanna og allra þeirra sem þurfa að yfirgefa heimili sín vegna ofsókna eða ofbeldis.

Íslensk stjórnvöld hafa frá 1956 boðið 451 flóttamanni vernd í samvinnu við Flóttamannastofnun, Rauða krossinn og sveitarfélög landsins. 247 flóttamannanna hafa komið hingað eftir 1996.

Í haust verður tekið á móti hópi þrjátíu flóttamanna frá Kólumbíu, en þetta er í annað sinn sem stjórnvöld taka við flóttamönnum þaðan. - sgj



**DAGSKRÁ Á AUSTURVELLI** Gestir og gangandi skoðuðu uppruna íslenskra flóttamanna á heimskorti í tjaldi á Austurvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjölgun erlendra ríkisborgara:

# Útlendingar um sex prósent

**EFNAHAGSMÁL Tæplega tuttugu þúsund erlendir ríkisborgarar voru búsettir á Íslandi um síðustu áramót. Það eru um sex prósent af heildarfjölda landsmanna.**

**Í hópi erlendra ríkisborgara eru Pólverjar lang fjölmennastir, tæplega sex þúsund eða tæplega tvö prósent landsmanna, um þriðjungur af erlendum ríkisborgurum. Næst fjölmennastir aðfluttra voru Litháar sem voru um eitt þúsund. Heildarfjöldi aðfluttra frá Eystrasaltslöndunum var um 1.400 manns. Til samanburðar voru um 1.700 manns frá hinum Norðurlöndunum.** - aví

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tekinn á 159 km hraða

Lögreglan á Akureyri stöðvaði ökumann við Vindheima í Hörgárbyggð á 159 kílómetra hraða í gærmorgun. Ökumaðurinn gæti fengið 140 þúsund króna sekt og tveggja mánaða ökuleyfissviptingu.

## FRAKKLAND

### Gíslataka í banka

Sex manns voru teknir í gíslingu í bankaráni í frönsku borginni Rungis í gærmorgun. Gíslarnir sluppu ómeiddir nokkrum stundum síðar og gíslatökumennirnir tveir voru handteknir án þess að skoti væri hleypt af.

# Þingið krefst aga í rekstri ríkisstofnana

**Þriðjungur fjárlagaliða fór fram úr áætlun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Formaður fjárlaganefndar óskar skýringa og leggur áherslu á aga og festu í rekstri ríkisstofnana. Ýmsar skýringar kunna að liggja að baki framúrkeyrslu.**

**STJÓRNMÁL** Af rúmlega fjögur hundruð liðum á fjárlögum ríkisins fóru 135 framúr áætlun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Það er svipað hlutfall og á síðasta ári. Fjárlaganefnd hefur fjallað um málið og óskað skýringa.

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, segir ýmsar skýringar geta legið að baki framúrkeyrslunni og vill, að svo stöddu, ekki úrskurða ástandið óviðunandi. „Það geta verið ýmsar skýringar á að menn haldi sig ekki innan rammans. Hugsanlega eru einhverjar sveiflur í rekstrinum sem ekki var tekið tillit til í áætlanagerðinni. Það er þá eðlilegt. Hafi hins vegar orðið miklar breytingar á rekstri einstakra stofnana eða einstaka reiknilíkön eru röng er mikilvægt að fara yfir það strax,“ segir Gunnar.

Fyrstu þrír mánuðir árs gefa ekki endilega fyrirheit um ársrekstur enda geta útgjöld verið misjöfn eftir árstíma.

Ríkisrekstur fyrsta ársfjórðungs var kynntur fjárlaganefnd Alþingis fyrr í vikunni og á fundi nefndarinnar var ákveðið að óska eftir skýringum á framúrkeyrslunni. „Við biðjum fjármálaráðuneytið að óska eftir skýringum frá fagráðuneytum sem aftur byggja væntanlega sínar skýringar á svörum einstakra stofnana,“ segir Gunnar. Jafnframt óskaði nefndin eftir að hálfs árs uppgjör liggi fyrir sem fyrst svo sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir þegar vinna við fjáraukalög hefst.

Gunnar, sem varð formaður fjárlaganefndar eftir kosningarnar í vor, boðar aukið aðhald og eftirlit með ríkisrekstrinum. „Nýjum mönnum fylgja nýir siðir og ég legg ríka áherslu á aga og festu í rekstri ríkisstofnana,“ segir hann en kveðst jafnframt ekki ætla að fella dóm yfir fyrri fjárlaganefndum. Hins vegar hafi nefndin í gegnum tíðina varið miklum kröftum í fjárlagagerðina en minni í framkvæmd fjárlaga. „Ég vil að það verði annað meginhlutverk nefndarinnar að fylgjast með framkvæmdinni og legg mikið uppúr að hún sé með eðlilegum hætti.“

**bjorn@frettabladid.is**

### FJÁRLÖG

Í fjárlögum er gerð grein fyrir tekjum og gjöldum ríkisins. Með þeim veitir Alþingi stofnunum og ríkisfyrirtækjum heimild fyrir útgjöldum og fjárráðstöfunum. Í stjórnarskránni segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Fjárlög 2007 gera ráð fyrir tæplega 370 milljarða króna útgjöldum ríkisins.

### FJÁRAUKALÖG

Með fjáraukalögum er heimiluð viðbótarfjárveiting vegna útgjalda sem ekki var hægt að sjá fyrir þegar fjárlög voru samþykkt. Slíkar viðbótarfjárveitingar eiga að heyra til undantekninga. Fjáraukalög ársins 2006 námu 14 milljörðum króna.



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir upplýsingum um ástæður þess að einn af hverjum þremur fjárlagaliðum fór fram úr áætlun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Fjármálaráðuneytið aflar þeirra upplýsinga hjá fagráðuneytum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL






KRÓNAN fyrst og fremst...

...í sumar!





**ÞYRSTUR TÍGUR** Dýraþjálfarinn Lee Munro Bottle þarf að teygja sig upp og standa styrkur meðan hann gefur hvíta Bengal-tígrinum Óðni að drekka. NORDICPHOTOS/AFP

Kjalarnesprófastsdæmi:

## Níu sækja um Tjarnaprestakall

**ÞJÓÐKIRKJAN** Níu umsækjendur eru um embætti sóknarprests í Tjarnaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi sem auglýst var laust til umsóknar nýlega.

Umsækjendurnir eru Aðalsteinn Þorvaldsson cand. theol., séra Bára Friðriksdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir cand. theol., séra Carlos A. Ferrer, séra Elínborg Gísladóttir, séra Hans Markús Hafsteinsson, séra Sigfús Baldvin Ingvason, séra Skírnir Garðarsson og séra Þórhildur Ólafs.

Embættið veitist frá 1. september 2007. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í embættið til fimm ára að fenginni niðurstöðu valnefndar. Valnefnd skipa níu fulltrúar úr prestakallinu, auk prófasts Kjalarnesprófastsdæmis og vígslubiskups Skálholtsbiskupsdæmis. - shá

# Ekki verið rætt eitt einasta orð við mig

**Leggja á veg í gegnum garð eins íbúa á Selfossi og byggja á lóð hans samkvæmt nýju deiliskipulagi. Bæjaryfirvöld eru sögð hafa samið af sér.**

**SELFOSS** „Það hefur ekki verið rætt við mig eitt einasta orð um þetta,“ segir Árni Valdimarsson, sem býr í Sigtúnum á Selfossi.

„Ég sá það í sjónvarpinu eftir bæjarstjóranum að ég fengi mikinn byggingarrétt á lóðinni minni sem hlýtur að þýða að það eigi að rífa húsið. Einnig á að leggja veg í gegnum garðinn en ég kæri mig ekkert um það. En ég er sallarólegur. Svo vel þekki ég til laga að almannaheill verður að vera í húfi ef það á að taka lóðir eignarnámi,“ segir Árni. Honum hugnast ekki framkvæmdirnar og ætlar að „taka upp vopnin“ haldi bæjarstjórn fyrirætlununum til streitu.

Skipulags- og byggingarnefnd Árborgar hefur nú til umfjöllunar nýtt deiliskipulag fyrir miðbæ Selfoss. Að því loknu verður íbúum veitt tækifæri til að gera athugasemdir við það.

Elfa Dögg Þórðardóttir, formaður Miðbæjarfélagsins á Selfossi, óttast að athugasemdir íbúa verði lítils virði því samningur sem bærinn gerði við



**ÁRNI Í SIGTÚNUM** Samkvæmt nýju deiliskipulagi á að leggja veg þar sem Árni bendir með staf sínum. Hann segist hafa frétt þetta í sjónvarpinu. MYND/EGILL BJARNASON

byggingarfélagið Miðjuna sé bindandi og því erfitt að taka tillit til þeirra.

„Til að uppfylla samninginn þarf bærinn að láta mjög mikið af sínu eigin byggingarlandi til þeirra. Þarna á að rísa ellefu hæða turn og milli 250 til 300 íbúða blokkarhverfi á mjög litlu svæði,“ segir hún og bætir við að það sé „enginn hér á Selfossi að biðja um þessi hús, allavega ekki svona mikið byggingarmagn, nema verktakinn og bæjaryfirvöld.“

Eyþór Arnalds, oddviti sjálfstæðismanna, sem eru í minnihluta bæjarstjórnar, tekur í sama streng og segir margt athugavert við samninginn.

„Það er algengt í aðalskipulagi að binda hámarksnýtingarhlutfall, en að sveitarfélagið sjálft bindi hendur sínar með lágmarksnýtingarhlutfalli er mjög óvenjulegt. Þar með er búið að binda hendur þeirra sem hanna deiliskipulagið,“ segir hann.

Til að íbúar geti haft áhrif á byggingarmagnið þurfi því að rifta samningnum og endursemja eða kaupa byggingarréttinn aftur. Eyþór telur að samkvæmt „ítrustu túlkun“ gæti það kostað sveitarfélagið rúman milljarð króna. klemens@frettabladid.is

### VIÐBRÖGÐ BÆJARSTJÓRA

„Árni var boðaður á fund út af sínu húsi í upphafi ferilsins snemma í vor. Þá var honum gerð grein fyrir meginhugmyndunum, meðal annars að til stæði að leggja veg í gegnum lóðina. Hann kom þá athugasemdum sínum á framfæri. Árni á hins vegar húsið og byggingarréttinn og það rífur enginn húsið af honum. En til þess að leggja veginn þá er eignarnám ein af þeim leiðum sem til greina koma,“ segir Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri á Selfossi.

Ragnheiður undrast afstöðu formanns Miðbæjarfélagsins. „[Elfa Dögg] var í dómnefndinni sem valdi tillöguna samdóma. Einnig er hún í vinnuhópi sem hefur fundað tíu sinnum um þessa tillögu og hún hefur enga athugasemd gert nema á síðasta fundinum, þegar verið var að ganga frá tillögunni.“

Ragnheiður telur að milljarður sá sem Eyþór Arnalds nefnir sem kostnað við riftun samningsins sé langt fyrir ofan raunhæft markaðsverð. Hins vegar sé flókið að reikna út nákvæman kostnað við riftun samningsins.



**ODDVITARNIR** Þau Ragnheiður, Þorvaldur og Jón segja of skamman fyrirvara hafa verið á fundarboði og þau komist því ekki að sinni. MYND/EGILL BJARNASON

Meirihluti í Árborg:

## Mætir ekki á miðbæjarfund

**SELFOSS Oddvitar meirihluta Árborgar hyggjast ekki mæta á boðaðan fund Miðbæjarfélagsins um skipulag miðbæjarins á Hótel Selfossi í kvöld.**

**Þau Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri, Jón Hjartarson, forseti bæjarstjórnar, og Þorvaldur Guðmundsson, formaður bæjarráðs, segja að samráð hafi ekki verið haft við þau um fundinn né fundartíma. Þau hafa verið kynnt sem frummælendur á fundinum í auglýsingu Miðbæjarsamtakanna.**

**Einnig segja oddvitarnir það „óeðlilegt og ófaglegt“ að hönnuðir deiliskipulagstillögunnar hafi ekki verið fengnir til fundarins.**

**Oddvitarnir lýsa þó yfir vilja sínum til að funda um málefni miðbæjarins, fái þeir til þess betri fyrirvara. Miðbæjarfélagið á Selfossi lýsir á móti yfir undrun sinni með að oddvitarnir ætli ekki að mæta „vegna formsatriða“.**

**Bæjarstjóra og bæjarfulltrúum hafi öllum verið boðið til fundarins síðastliðinn mánudag. Í gær hafi svo arkitektum og hönnuðum skipulagsins verið boðið, ásamt fyrrverandi bæjarstjóra, Einari Njálssyni. Félagið hvetur að lokum bæjarstjóra og aðra oddvita meirihlutans til að mæta. Fundurinn hefst klukkan átta.** - kóþ





ÍSLENSKA SIA.IS/UTI 37748 06/07

deuter

*Aircontact pokarnir frá Deuter eru með stillanlegu baki, óviðjafnanlegu loftflæði, og innbyggðum regnpoka. Frábærir í lengri ferðir.*



**Millet Hiker 38 l**
*Frábær dagpoki.*
*Innbyggð regnvörn.*
**Verð 12.990 kr.**
*Hiker 28 l verð: 10.990 kr.*
*Hiker 22 l verð: 9.990 kr.*



**Deuter Futura 32 AC**
*Futura línan, sú mest selda í Evrópu!*
*Dagpoki ársins í Outdoor tímaritinu 2004 og 2006.*
*Regnvörn, Aircomfort burðarkerfi, 32 lítrar.*
**Verð 10.990 kr.**
*Futura 22 l.: 8.990 kr.*
*Futura 28 l.: 8.990 kr.*
*Futura 38 l.: 12.990 kr.*



**Deuter Aircontact 50+10 SL**
*Dömupoki í Aircontactlínunni frá Deuter.*
*Sérhannaður fyrir konur.*
**Verð 21.990 kr.**

Stórtækur kaupandi á flugsýningunni í París:

# Tveggja hæða risaþota keypt til einkanota

**FRAKKLAND** Ónafngreindur einkaaðili hefur á alþjóðlegu flugsýningunni í París lagt fram pöntun á Airbus A380-risaþotu, til notkunar sem einkaþotu.

Að því er greint er frá á fréttavef BBC segja talsmenn Airbus að kaupandinn, sem sé hvorki frá Evrópu né Bandaríkjunum, myndi nota vélina „til persónulegra nota fyrir sig og fylgdarlið sitt“.

A380-þotan er á tveimur hæðum, með nýtanlegt rými upp á 900 fermetra og kostar sem svarar um 19 milljörðum króna. Sérþjálfaða flugmenn þarf til að fljúga vélinni og hún getur ekki lent nema á sumum flugvöllum. - aa



**AIRBUS A380** Rúmar allt að 840 manns.

Piltur með þroskafrávik braut gegn frænku sinni:

# Sautján ára á skilorð fyrir brot gegn barni

**DÓMSMÁL** Sautján ára piltur hefur í Héraðsdómi Reykjaness verið dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stúlku sem þá var þriggja ára gömul.

Pilturinn neitaði sök en var sakfelldur fyrir að hafa í fyrrasumar nuddað kynfæri þriggja ára systurdóttur sinnar utanklæða á heimili hennar. Hann var ákærður fyrir að hafa káfað á stúlkunni innanklæða og fróað sér að henni ásjáandi en var sýknaður á grundvelli staðfastrar neitunar sinnar og reikuls framburðar stúlkunnar.

Þá var hann sýknaður af því að hafa nuddað og sleikt kynfæri og rass fjögurra ára stúlku sumarið 2005. Ekki þótti sannað að hann hefði gerst sekur um athæfið þar sem stúlkan sagði við eina yfirheyrsluna að henni hefði tekist að færa sig frá piltinum þegar hann reyndi að snerta hana og sleikja.

Í dómnum kemur fram að brot hans hafi haft talsverð áhrif á systurdóttur hans. Hún hafi sýnt óeðlilega kynferðislega hegðun í kjölfarið, gréti við minnsta áreiti, og vildi helst ekki fara að sofa, allra síst í eigin rúmi.

Við ákvörðun refsingar var litið til ungs aldurs piltsins, auk þess sem læknir sagði piltinn „með þroskafrávik og ekki ganga heill til skógar.“ Þá myndi fangelsisvist hafa á hann slæm áhrif. - sh







25%
afsláttur
af öllum hjólum!
HELGAR
gildir fimmtudag, föstudag, laugardag & sunnudag!
20%
afsláttur
af öllum húsgögnum!


30%
afsláttur
af öllum sumar-
blómum og
sumarplöntum!
40%
afsláttur
af öllum uppblásnum
buslulaugum, húsum
og bátum!
RBOMBA
20%
afsláttur
af öllum grillum!
BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

## „ORÐRÉTT“

### Lystugar skepnur

**„Þeir fara út að skoða hvalina og svo blæs hvalurinn framan í þá og þá koma þeir gráðugir til mín að borða.“**

KJARTAN HALLDÓRSSON SÆGREIFI BÝÐUR FERÐAMÖNNUM UPP Á HREFNUKJÖT.

Fréttablaðið 20. júní.

### Hámenning

**Því miður er sá misskilningur útbreiddur að póker sé fjárhættuspil á lágu plani í ætt við spilakassa, bingó og rúllettu...“**

GEORG LÚÐVÍKSSON OG GEORG HARALDSSON SEGJA AÐ PÓKER SÉ EINS OG LÍFIÐ.

Morgunblaðið 20. júní.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR SAFNSTJÓRI

## *Von á fyrsta barnabarninu í sumar*



„Það er allt gott að frétta hjá mér og nóg að gera,“ segir Guðrún María Kristinsdóttir, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri. „Sumarsýning safnsins var nýlega opnuð en þar eru sýndar nokkrar af helstu gersemum safnsins. Þessir munir eru teknir fram úr geymslum minjasafnsins og flestum var þeim safnað á fyrstu árum safnsins í kringum 1950 og 1960,“ segir Guðrún en þess er minnst um þessar mundir að 45 ár eru liðin frá stofnun safnsins.

Í sumar verða ýmsir viðburðir í gangi á vegum safnsins og því hefur verið mikið að gera hjá Guðrúnu í undirbúningsvinnu. „Við verðum til dæmis með reglulega tónleika í minjasafnskirkjunni í sumar þar sem íslensk tónlistarsaga er rakin. Gönguferðir með leiðsögn eru tíðar og nú á fimmtudaginn bjóðum við upp á göngu í Hrísey undir leiðsögn Þorsteins Þorsteinssonar sem er manna fróðastur um sögu eyjarinnar,“ segir Guðrún og telur upp ýmsa aðra viðburði svo sem miðaldadaga á Gásum sem haldnir verða í júlí.

Þótt sumarið sé annasamur tími á minjasafninu ætlar Guðrún að gefa sér tíma til að fara í sumarfrí. „Ég fer til Kaupmannahafnar og ætla að heilsa þar upp á fyrsta barnabarnið mitt sem á að koma í heiminn í júlí,“ segir Guðrún sem ætlar að eyða megninu af fríinu með barnabarninu í Danmörku. „Öll fjölskyldan fer til Kaupmannahafnar og við ætlum að hafa það gott þar. Við stefnum líka á að ferðast eitthvað innanlands. Við erum nýlega komin á fjórhjóladrifsbíl og höfum því möguleika á að heimsækja ýmsa staði sem við höfum ekki heimsótt áður,“ segir Guðrún.

## HEIÐMÖRK:

### DREGUR NAFN SITT AF HEIÐMÖRK Í NOREGI



Heiðmörk varð að friðlandi Reykvíkinga árið 1950 og dregur nafn af Heiðmörk í Noregi. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri stakk fyrst upp á útivistarsvæði þar. Stærð friðlandsins er 2.500 hektarar. Frá upphafi hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur haft umsjón með svæðinu. Heiðmerkursvæðið er vatnsverndarsvæði, enda eru þar Gvendarbrunnar, vatnsból Reykvíkinga. Í Heiðmörk er gott berjaland og uppskera á sveppa hefur margfaldast með tilkomu skógarins.

## SJÓNARHÓLL

ÁTÖKIN Í PALESTÍNU

### *Skilur ekkert í ástandinu*



**ERPUR EYVINDARSON** Tónlistarmaður

„Ég skil ekkert í þessu. Menn fóru til Palestínu og drápu fólk því það var ekkert lýðræði til staðar. Svo fóru fram lýðræðislegar kosningar og þeir unnu sem fólkið vildi að myndu vinna en þá eru Vesturlöndin ekki sátt við niðurstöðurnar og byrja að beita þvingunum“ segir Erpur Eyvindarson tónlistarmaður.

„Hamas eru eins og þeir eru en þeir spiluðu algjörlega eftir leikreglum lýðræðisins. Af því að þeir eru ekki sammála Bandaríkjamönnum og Ísraelum þá voru settar viðskiptaþvinganir. Formenn allra flokkanna á Alþingi voru sammála um að taka upp stjórnmálasamband við þjóðkjörna stjórn Palestínu eins og Noregur gerði. Nema formaður Sjálfstæðisflokksins. Það var hins vegar einn sjálfstæðismaður sem vildi skilyrðislaust taka upp stjórnmálasamband við Palestínumenn. Það var Árni Johnsen. Þetta er sennilega í fyrsta og eina skiptið sem við Árni erum sammála um eitthvað.“

# Víkingar opna alþjóðaleika í kvöld

**Alþjóðaleikar ungmenna hefjast í kvöld með glæsilegri setningarhátíð sem verður í samvinnu við Vinnuskóla Reykjavíkur. Íslenskir víkingar verða þema hátíðarinnar og munu 64 slíkir ganga fremstir í flokki, einn fyrir hverja borg sem á fulltrúa á leikunum, en ungmennin koma frá 35 löndum.**



**SAUMAKONUR OG FLOKKSTJÓRI** Sigríður, Assa, Ragnar, Elka og Eydís í víkingabúningum. FRETTABLAÐIÐ/RÓSA

Í saumastofu Laugarnesskóla voru krakkar frá Vinnuskóla Reykjavíkur í óðaönn í gær að sauma víkingabúninga fyrir opnunarhátíð alþjóðaleika ungmenna sem sett verður í kvöld í Laugardalnum. Að sögn Ragnars Vignis, flokksstjóra Vinnuskólans, hafa stúlkurnar verið í rúma viku við saumaskapinn og staðið sig frábærlega.

Áður en setningarathöfnin hefst í kvöld mun Vinnuskóli Reykjavíkur halda sína árlegu sumarhátíð þar sem um 2.500 ungmenni munu meðal annars reyna að slá Íslandsmet í hópdansi. Seinni part dagsins munu nemendur Vinnuskólans svo ganga fylktu liði, í lögreglufylgd, sem leið liggur í Laugardalinn. Á leiðinni munu 1500 keppendur Alþjóðaleikanna bætast í hópinn og verða það því um fjögur þúsund ungmenni sem ganga inn Laugardalinn við upphaf leikanna.

Alþjóðaleikarnir verða settir formlega klukkan fimm í dag á Laugardalsvelli. Allur undirbúningur leikanna hefur gengið mjög vel að sögn Guðna Bergssonar, framkvæmdastjóra undirbúningsnefndar, en undirbúningur hófst fyrir tveimur árum þegar ákveðið var að Reykjavík skyldi halda leikana árið 2007. Keppendur koma frá 35 löndum og er keppnin viðurkennd af Alþjóða ólympíunefndinni. Keppnin sjálf hefst á morgun og stendur fram á sunnudag. Aðgangur er ókeypis á alla viðburði leikanna.

**andriv@frettabladid.is**



**UNDIRBÚNINGUR Á LOKASTIGI** Guðni Bergsson, formaður undirbúningsnefndar, og Anna M. Marinósdóttir framkvæmdastjóri með hópi keppenda frá Slóvakíu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**AÐ SAUMA** Íris Einarsdóttir var eins og fagmanneskja á saumavélinni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**HRESSAR STÚLKUR** Stelpur úr Vinnuskólanum í óðaönn að þræða teygjur í víkingabuxur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




**FÓTBOLTI** Strákar frá Chesterfield í Bandaríkjunum á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hitavörður




» Stendur vörð um innra hitastig kjötsins.
Margreyndur í að ráða við erfiðar aðstæður og þjálfaður í að bregðast skjótt við ef upp úr sýður.
Hefur um árabil átt gott samstarf með nautakjöti, lambi og svínakjöti svo fátt eitt sé nefnt.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


„Gleraugun mín
eru á leiðinni!“
LOKAÐ
... á ferðinni fyrir þig
Traustir landflutningar eru forsenda þess að lyf og heilsuvörur berist þeim sem á þurfa að halda hvar sem þeir eru á landinu hvern einasta dag. Flutningabílarnir eru lífæð einstaklinga um allt land. Við erum á ferðinni fyrir þig.
SVP
FLUTNINGASVIÐ
BROTHÆTT
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 07-0224

## Svona erum við

> Hlutfall heimila landsins með fjögur sjónvörp eða fleiri




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: FÓSTURPRÓF

# *Getur leitt í ljós alvarlega fæðingargalla*

Fósturpróf á meðgöngu hafa verið mikið í umræðunni að undanförnu. Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að undanfarin sjö ár hafi um fjörutíu konum verið boðið að ljúka meðgöngu þegar snemmómskoðun sýndi Downs-heilkenni hjá fóstri. Einungis tvær völdu að halda meðgöngunni áfram.

**Hvað er fósturpróf?**
Nokkrar leiðir eru til að framkvæma fósturpróf á óléttri konu til að leita að fæðingargöllum hjá fóstri. Nú fara um sjötíu prósent kvenna í svokallaða snemmómskoðun eða snemmskimun, sem framkvæmd er á 11.-13. viku meðgöngu og kostar 6.600 kr.

Fyrir um sjö árum tíðkuðust helst legvatnsástungur hjá konum yfir 35 ára aldri. Þær valda hins vegar fósturláti í einu prósent tilvika og því hefur þeim að langmestu leyti verið skipt út fyrir snemmómskoðunina.

**Hvað getur fósturpróf leitt í ljós?**
Svokölluð hnakkaþykktarmæling, auk annarra athugana, getur leitt í ljós líkindi á fráviki hjá fóstri. Ef líkurnar á fráviki eru miklar er barnshafandi boðið upp á nákvæmari greiningu með legvatnsástungu.

Sé fullvíst að um fæðingargalla sé að ræða hefur konan val um að ganga með barnið eða rjúfa meðgöngu með fóstureyðingu.



**Hvaða fæðingargallar geta komið í ljós?**
Í sumum tilvikum er um alvarlega fæðingargalla að ræða, sem munu nær örugglega draga barn eða móður til dauða. Í flestum tilvikum eru þó gallarnir smávægilegir og vel hægt að lifa með þeim. Mest er deilt um Downs-heilkenni, sem sumir telja alvarlega fötlun, en aðrir smávægilegt frávik sem auki litróf mannflórunnar.

## SPURT & SVARAÐ
FLÓTTAMENN



ATLI VIÐAR THORSTENSEN
Verkefnisstjóri hjá Rauða krossi Íslands.

### *Þurfa að hafa flúið land*

Flóttamönnum í heiminum hefur fjölgað. Tíu milljónir manna eru skilgreindar sem flóttamenn og fjórtán milljónir ef Palestínumenn eru taldir með. Atli Viðar Thorstensen er verkefnisstjóri í málefnum flóttamanna hjá Rauða krossi Íslands.

**Hvernig er flóttamaður skilgreindur?**
Samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna er alger frumkrafa að hann hafi yfirgefið það land sem hann er ofsóttur í. Hann þarf líka að hafa ríka ástæðu til að óttast að verða ofsóttur eða hafa verið ofsóttur, til dæmis á grundvelli stjórnmálaskoðana, kynhneigðar eða trúarbragða.

**Hvers vegna eru Palestínumenn ekki skilgreindir sem flóttamenn?**
Það er vegna þess að þeir njóta verndar UNRWA sem er stofnun innan SÞ. Hún var sett á stofn árið 1949 í þeim tilgangi að vernda Palestínumenn sem hröktust á flótta þegar Ísraelsríki var stofnað. Tekið er fram í flóttamannasamningnum að sá sem nýtur verndar stofnana Sameinuðu þjóðanna sé ekki flóttamaður.

# Hörmungar fjarri augum heimsins

**Fleiri en tvö hundruð þúsund manns hafa farist og milljónir eru á flótta. Þrátt fyrir neyðina hefur alþjóðasamfélagið brugðist við hörmungunum í Darfur-héraði í Súdan með hálfkæringi og seinagangi. Amnesty International hefur opnað heimasíðuna www.eyesondarfur.org til að kynna heiminum málið.**



**BARN Á FLÓTTA** Súdanskur drengur bíður eftir læknisaðstoð á spítala Rauða hálfmánans í borginni Nyala í Darfur-héraði. Hann er einn af milljónum flóttamanna í Súdan.
NORDICPHOTOS/AFP

Snemma morguns 25. apríl árið 2003 réðust uppreisnarmenn Frelsishers Darfur á súdanska flugstöð í norðurhluta Darfur, eyðilögðu stríðstól og rændu vopnabúr. Frelsisherinn krafðist umbóta í Darfur, sjálfsstjórnar handa héraðinu og að vera viðurkenndur sem stjórnmálaafl.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar voru að skipa vígahópa til höfuðs uppreisnarmönnunum, sem kallaðir eru Janjawid. Átök þeirra og stjórnarhersins við Frelsisherinn og aðra uppreisnarhópa hafa hrjáð Darfur hérað í þau rúmu fjögur ár sem liðin eru frá árásinni á flugstöðina.

**Grimmur vígahópur araba**
Janjawid-vígahóparnir er skipaðir aröbum úr ættbálkum Baggara. Hóparnir hafa farið um Darfur með eldi og brennisteini, eyðilagt brunna, akra og guðshús og tortímt lífsnauðsynjum íbúa héraðsins.

Ríkisstjórn Súdans viðurkennir ekki að hún styrki Janjawid-hópana, þó ljóst liggi fyrir að hún hafi ljáð þeim fjármuni og aðstoð og tekið þátt í skipulögðum árásum þeirra á ættbálka héraðsins.

**Hártoganir um þjóðarmorð**
Mikið hefur verið deilt um hvort flokka megi stríðsglæpi Janjawid og stjórnarhersins sem þjóðarmorð. Þó að svertingjar og ættbálkar þeirra hafi helst þurft að sæta harðræði, segja Sameinuðu þjóðirnar að aðgerðir stjórnvalda beinist ekki sérstaklega gegn svarta kynþættinum. Sumir vígamannanna hafi það þó kannski á dagskránni að drepa blökkumenn.

Stríð stjórnarhersins og Janjawid gegn vopnuðum vígahópum er ekki eina vandamálið sem steðjar að héraðinu. Fjögurra ára stríðsátök hafa boðið upp á gróðatækifæri. Menn hafa hrifsað til sín eignir stríðhrjáðra bænda, rænt neyðarbirgðum og farartækjum og kúgað fé út úr íbúum héraðsins.

**Eilífðarvél stríðsins**
Uppreisn Frelsishersins og heiftarleg viðbrögð ríkisstjórnarinnar við henni hafa valdið gríðarlegum hörmungum í héraðinu. Yfir 200 þúsund hafa farist. Tvær og hálf milljón manna hafast við í flóttamannabúðum í landinu og 200 þúsund til viðbótar hafa flúið til nágrannaríkisins Tsjad.

Flóttamannabúðirnar eru yfirfullar og undirmannaðar. Starfsmenn mannúðarsamtaka leggja sig í mikla hættu með veru sinni þar og engri stofnun er treyst til að halda uppi vörnum, lögum og reglu í búðunum.

**„Svartar konur eiga engan Guð"**
Fyrir ári fóru sjö konur frá bænum Kalma út úr flóttamannabúðunum sem þær dvöldust í til að safna eldiviði. Liðsmenn Janjawid réðust á þær, börðu þær og skiptust á að nauðga þeim. Þegar þeir höfðu lokið sér af rifu þeir konurnar úr öllum fötunum og hlógu að þeim þegar þær hlupu naktar burt. Ein þeirra var ófrísk þegar árásin átti sér stað.

Vígamenn Janjawid hafa beitt nauðgunum óspart sem vopni gegn konum. Í Súdan eru konur taldar óhreinar hafi þeim verið nauðgað og gerðar brottrækar úr samfélaginu. Stundum er þeim nauðgað á fjölförnum stöðum til að auka niðurlæginguna.

Ein af flóttakonunum sagði fulltrúum Amnesty International frá því þegar Janjawid rændu henni og fleiri konum úr þorpinu hennar í vesturhluta Darfur.

„Á daginn börðu þeir okkur og hrópuðu: „Við munum útrýma ykkur, svörtu konunum. Þið eigið engan Guð." Á næturnar var okkur nauðgað aftur og aftur."

**Hæg viðbrögð alþjóðasamfélagsins**
Colin Powell, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í september 2004 að hann teldi að stjórnarherinn og Janjawid fremdu þjóðarmorð í Darfur. Þrátt fyrir yfirlýsinguna breyttist stefna Bandaríkjanna í samskiptum ríkjanna ekkert.

Hinn 31. ágúst í fyrra ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að senda 17.300 manna friðargæslulið til Darfur. Ríkisstjórn Súdans mótmælti þessu og skipaði herliði Afríkubandalagsins, sem hefur haft viðveru í héraðinu síðan 2004, að yfirgefa svæðið.

Ríkisstjórnin hefur ekki leyft friðargæsluliði SÞ að grípa inn í átökin og nýtur þar stuðnings Kínverja, sem hafa mikil ítök í öryggisráðinu.

Í maí síðastliðnum lýsti George Bush Bandaríkjaforseti yfir efnahagsþvingunum gegn Súdan fyrir að hafa ekki afvopnað vígahópana og andstöðu yfirvalda við friðargæslulið SÞ.

Utanríkisráðherra Frakklands, Bernard Kouchner, einn stofnenda Lækna án landamæra, heimsótti Súdan á dögunum til að ræða mögulega aðkomu Frakka að friðarumleitunum.

Vonir eru bundnar við að hægt verði að þvinga ríkisstjórn Súdans til að stöðva blóðbaðið.

## STJÖRNURNAR LÁTA TIL SÍN TAKA

Leikarinn geðþekki George Clooney er mikill talsmaður friðarstarfs í Darfur. Hann dvaldi í tíu daga í Tsjad og Súdan með föður sínum í apríl 2006 til að gera heimildarmynd um aðstæður flóttamanna frá Darfur.

Í september ávarpaði Clooney öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ásamt Nóbelsverðlaunahafanum Elie Wiesel og hvatti til aðgerða.

Þremur mánuðum seinna fór hann til Kína og Egyptalands ásamt leikaranum Don Cheadle og nokkrum Ólympíuverðlaunahöfum og bað þjóðarleiðtoga um að þrýsta á ríkisstjórn Súdan. Kínversk stjórnvöld hafa staðið gegn komu friðargæsluliðs SÞ til Darfur, en vonir eru bundnar við að Kínverjar breyti afstöðu sinni.

Clooney og Cheadle, ásamt félögum sínum Brad Pitt, Matt Damon og framleiðandanum Jerry Weintraub, eru stofnendur Not On Our Watch samtakanna. Markmið samtakanna er að hindra hörmungar á borð við Darfur-átökin með þrýstingi frá listamönnum, aðgerðarsinnum og menningarsprautum. Samtökin safna nú fjármagni til að styðja við hjálparstofnanir sem starfa í Darfur.

Heimasíða samtakanna er á www.notonourwatchproject.org.





FRÉTTASKÝRING
STEINDÓR GRÉTAR JÓNSSON.
steindor@frettabladid.is

VIÐ HEIMTUM ÓDÝRA FARSÍMA
NOKIA 6021
ÓDÝRASTI BLUETOOTH SÍMINN

Kr. 8.990,-
GERÐU VERÐSAMANBURÐ
Farsímalagerinn.is


KAUPÞING
Síminn
SETNINGARHÁTÍÐ
Í DAG
Á LAUGARDALSVELLI KL. 17–18.30
Verið hjartanlega velkomin á glæsilega setningarhátíð ALÞJÓÐALEIKA UNGMENNA á Laugardalsvelli í dag kl. 17-18.30. Aðgangur er ókeypis og er öll fjölskyldan velkomin á frábæra skemmtun.
ALÞJÓÐALEIKAR UNGMENNA
Alþjóðaleikarnir er fjölmennasti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi. Keppt verður alla helgina í frjálsum íþróttum, sundi, knattspyrnu, handbolta, júdó, badminton og golfi. Leikarnir fara að mestu fram í Laugardalnum og eru áhorfendur velkomnir. Aðgangur ókeypis.
Alþjóðaleikar ungmenna
Reykjavík 2007

**Frábært** verð

**6.999**
~~8.590~~



**Fjölskyldutjald**
4 manna, einnig til 6 manna á 9.999
5869206

OUTBACK
Gæða grill á góðu verði

**17.999**
~~23.999~~



**Gasgrill, Outback**
Excel 200, tvöfaldur brennari neistakveikja, m/hitagrind, non stick grillflötur, grillsvæði 50x38cm, 6.2kW, grillsteinar slanga og þrýstijafnari fylgir
3000233

# Sprengivika



**4.899**

**Hekkklippur**
IKRA, rafmagns, 550W, 60 sm blað, klippir 18 mm
5083540



**Grasklippur, HiPoint** **999**
5084675
~~1.295~~




**4.499**
~~7.990~~

**Útimálning**
Penta, 10 ltr.
7207040

**Allt fyrir** garðvinnuna



**Hekkklippur, Texas**
Tvígengismótor, 22,6 CC, 60 sm blað, klippir 25 mm
50083584

**13.999**
~~16.995~~

Sama **lága** verðið um land allt






18.999
~~26.900~~

26"
**Impulse**
21 gíra **Shimano** skipting, **Heavy Duty** álstell,
**Artek V** bremsur, álgjarðir, demparar að framan
3899973

# í Húsasmiðjunni
## fram á sunnudag



5.999

**Rafmagnsorf, Gardena**
420W, 25 sm sláttubreidd
5087514



**Garðbekkur**
124x57x75 sm
3899066
3.999




3.699
~~5.999~~

**Úðabrúsi, Pulsar**
5 ltr.
5087351



**Sláttuvél, Texas**
Bensínmótor 3,5 HP BS, safnari,
sláttubreidd 41 sm.
5085231
26.999



5.999
~~9.990~~

**Tjaldborð og bekkir**
Níðsterkt, pakkast saman
3899360



**Kælibox**
T35 AC/DC,
12/230V, 35 ltr
3899290
9.999
~~13.599~~

**Kælibox**
T45 AC/DC,
12/230V, 45 ltr
3899299

11.999
~~15.990~~

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**Útgjöldin**
> Kílóverð af agúrkum í febrúar hvers árs




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SNÆFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR BÆJARSTJÓRI

## *Nærfötin enduðu í ruslinu*

„Bestu kaup sem ég hef gert um ævina gerði ég þegar ég var rétt rúmlega tvítug,“ segir Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð. Svanfríður var stödd í Lúxemborg þegar hún sá skó sem hún kolféll fyrir og varð að kaupa.

„Þetta voru rándýrir en ofsalega fallegir bandaskór. Þeir voru gulir, rauðir og bláir og mér fannst ég rosa flott í þeim,“ segir Svanfríður og bætir því við að hún hafi notað skóna árum saman og þeir hafi alltaf verið jafn fallegir. „Ég hugsa að ég myndi falla fyrir þessum skóm aftur í dag ef ég sæi þá í búð,“ segir Svanfríður en skórnir góðu eru nú fyrir löngu orðnir ónýtir og úr sér gengnir.



Svanfríður kveðst yfirleitt vera skynsöm í fatakaupum en viðurkennir að hún hafi gert skyssur af og til.

„Fyrir nokkrum árum síðan fór ég til New York og keypti mér nærföt í Victoria´s Secret. Þetta voru nokkrir brjóstahaldarar og nokkrar g-strengsnærbuxur sem mér fannst ég endilega verða að kaupa,“ segir Svanfríður sem lét nærfötin hverfa þegar hún sneri heim í veruleikann. „Þegar heim var komið skildi ég ekkert í þessari konu sem hafði keypt þessi nærföt. Þau enduðu í ruslinu sem er auðvitað hálfgerð synd því þau kostuðu sitt,“ segir Svanfríður.

## HÚSRÁÐ
### GÓÐIR SAMLEIGJENDUR

■ *Erlu Ósk Ásgeirsdóttur finnst mikilvægt að hafa góða samleigjendur.*



„Ég leigði einu sinni með kokki, tónlistarmanni og starfsmanni hjá veisluþjónustu,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar. „Ég myndi mæla með því við hvern sem er. Það kom sér mjög vel á heimilinu að hafa kokkanema sem eldaði öll kvöld. Tónlistarmaðurinn stytti manni alveg stundir, en var kannski ekki alveg jafn gagnlegur og kokkurinn. Veisluþjónustustarfsmaðurinn var mjög viljugur, en skilaði kannski ekki jafn miklu. Það féll reyndar alltaf í minn hlut að vaska upp, sem var ekkert svo skemmtilegt, en ég þurfti allavega ekki að elda.“

■**Flugbókun**

## Eitt lítið ráð þegar bókað er á netinu

Þegar bókað er með Icelandair á netinu og langt er komið í bókunarferlinu eru sætin tekin frá í tvær klukkustundir. Ef ekki er lokið við að bóka farið, til dæmis þegar það þarf að leita fleiri upplýsinga, er því ekki ráðlagt að loka þeim glugga. Með því er búið að gera sætin óaðgengileg í tvær klukkustundir og far í þeim verðflokki kannski uppurið. Hjá Iceland Express haldast sætin frátekin í tíu til tuttugu mínútur. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna.

■ **Bílatryggingar**

## Umbun fyrir að fá ekki punkta

Ökutækjaeigendur sem ekki fá punkt í ökuferilskrá sína í tólf mánuði fá nú afslátt af bílatryggingum hjá tryggingafélaginu Elísabetu. Með þessu vill Elísabet umbuna ökumönnum sem ekki sýna áhættuhegðun í umferðinni og eru þar af leiðandi ólíklegri til að valda tjónum. Viðskiptavinir þurfa að skila yfirliti yfir punktastöðu sína til Elísabetar en stöðuna fá þeir á umdæmisskrifstofum lögreglunnar. Elísabet geymir síðan punktastöðuna í tólf mánuði og fjölgi punktunum ekki fær tryggingatakinn frían mánuð.



# Hvað kostar að tjalda?

**Fjögurra manna fjölskylda getur tjaldað frítt á tjaldsvæðinu á Reyðarfirði, borgað 500 krónur fyrir nóttina í Tungudal meðan hún kostar 1.600 krónur á Akureyri og í Reykjavík. Fréttablaðið skoðaði verð og þjónustu á níu vinsælum tjaldsvæðum.**



**DÝRT AÐ TJALDA** Víðast hvar er gjaldið fyrir nóttina það sama hvort sem um er að ræða lítið kúlutjald eða stærðar tjaldvagn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verðskrár tjaldsvæðanna eru æði misjafnar. Sums staðar er tekið gjald fyrir hvern gest en annarsstaðar þarf einungis að greiða fast gjald fyrir hvert tjald óháð því hve margir sofa í því. Þrír fullorðnir geta þannig gist í tjaldi í Tungudal í þrjár nætur og borgað fyrir það samtals 1.500 krónur meðan sambærileg gisting í tjaldi í Skaftafelli og Ásbyrgi í þrjár nætur kostar 6.750 krónur.

Þá er einnig misjafnt hvort gerður er greinarmunur á tjaldi eða eftirvagni á borð við fellihýsi, tjaldvagn eða húsbíl og aðeins á tveimur stöðum (í Tungudal og Blönduósi) af þeim níu sem Fréttablaðið kannaði var ódýrara að gista í tjaldi.

Víðast hvar er ódýrara eða jafnvel ókeypis fyrir börn en þó er misjafnt við hvaða aldur er miðað. Þá fá eldri borgarar og öryrkjar yfirleitt afslátt og á mörgum stöðum er veittur afsláttur af gistingu ef gist er á sama stað í margar nætur.

Gestir í Húsafelli, Tungudal og á tæplega 30 öðrum tjaldsvæðum víða um land geta nú í fyrsta sinn framvísað svokölluðu útilegukorti og fengið fría gistingu. Kortið kostar 9.900 krónur og er góð fjárfesting fyrir fjölskyldufólk því það gefur eiganda kortsins, maka og fjórum börnum undir 16 ára aldri möguleika á að gista frítt á þeim tjaldsvæðum sem eru samstarfsaðilar kortsins. Upplýsingar um kortið má nálgast á slóðinni utilegukort.is.

Þá er vert að minnast þess að á fjölmörgum tjaldsvæðum kostar ekki neitt að gista. Það á til að mynda við um tjaldsvæðin á Ólafsfirði, Reyðarfirði og Eskifirði.

**thorgunnur@frettabladid.is**

### VERÐ FYRIR GISTINGU OG ÞJÓNUSTU Á TJALDSVÆÐUM VÍÐA UM LAND

| | Laugardalur | Kirkjubæjarklaustur | Skaftafell | Hallormsstaðaskógur | Ásbyrgi | Hamrar v. Akureyri | Blönduós | Tungudalur v. Ísafjörð | Húsafell |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gisting*** | 1.600 | 1.200 | 1.500 | 1.400 | 1.500 | 1.600 | 1.500 | 900 | 1.750 |
| **Rafmagn**** | 400 | 300 | 400 *** | 300 | 400 *** | 300 | 300 | frítt | 350 |
| **Sturta** | frítt | 150 | 100 | frítt | 200 | frítt | frítt | frítt | 200 |
| **Þvottavél** | 350 | 400 | 300 | Ekki í boði | 400 | 250 | frítt | frítt | 500 |

**Verð miðast við fjögurra manna fjölskyldu í tjaldvagni eða fellihýsi í eina nótt. Hjón með tvö börn fimm og níu ára. **Rafmagn fyrir fellihýsi eða húsbíl. ***Kemur í sumar*

**MATUR & NÆRING** GUÐRÚN E. GUÐMUNDSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Kúskús og bulgur



Síðustu ár hafa fjöldamörg ný hráefni bæst við á íslenskum matvælamarkaði. Sum þessara hráefna eru framandi við fyrstu sýn og við vitum ekki almennilega hvernig á að meðhöndla þau. Flest eru þetta spennandi valkostir og til þess fallnir að auka fjölbreytni í fæðuvali okkar Íslendinga. Kúskús og bulgur eru dæmi um tvö tiltölulega ný hráefni á Íslandi. Hvoru tveggja er unnið úr hveiti.

Kúskús er eiginlega nokkurs konar pasta, gert úr hörðu hveiti og er stór hluti af fæði þjóða í Norður-Afríku og er einnig mikið notað af öðrum þjóðum við Miðjarðarhaf. Heitið kúskús er komið úr arabísku og merkir að mala smátt. Kúskús sem hér er á boðstólum er yfirleitt forsoðið og þarf því aðeins að leggja í bleyti eða að sjóða í skamma stund. Bulgur eru hins vegar brotin hveitikorn oftast unnin úr durum-hveiti. Þau eru síðan forsoðin, ristuð og þurrkuð. Bulgur þarf því ekki að sjóða frekar en kúskús, heldur er yfirleitt nægjanlegt að leggja í bleyti. Bulgur er mikið notað við matargerð í Tyrklandi, löndum við Miðjarðarhaf svo og Indlandi og Austulöndum nær.



Bæði kúskús og bulgur er hægt að fá mismunandi mikið unnið og því mistrefjaríkt. Skynsamlegt er að velja trefjaríkari tegundirnar og auka með því inntöku á trefjum, sem sannarlega eru oft af skornum skammti í fæði okkar Íslendinga, auk þess sem „dekkri“ tegundirnar eru bragðmeiri og að margra mati bragðbetri. Hvoru tveggja má nota á ýmsa vegu, til dæmis í staðinn fyrir kartöflur og hrísgrjón og þá má gjarnan krydda það með alls konar kryddum eða blanda út í það ýmis konar grænmeti, soðnu eða ósoðnu eftir því sem andinn blæs. Kúskús og bulgur er einnig áhugaverður aðalréttur sem svo sannarlega er hægt að flokka með skyndiréttum því matreiðslan tekur ákaflega stuttan tíma. Blandað saman við glás af grænmeti og lauk, ef til vill kryddað með smávegis af kryddpylsu og ferskum kryddjurtum og síðan sýrt með sítrónu-eða límónusafa og bragðbætt með góðri olíu er komin hátíðarfæða. Að lokum má nefna að kúskús er ákaflega gott með þurrkuðum ávöxtum sem hafa verið léttsoðnir í ávaxtasafa. Ferskleikinn fæst með því að blanda út í ferskum skornum ávöxtum. Til hátíðabrigða má síðan nota rjóma eða ís sem meðlæti.

**mni.is**

SÉRFERÐIR



Rudesheim í hjarta Rínar
23.–28. júní

Það er hreint ævintýri að heimsækja borgina Rudesheim við Rín. Þar ríkir taumlaus gleði frá morgni til kvölds, sungið og dansað á hverju veitingahúsi, krá og knæpu fram á rauðanótt. Náttúrufegurð Rínardalsins er ólýsanleg og lætur engan ósnortinn.

Flogið verður til Frankfurt Hahn og farið með áætlunarbíl á fjögurra stjörnu hótel í miðbæ Rudesheim. Í ferðinni verður allt það helsta sem Rudesheim hefur upp á að bjóða kannað, m.a. hið fræga minnismerki Niederwalddenkmal. Menningarborgin Wiesbaden verður heimsótt, farið í klaustur sem byggt var á 12. og 14. öld, komið við hjá vínbónda og bragðað á eðalvínum. Einnig verður farið í siglingu á hinni fögru Rín, þar sem Lorelei skartar sínu fegursta og litlir sjarmerandi bæir skoðaðir.

Verð á mann í tvíbýli
79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 4 stjörnu hóteli með hálfu fæði, morgun- og kvöldverði, akstur til og frá flugvelli, allar skoðunarferðir og leiðsögn.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Heitt með Heim
Tilboð
á nautakótelettum!
Rotissier kjúklingamáltíð
- heill grillaður kjúklingur
- franskar
- 2 l Pepsi
998
20% afsláttur
SS NAUTAKÓTELETTUR ARGENTÍNSKT
1.598 kr. kg
30% afsláttur
Móa kjúklingaleggir eða rauðvínslegin læri og leggir!
Úr Kjötborði Nóatúns
UNGNAUTAHAKK
898 kr. kg
Þú sparar
400 kr. kg
Nýtt
LAMBAFILLET COUNTRY STYLE
2.998 kr. kg
Þú sparar
470 kr. kg
KÓKÓMJÓLK Í FLÖSKU
112 kr. stk.
SPRITE OG SPRITE ZERO
99 kr. 2l
Hollt og gott frá Rauch - nýr heilsudrykkur!
NATIVA 750 ML
79 kr. stk.
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ
199 kr. stk.
Opið 9-21
Verði ykkur að góðu!



**Vefurinn: Digg**

Digg er vinsæll fréttavefur með áherslu á tæknimál. Notendur vefjarins sjá sjálfir um að senda inn fréttir og gefa þeim einkunn.

www.digg.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL:** KARL ÁGÚST ÚLFSSON, BÆJARLISTAMAÐUR GARÐABÆJAR 2007

## *Tromman merkasta uppfinningin*

„Ég myndi segja að tromman sé merkasta uppfinning sögunnar,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, leikari og Spaugstofumaður. Hann var nýlega valinn bæjarlistamaður Garðabæjar 2007. „Það er vegna þess að tromman er fyrsta verkfærið sem menn notuðu til að tjá sig áður en tungumálið varð til. Með því að líkja eftir takti sem menn heyrðu í kringum sig og menn fundu innra með sér reyndu þeir að tjá sig um sjálfa sig og náttúruna.“

Varðandi þá tækniframför sem hann vill helst sjá í framtíðinni segist Karl helst vilja sjá leggja- og skeljatæknina ryðja sér til rúms. „Ég vil að börn fari að leika sér aftur að boltum, spýtum, leggjum og skeljum frekar en í tölvum og farsímum. Þó tæknin sé vel meint og geri gagn hefur hún alltaf einhverjar aukaverkanir sem eru oft mjög óæskilegar. Helst af öllu myndi ég vilja sjá hamingjurafal sem auðveldar okkur að eiga samskipti og gerir okkur hamingjusamari.“

Karl segist almennt mjög íhaldssamur í tæknimálum og veltir henni ekki mikið meira fyrir sér en hann nauðsynlega þurfi. „Það sést kannski best á því að síðasta græjan sem ég keypti er færanlegur harður diskur fyrir einu og hálfu ári.“



## HVAÐ ER?

### BLU-RAY OG HD-DVD

■ *Flestir hafa heyrt minnst á baráttuna milli háskerpustaðlanna Blu-Ray og HD-DVD. Hvað er þetta og hver er munurinn á stöðlunum tveimur?*

Blu-Ray og HD-DVD eru tvær tegundir mynddiska sem ætlað er að taka við af DVD. Upplausnin er mun meiri en á DVD diskum, litirnir dýpri, hljóðið betra og myndin skýrari. Háskerpusjónvarp og sérstakan mynddiskaspilara þarf til að nýta tæknina til fulls.

Munurinn á Blu-Ray og HD-DVD er einna helst að Blu-Ray diskarnir rúma töluvert meira af gögnum, en annars eru staðlarnir tveir mjög svipaðir. Á næstu mánuðum mun koma í ljós hvor verður ofan á í baráttunni um hylli neytenda. Sony stendur á bak við Blu-Ray en Toshiba hefur þróað HD-DVD.

**TÖLVUHEIMURINN**

### Bretar banna Manhunt 2

Hasarleikurinn Manhunt 2 hefur verið bannaður með öllu í Bretlandi. Þetta er í fyrsta skipti í tíu ár sem tölvuleikur er hreinlega bannaður í verslunum. Sverrir Bergmann, vörustjóri tölvuleikja hjá Senu, segir ekkert hafa verið ákveðið með útgáfu leiksins hér á landi, en hann á að koma í júlí.

### Apple bætir iPhone

Tölvufyrirtækið Apple tilkynnti á dögunum að það hygðist bæta iPhone-símann, sem kemur út í Bandaríkjunum í lok þessa mánaðar. Betri rafhlaða og glerhlíf yfir snertiskjánum er meðal breytinga. Síminn kemur til Evrópu í lok ársins.

### Vefræningjar til bjargar

Kynningareintak nýjustu heimildarmyndar Michaels Moore, Sicko, hefur lekið á netið. Moore hafði áður lýst áhyggjum af því að myndin, sem fjallar á mjög gagnrýnan hátt um bandaríska heilbrigðiskerfið, fengist ekki sýnd vegna heimsóknar Moore til Kúbu í myndinni.

### Blockbuster velur Blu-Ray

Mynddiskaleigukeðjan Blockbuster hefur valið Blu-Ray háskerpumynddiska fram yfir HD-DVD. Langflestar nýjar myndir verða til leigu á Blu-Ray formi, en HD-DVD diskar verða til leigu á nokkrum stöðum. Þetta gæti orðið til þess að HD-DVD lúti í lægra haldi fyrir Blu-Ray sem staðallinn fyrir háskerpumynddiska.

# Ríkið tekur sinn skerf

**iPod-spilarar eru rándýrir á Íslandi. Hlutur ríkisins af verði hvers spilara veldur því að hann kostar allt að því áttatíu prósent meira hérlendis en hjá sama fyrirtæki í nágrannalöndunum. Fyrir vikið kaupa flestir sína spilara erlendis og smygla þeim inn í landið án þess að ríkið fái krónu.**

iPod spilarar eru allt að 80 prósentum dýrari hér á landi en í nágrannalöndunum. Dýrasti spilarinn er um 25 þúsund krónum dýrari hér en í í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi.

Tollurinn flokkar iPod sem upptöku- og afspilunartæki, og leggur því 25 prósenta vörugjald á vöruna þegar hún kemur til landsins. Vegna þess að iPod er framleiddur utan Evrópu er einnig lagður sjö prósenta tollur á hann.

Við þetta bætist álagning söluaðila, og svo er 24,5 prósenta virðisaukaskattur lagður ofan á allt saman. Niðurstaðan er allt að áttatíu prósenta verðmunur á iPod hér á landi og í nágrannalöndunum.

Steingrímur Árnason hjá Apple IMC áætlar að 65 þúsund iPod-spilarar séu á landinu, og Apple á Íslandi hafi selt um tuttugu þúsund þeirra. Tölurnar um fjölda spilara á landinu eru áætlaðar út frá bilanatíðni og fjölda spilara sem koma inn í viðgerð til Apple IMC, óháð því hvar þeir eru keyptir.

„Við höfum kært þessa flokkun til yfirtollanefndar og við höfum rætt við stjórnmálamenn um þetta, en ekkert breytist. Nú erum við komin með nýja ríkisstjórn sem er ekki eins afturhaldssinnuð og sú fyrri, og von okkar er að hún breyti einhverju. Ég er í það minnsta með yfirlýsingu frá varaformanni Samfylkingarinnar um að þeir hafi áhuga á að skoða þetta mál,“ segir Steingrímur.

Humac rekur fjölda Apple verslana í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, auk þess að eiga og reka verslanir Apple á Íslandi. Steingrímur segir sömu álagningu í öllum verslunum, og verðmunurinn hér á landi sé því eingöngu vegna sneiðarinnar sem ríkið tekur til sín.

„Íslenska ríkið er búið að tapa hundruð milljónum á þessu, þetta er bara brandari,“ segir hann. „Einu sinni var aðalsportið að kaupa M&M handa vinum og kunningjum erlendis, en núna er það iPod.“

Ekki náðist í Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra vegna málsins, en hann er erlendis.

salvar@frettabladid.is




**IPOD** Þrátt fyrir að vera í raun lófatölva með hörðum disk og örgjörva er iPod flokkaður sem upptökutæki. Því leggst á hann 25 prósenta vörugjald í tollinum. Ekkert slíkt gjald er lagt á lófatölvur.




■ **Langdýrast á Íslandi**

Verðsamanburður á iPod-spilurum í verslunum Humac á Norðurlöndunum. Eins og sést er Ísland með langdýrasta iPodinn.




Evrópska geimferðastofnunin leitar sjálfboðaliða:

# Sautján mánaða löng þykjustuferð til Mars

Evrópska geimferðastofnunin, ESA, leitar nú að sex sjálfboðaliðum til að ferðast til Mars í þykjustunni. Sjálfboðaliðarnir munu dvelja í sautján mánuði í einangruðum geymi, sem er staðsettur í Moskvu.

Tilgangurinn er að rannsaka hegðun manna undir svipuðum kringumstæðum og geimfarar á leið til Mars myndu upplifa. Tíminn sem fólkið mun dvelja í geyminum er um það bil sá tími sem tæki fyrir geimferju að ferðast til Mars, og koma til baka. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Bruno Gardini, verkefnisstjóri hjá ESA, segir hugmyndina að baki tilrauninni einfalda: að láta sex manns búa við mjög þröngar aðstæður í langan tíma, og fylgjast með hegðun þeirra. Fyrir utan þyngdarleysi og geislun upplifa sjálfboðaliðarnir flest annað sem alvöru geimfarar upplifa, eins og langan vinnudag, lítið sem ekkert einkalíf og mikla líkamlega áreynslu.

Þeir sex sem verða valdir til að taka þátt í verkefninu munu fá um 300.000 krónur á mánuði í laun. Það gerir rétt rúmar fjögur hundruð krónur á tímann, þar sem viðkomandi er jú í vinnunni allan sólarhringinn í sautján mánuði.



**MARS** Hingað fara „geimfararnir“, en þó aðeins í þykjustunni. Í rauninni verða þeir í litlu lokuðu rými í Moskvu.

**VÍSINDAHEIMURINN**

### Google styður græna bíla

Tæknirisinn Google hyggst styðja við þróun tvinnbíla sem eru knúnir áfram af rafmagni og bensíni. Fyrirtækið hefur heitið um sex hundruð milljónum króna til að auka vinsældir rafmagns- og tvinnbíla.

### Atlantis heldur heim á leið

Geimferjan Atlantis lendir í Kennedy geimstöðinni í Bandaríkjunum í dag, eftir tæplega tveggja vikna ferð. Hún dvaldi í níu daga við alþjóðlegu geimstöðina, ISS, á braut um jörðu. Tölvuviðgerðir og uppsetning á nýjum sólarrafhlöðum var meðal þess sem áhöfn ferjunnar sinnti í ferðinni.

### Sjö ný undur veraldar

Á netinu er nú kosið um hin nýju sjö undur veraldar. Yfir sextíu milljón manns hafa kosið, en kosningu lýkur eftir tvær vikur. Sem stendur er Taj Mahal í Indlandi, Hringleikahúsið í Róm og Eiffelturninn í París í efstu sætunum. Pýramídarnir í Egyptalandi eru það eina af núverandi sjö undrum veraldar sem er enn uppistandandi. Kosningin fer fram á vefsíðunni www.new7wonders.com.




Sjónvarps-tækifæri
ÓTRÚLEGT VERÐ!
80 GB UPPTÖKU DISKUR
Tilboð 149.900
42PC1RR
42"
Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
80 GB harður diskur
Svartími innan við 1 ms
80 GB UPPTÖKU DISKUR
299.900
50PC1RR
50"
Plasma
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.000
80 GB harður diskur
Svartími innan við 1 ms
219.900
42LC2D
42"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 1600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari
Kortarauf
80 GB UPPTÖKU DISKUR
199.900
42LC2RR
42"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Svartími 8 ms
80 GB UPPTÖKU DISKUR
179.900
37LC2RR
37"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Svartími 8ms
189.900
42LC51
42"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Svartími 5 ms
Aðeins 8 cm á þykkt
159.900
37LC51
37"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Svartími 6 ms
Aðeins 8 cm á þykkt
109.900
32LC51
32"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Svartími 8 ms
Aðeins 8 cm á þykkt
98.900
26LC2R
26"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.200:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
64.900
20LC1RB
20"
LCD
Upplausn 640x480
Skerpa 500:1
Birtustig 550
Svartími 16 ms
95.900
23LC1RB
23"
LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 600:1
Birtustig 600
Svartími 8 ms
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Life's Good

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.188 **+0,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 419
**Velta:** 6.376 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ALFESCA | +2,63% | FLAGA | -4,04% |
| HAMPIÐJAN | +1,45% | EIMSKIPAFÉLAGIÐ | -2,70% |
| MAREL | +1,19% | ATL. PETROLEUM | -2,47% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,78 -0,79% ... Actavis 88,50 +0,00% ... Alfesca 5,07 +2,63% ... Atlantic Petroleum 1.107 -2,47% ... Atorka 8,09 -0,86% ... Bakkavör 69,80 -0,29% ... Eimskipafélagið 39,60 -2,70% ... FL Group 29,80 +0,17% ... Glitnir 28,30 -0,18% ... Kaupþing 1.100 +0,46% ... Landsbankinn 38,15 -0,26% ... Marel 85,00 +1,19% ... Mosaic Fashions 16,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,10 +0,48% ... Össur 102,50 -0,49%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Skeljungur sem skiptimynt



Þrálátur orðrómur hefur verið í gangi um væringar í forystu FL Group. Samkvæmt því sem best verður vitað er allt í sóma í forystu fyrirtækisins og samkomulag gott milli forstjóra og nýkjörins stjórnarformanns. Hins vegar munu Gnúpsmenn sem eiga fimmtungshlut gjarnan vilja koma hreyfingu á málin, enda mikið fé bundið í FL sem vinnur ekki annars staðar á meðan. Meðal þess sem gengið hefur er að Baugur muni kaupa af Gnúpi. Það mun ekki rétt, en hitt gæti átt meiri stoð að hlutur Gnúps sé til sölu. Þar gæti Skeljungur, sem er í eigu Pálma Haraldssonar, orðið skiptimynt, enda verið á söluskrá um tíma. Þar með væri Kristinn Björnsson, einn stærstu eigenda Gnúps aftur kominn til áhrifa í sínu gamla félagi.

### Allir ota sínum tota

Tilkoma alheimsnetsins hefur að mörgu leyti breytt starfi blaðamannsins og bætt. Með nokkrum smellum getur nú blaðamaður, sem jafnvel er blautur á bak við eyrun, nálgast upplýsingar sem eitt sinn þurfti þrautþjálfaða rannsóknablaðamenn til að grafa upp. En einn böggull fylgir þó skammrifi. Eða öllu heldur tveir: Almannatengslafulltrúar og oft á tíðum misvísandi fréttatilkynningar þeirra. Af fréttatilkynningu frá Actavis í fyrradag mátti skilja að félagið eitt hefði unnið til mikilla verðlauna fyrir fjárfestatengsl sín. Þar kom hins vegar hvergi fram að stoðtækjaframleiðandinn Össur deildi verðlaununum með Actavis. Þá vann Össur einnig til verðlauna fyrir besta stuðning æðstu stjórnenda við fjárfestatengsl.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Alfesca hefur ráðið Hrefnu Ingólfsdóttur í nýtt starf forstöðumanns samskiptasviðs félagsins. Hrefna hefur víðtæka reynslu af almannatengslum og kynningar- og markaðsmálum.

Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði um 0,19 prósent á milli mánaða. Stendur vísitalan nú í 370,9 stigum. Hún hefur hækkað um 10,9 prósent á síðustu tólf mánuðum. Þetta sýna nýjar tölur Hagstofunnar.

Kjartan Þór Þórðarson hefur verið skipaður framkvæmdastjóri Sagafilm ehf. Kjartan Þór tekur við af Kristjáni Grétarssyni sem gegnt hefur starfinu frá 2005. Kjartan Þór hefur víðtæka reynslu á sviði kvikmynda-, sjónvarps- og auglýsingaframleiðslu.

# Straumur til austurs

Straumur-Burðarás tilkynnti í gær um kaup á fimmtíu prósenta hlut í tékkneska fjárfestingabankanum Wood & Company. Höfuðstöðvar bankans eru í Prag en hann hefur einnig starfsemi í Slóvakíu og Póllandi. Þau skilyrði fylgja kaupunum að Straumur hafi kauprétt að eftirstandandi hlutum. Þau kaup munu fara fram í síðasta lagi á fyrri hluta ársins 2011.



**KAUP Á WOOD & FALLS KYNNT** Jan Sýkora, forstjóri og stjórnarformaður Wood & Company, og William Fall, forstjóri Straums-Burðaráss. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Kaupverð var ekki gefið upp. Greiðsla mun fara fram með reiðufé og hlutabréfum í Straumi. Á kynningarfundi vegna kaupanna í gær sagði William Fall, forstjóri Straums-Burðaráss, þau hafa ótvíræða kosti. Mikið virði sé fólgið í kaupunum fyrir hluthafa félagsins, þótt þau muni hafa óteljandi fjárhagsleg áhrif á bankann.

William sagði mikla vaxtarmöguleika felast í að sameina kosti bankanna tveggja. Straumur fái aðgang að ört stækkandi mörkuðum og auki hlutfall vaxta- og þóknunartekna af heildartekjum. Wood & Company muni njóta góðs af sterkum efnahagsreikningi Straums sem muni styðja við öran vöxt félagsins. Þá geti báðir bankar aukið verulega við vöruframboð sitt.

Meðal viðskiptavina Wood & Company eru fjárfestar og fyrirtæki í Mið- og Austur-Evrópu. Þá hafa jafnframt alþjóðlegir stofnanafjárfestar og fjárfestingabankar leitað til bankans til að öðlast aðgang að mörkuðum í Austur- og Mið-Evrópu. Bankinn hefur um þrjátíu prósenta markaðshlutdeild í kauphöllinni í Prag. Þá hefur hann einnig aðild að kauphöllunum í Búdapest, Varsjá, Búkarest og Ljúblíana, sem og kauphöllum Austurríkis og Þýskalands.

Straumur-Burðarás stefnir að því að verða leiðandi norrænn fjárfestingabanki. William sagði kaupin á Wood & Company vel samræmast þeirri stefnu. „Til að ná forystu á norrænum markaði er okkur nauðsynlegt að vera virk á mörkuðum sem hafa áhrif á Norðurlöndin.“

**- hhs**

# Sex þúsund Íslendingar kaupa í færeyskum banka

**Tuttuguogsexföld umframeftirspurn var eftir bréfum í hlutafjárútboði Føroya Banka sem verður skráður í Kauphöllina í dag. Bankastjórinn fagnar áhuga Íslendinga. Þeir sem skráðu sig fyrir 127 þúsund kr. eða minna fá fullan skammt.**

Um 6.200 íslenskir fjárfestar skráðu sig fyrir hlutabréfum í einkavæðingu Føroya Banka. Um tuttuguogsexföld eftirspurn reyndist vera eftir hlutabréfum í bankanum en yfir fimmtán þúsund fjárfestar tóku þátt í hlutafjárútboðinu, þar af níu þúsund frá Færeyjum. Í boði voru 12,7 milljarðar króna en kaupendur óskuðu eftir 330 milljörðum.

Fíggingargrunnurin frá 1992, sem er í eigu færeysku landsstjórnarinnar, seldi um 60 prósent hlutafjár í bankanum til almennra fjárfesta í Danmörku, Færeyjum og á Íslandi og til fagfjárfesta um nær allan heim. Sjóðurinn hefur falið Handelsbanken í Kaupmannahöfn að selja sex prósent til viðbótar. Um fimmtungur hlutafjárins rennur í skaut smærri fjárfesta í löndunum þremur en Færeyingar fá helming fyrir sinn snúð.

Janus Petersen, forstjóri Føroya Banka, er afar sáttur með viðtökurnar og þann mikla áhuga sem fjárfestar um allan heim sýndu. „Fjárfestar á Íslandi og Færeyjum sýndu útboðinu mikinn áhuga og það sama má segja um fjárfesta í Skandinavíu og frá meginlandi Evrópu.“

Bankinn, sem er með um fjörutíu prósenta markaðshlutdeild í inn- og útlánum á Færeyjamarkaði, verður skrásettur með pomp og prakt í Kauphöll Íslands og Kauphöllina í Kaupmannahöfn í dag.

„Við settum fram áætlanir um vöxt bankans fyrir tveimur árum og erum á góðri leið með að ná þeim markmiðum. Við horfum til vaxtar á markaði fyrir utan eyjarnar,“ segir Petersen. „Það kemur svo síðar í ljós hvert stefnan verður sett.“

Mikil skerðing kemur til í almenna hluta útboðsins. Fjárfestar sem skráðu sig fyrir 60 hlutum eða minna fá allt það sem þeir óskuðu eftir. Sextíu hlutir eru um 127 þúsund krónur miðað við útboðsgengið 189 danskar krónur á hlut og gengi dönsku krónunnar í gær. Þeir sem skráðu sig fyrir fleiri hlutum en sextíu fá aðeins tvö prósent af því sem þeir báðu um umfram. Hámarkshlutur almennra fjárfesta getur því orðið um 550 þúsund krónur. Hlutum til stofnanafjárfesta, sem skráðu sig í áskriftasöfnun (book building), verður úthlutað samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila útboðsins. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru meðal kaupenda, en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins lögðu seljendur á það áherslu að fá inn langtímafjárfesta.

Hjá Landsbankanum, sem annaðist útboðið á Íslandi, fengust þær upplýsingar að greiðsluseðlar muni berast fjárfestum á allra næstum dögum. Gjalddagi verður 26. júní en eindagi lá ekki fyrir.

**eggert@frettabladid.is**

**SKERÐING Í ALMENNA HLUTA ÚTBOÐSINS**

| Skráðir hlutir | Úthlutaðir hlutir |
|---|---|
| 60 | 60 |
| 100 | 61 |
| 500 | 69 |
| 1000 | 79 |
| 5000 | 159 |
| 10000 | 259 |

Kaupverð reiknast: Úthlutaðir hlutir x 189 (útboðsgengi) x 11,2 (gengi dönsku kr.)

**Heimild: Hálf fimm fréttir Kaupþings**



**JANUS PETERSEN** Gríðarleg eftirspurn var eftir hlutabréfum í Föroya Banka. Íslendingar létu ekki sitt eftir liggja.


## Happdrætti Blindrafélagsins - Útdráttur 15. júní 2007

**Audi A3 Sportback 2.0, 5 dyra, 150 hö, 5 gíra sjálfskiptur frá Heklu kr. 3.295.000**
59796

**Kia Cee’d 1,4 EX Classic, beinsk. frá Heklu kr. 1.985.000**
99947

Ferðavinningur með leiguflugi Heimsferða kr. 300.000

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3189 | 26803 | 44719 | 52719 | 77698 |
| 8681 | 31804 | 45124 | 56786 | 96869 |
| 13478 | 41652 | 45228 | 72961 | 104341 |
| 22355 | 44154 | 50272 | 74949 | 116955 |

Ferðavinningur með leiguflugi Heimsferða kr. 160.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 941 | 19152 | 31170 | 38444 | 46996 | 60439 | 72611 | 80763 | 89584 | 101974 |
| 2408 | 25592 | 31865 | 39487 | 49684 | 61605 | 73113 | 81758 | 89909 | 103859 |
| 3335 | 26691 | 32535 | 40429 | 51801 | 61872 | 74789 | 83613 | 90021 | 104083 |
| 3348 | 26951 | 33336 | 40670 | 52134 | 63037 | 75773 | 84160 | 91063 | 106021 |
| 3952 | 27255 | 33398 | 43844 | 53309 | 63358 | 75988 | 84780 | 92158 | 106701 |
| 5077 | 27823 | 34080 | 45425 | 54655 | 64749 | 76619 | 84866 | 92463 | 113010 |
| 8476 | 28040 | 35666 | 45639 | 54690 | 66205 | 76681 | 86024 | 93279 | 114147 |
| 9198 | 28343 | 36384 | 45661 | 54844 | 67620 | 77728 | 86423 | 94161 | 115158 |
| 11964 | 29789 | 36559 | 46293 | 54905 | 70210 | 77841 | 88729 | 96987 | 116845 |
| 18628 | 31165 | 36813 | 46635 | 56323 | 71072 | 79264 | 89051 | 100950 | 117497 |

Gistivinningur á einhverju Fosshótelanna fyrir tvo í tvær nætur með morgunverði og kvöldverði annað kvöldið kr. 48.200

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3674 | 21256 | 37143 | 45003 | 54021 | 61277 | 71368 | 83150 | 93494 | 108688 |
| 3698 | 25599 | 42588 | 47882 | 55440 | 62202 | 72257 | 88416 | 98588 | 109422 |
| 13382 | 27436 | 44207 | 49743 | 59380 | 63094 | 74067 | 89016 | 99948 | 114108 |
| 16004 | 32071 | 44860 | 49752 | 59431 | 66630 | 79440 | 91107 | 106752 | 116324 |
| 16749 | 33067 | 44883 | 50583 | 60002 | 68535 | 80684 | 91866 | 107815 | 117556 |

Miðafjöldi 118.000 - Vinninga ber að vitja innan árs - Upplýsingasími: 525 0000 - Vinningaskráin verður birt a heimasíðunni blind.is, Textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og í Fréttablaðinu, fimmtudaginn 21. júní.


# Mynd færist á Hf. Eimskipafélagið

Nærri tuttugu milljóna króna hagnaður, um tvö hundruð þúsund evrur, varð á rekstri Eimskipafélagsins hf. á öðrum ársfjórðungi rekstrarársins eftir skatta. Alls nam tap félagsins 450 milljónum króna á fyrri hluta ársins. Rekstarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 33 milljónir evra, um 2,8 milljarðar króna.

Velta félagsins á fjórðungnum var 33 milljarðar króna og ríflega tvöfaldaðist frá fyrra ári. Þó er varla hægt að bera reksturinn saman milli ára þar sem félagið hefur tekið algjörum stakkaskiptum.

Baldur Guðnason, forstjóri félagsins, segir að afkoma annars ársfjórðungs og fyrri árshelmings hafi verið í takt við væntingar. Velta var um 800 milljónir evra sem var umfram áætlaða veltu 2007 og þá var EBITDA helmingur af settu marki fyrir rekstrarárið.

**AFKOMA EIMSKIPAFÉLAGSINS OG SPÁR ***

| | |
|---|---|
| Hagnaður 2. ársfj. | 0,2 |
| Spá Glitnis | 0,6 |
| Spá Kaupþings | -3,3 |
| Spá Landsbankans | -2,5 |
| Meðaltalsspá | -1,7 |

* Upphæðir eru í milljónum evra.

Hf. Eimskipafélagið hefur blásið út á síðustu mánuðum í kjölfar mikils ytri vaxtar. Skuldsetning félagsins hefur þar með aukist talsvert en áætlanir eru uppi um að lækka hana með eignasölu, til dæmis hluta af fasteignum Atlas Cold Storage í Kanada. Aukinn fjármagnskostnaður skýrist einkum af yfirtökunni á Atlas. Eigið fé Eimskipafélagsins nam 535 milljónum evra, um 44,7 milljörðum króna, í apríllok og var eiginfjárhlutfall 29 prósent. **- eþa**



Tilboðin í Bónus!
...fyrir góðan dag!
BÓNUSSALAT 198 KR. 200g
BÓNUS SALAT
4x AAA eða AA rafhlöður í boxi
DURACELL PLUS
4x AA eða AAA 259 KR. DURACELL PLUS
BÓNUS KJÚKLINGUR
Blandaðir bitar kílóverð nú: 275 KR. Merkt verð 393KR.
30% afsláttur við kassann
Frosinn KS lambabógur kílóverð nú: 595 KR. Merkt verð 699KR.
Bónusfeti framleiddur af Mjólku- Finndu bragðið!
BÓNUSFETI 198 KR. 250g
Feti
25% verðlækkun
Þvottalögur 298 KR. 1,5 lítri með 25% lækkun
BÓNUS Alhliða Fljótandi þvottaefni
BÓNUS COLOR Fljótandi þvottaefni
Smyrill 300g 89 KR.
Smyrill
Alltaf mjúkur og klár á brauðið og í kryddsmjörið!
Bónus býður betur!
EKKERT BRUDL
10x 80g hamborgarar 898 KR. Frosnir og fínir í ferðina
BÓNUS
10x 115g hamborgarar 1258 KR. Frosnir og fínir í ferðina
5x200g RISA hamborgarar 1168 KR. Frosnir og fínir í ferðina
4 XL Bónus hamborgarabrauð 79 KR.
www.bonus.is
Frosin KS lambasvið
Frosin lambasvið 279 KR. kílóverð
Frosið lambafille
Frosið lambafille kílóverð nú: 2249 KR. Merkt verð 2998KR.
25% afsláttur við kassann
Bónus vínarpylsur
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð um: 270 KR.
BÓNUS
Vals tómatsósan 179 KR. 430g
VALS Tómatsósa
Valstómatsósan íslenska Sú eina sanna!
20KR. STYKKIÐ 159 KR. POKINN
8 Heim klakar
bonus.is

# HEFST Í DAG KL.11!

# RISA ÚTSA

## VERÐDÆMI:

33% afsláttur



LA-Z-BOY

**SUMMIT**
LA-Z-BOY stóll, fæst rústrauður og natur.

39.980
verð áður: ~~59.980~~



50% afsláttur

**KRISTY**
borðstofustóll, fæst króm/hvítur og króm/svartur

3.990
verð áður: ~~7.980~~



60% afsláttur

ZONE DENMARK

STK. 950
verð áður: ~~2.380~~



50% afsláttur

**BODUM**
Mixi Dixi bökunarsett, fæst svart og hvítt.

bodum

1.990
verð áður: ~~3.980~~

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga 11 – 19 Þriðjudaga 11 – 18 Miðvikudaga 11 – 18 Fimmtudaga 11 – 19 Föstudaga 11 – 19 Laugardaga 11 – 18 Sunnudaga 13 – 17

HÚSGAGNAHÖLLIN




GLÆSILEGUR
HORNSÓFI
MEÐ TUNGU



30%
afsláttur

**OREGON**
hornsófi m/tungu, fæst grár og kakí. L 310 x 240 cm, D 80 /150 cm. H 57/85 cm.

**139.980**
verð áður: ~~199.980~~

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skýringar á óútskýrðum launamun kynjanna.

## Nafn lækkar laun um tíu prósent

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Niðurstöður rannsóknar þar sem leitast var við að skýra svokallaðan óútskýrðan launamun kynjanna eru sláandi. Rannsóknin var unnin við Háskólann í Reykjavík og niðurstöður hennar kynntar á hinum séríslenska kvennadegi 19. júní.

Samkvæmt nýlegri könnun Capacent er óútskýrður launamunur kynjanna tæplega 16%. Ef marka má hina nýju rannsókn Háskólans í Reykjavík má útskýra verulegan hluta af þessum launamun með væntingum, bæði stjórnanda og umsækjanda, sem stafa af kynferði umsækjanda eingöngu.

Þátttakendurnir í rannsókn Háskólans í Reykjavík voru af báðum kynjum. Í rannsókninni var spurt um laun sem umsækjanda yrðu boðin og hvað líklegt þætti að hann myndi þiggja. Sömuleiðis var kannað hvað þátttakendur myndu ráðleggja frænku sinni eða frænda að biðja um í laun, meta hvað viðkomandi yrði boðið og loks hvað hann myndi sætta sig við.

Í öllum tilvikum búast þátttakendur við að konur fái lægri laun en karlar. Þátttakendur bjóða einnig konum lægri laun en körlum, telja að konur þiggi lægri laun og ráðleggja frænkum að þiggja lægri laun en frændum. Í heild gefa niðurstöðurnar til kynna að starfsmaður með kvenmannsnafn megi búast við tíu til tólf prósent lægri laun en ef hann ber karlmannsnafn.

Rétt er að taka aftur fram að þátttakendur voru af báðum kynjum. Og vitanlega er það mest sláandi í niðurstöðum rannsóknarinnar að ekki aðeins búast konur við að konur sætti sig við lægri laun en karlar, og ráðleggja konum að þiggja lægri laun en körlum, heldur er það beinlínis svo að séu þær launagreiðendamegin við borðið þá bjóða þær konum lægri laun en þær myndu bjóða karli fyrir sambærilegt starf.

Erfitt er að gera sér grein fyrir ástæðum þessa, ekki síst í ljósi þess hversu umræðan um launamun kynjanna hefur verið mikil undangengin misseri. Líklegast er þó að viðteknar hefðir samfélagsins þvælist þarna fyrir bæði konum og körlum.

Í ágætu erindi sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hélt á hátíðarfundi í kvennaheimilinu á Hallveigarstöðum í tilefni 19. júní ræddi hún meðal annars um hlýðni kvenna sem hún taldi nóg vera komið af.

Hugsanlega er hlýðni, eða einbeittur vilji til að standa sig og laga að stjórnunarstíl karla, einmitt skýringin á því að jafnvel konum sem sitja í stóli starfsmannastjóra finnst eðlilegt að bjóða konu sem þær ráða til starfa lægri laun en karli sem þær væru að ráða í sambærilegt starf. Að minnsta kosti er erfitt að kyngja því að konur treysti ekki öðrum konum, ekki einu sinni sínum eigin frænkum, jafnvel til að standa sig í starfi eins og þær treysta körlum.

Hver sem skýringin er þá er ljóst að á þessu verður að vinna.

Óhætt er að minnsta kosti að taka undir með aðstandendum rannsóknarinnar sem hvetja til frekari rannsókna á óútskýrðum launamun kynjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Arna á Eyjuna

Arna Schram hefur tilkynnt að hún sé hætt að blogga á Vísi, þar sem hún er að færa sig yfir á Eyjan.is, nýjan fréttavef sem á að opna öðru hvorum megin við helgi, eftir því sem stendur á vísisbloggi Örnu.

### Í hóp landsliðsbloggara



Arna verður komin í hóp landsliðsbloggara, ef marka má Pál Hilmarsson, einn meðlim Kaninkuklansins. Hann segir frá því á síðu sinni að honum hafi tekist að komast inn á þróunarvef Eyjunnar, án þess að nota til þess nokkrar óleyfilegar leiðir og þar megi meðal annars finna lista yfir þá bloggara sem tengdir eru Eyjunni; bæjarstjórahjónin Helgu Völu Helgadóttur og Grím Atlason, „Höbbu Kriss", Pétur Gunnarsson, Andrés Jónsson, „Freedomfries", Andrés Magnússon, Pétur Tyrfingsson, Örnu Schram, „Obbu", og iðnaðarráðherrann sjálfan Össur Skarphéðinsson. Pétur Gunnarsson og Össur hafa þá væntanlega fallist aftur í faðma eftir smávægilegar deilur þeirra um daginn um það hvor væri meiri spunameistari. Ekki nema þeir hafi komist að þeirri sameiginlegu ákvörðun að þeir væru báðir jafn frábærir.



### Hlýnun jarðar?

Ein af birtingarmyndum hlýnandi andrúmslofts jarðar er sú að nú andar ekki lengur köldu á milli Stefáns Jóns Hafsteins og Vefþjóðviljans. Frelsisunnendurnir andríku tóku nefnilega undir grein eftir Stefán Jón sem birtist á þessari síðu á þriðjudag þar sem hann efaðist um að skógrækt á Íslandi sé til þess fallin að draga úr gróðurhúsaáhrifum.

Hingað til hefur Stefán Jón ekki átt mikið upp á pallborðið hjá Vefþjóðviljanum, sem meðal annars hefur sagt að hann hafi „fengið aukaaðild að Samtökunum ´78, þar sem hann hefur stofnað sérstaka deild sjálfkynhneigðra".

svanborg@frettabladid.is / bergsteinn@frettabladid.is

## Lyftum lokinu



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Símahleranir

Steinsnar frá æskuheimili mínu í prófessorabústöðunum í Reykjavík stóð gulur bær með grænu torfþaki, lítið hús umlukið hlöðnum grjótgarði og undarlega afskekkt og einmanalegt þrátt fyrir nálægðina við aðra mannabústaði. Mér stendur þetta hús í björtu barnsminni. Þarna bjó kunnur verklýðsfrömuður og alþingismaður, Eðvarð Sigurðsson, með aldurhniginni móður sinni.

Ég áræddi aldrei að koma nálægt þessu húsi og átti þangað ekki heldur erindi. Ég var þó hagvanur allvíða á Grímsstaðaholtinu, til dæmis heima hjá Sigurði Guðmundssyni ritstjóra Þjóðviljans, sem bjó með barnmargri fjölskyldu sinni í litlu húsi að Fálkagötu 1. Við keyptum stundum egg hjá Jósepi og Sessilíu, þau bjuggu í öðru litlu húsi efst á holtinu. Einu sinni kom ég heim með eggin móður og másandi og sagði við mömmu, að hann væri nú meiri helvítis bölvaður fanturinn hann Jósep: hélduröu að hann hafi ekki bundið hana Sessilíu við rúmið! Sessilía hafði legið fyrir, þegar mig bar að, og hún hafði vísað mér á eggjapokann á eldhúsborðinu og skiptimyntina án þess að rísa upp, sagðist vera bundin við rúmið. Þótt nóg væri af rafmagni og rennandi vatni þarna uppi á holtinu þegar þetta var, datt mér einhvern veginn aldrei í hug, að Eðvarð og móðir hans notuðu svoleiðis. Nú eru þau mæðginin löngu dáin, og húsið þeirra er horfið. Og hvað les ég í blöðunum eftir hálfa öld? Þau höfðu síma. Og hann var hleraður! Þjóðskjalasafnið geymir gögnin.

### Álit Alþingis

Alþingi hefði átt að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum um daginn að búast til að svipta hulunni af símahlerunum frá fyrri tíð, úr því að órækar en ófullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um málið. Innan við 30 prósent þjóðarinnar treysta Alþingi samkvæmt athugunum Gallups, eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku. Ætla mætti, að nýtt Alþingi með 24 nýja þingmenn innan borðs vildi eitthvað til þess vinna að komast aftur yfir 30 prósenta múrinn, til dæmis með því að lyfta lokinu af gömlu misferli líkt og norska þingið hefur gert. Ekki bólar þó enn á því. Það er erfitt að ímynda sér, að ríkisstjórnin nýja ætli sér ekki að taka á málinu, úr því að varnarmúrinn í kringum meintar símahlerannir er byrjaður að brotna. Aðgerðarleysi og sinnuleysi um þetta mikilvæga mál væri erfitt að túlka öðruvísi en sem viðurkenningu á sögulegri ábyrgð og samsekt. Símahleranir varða við lög nema að undangengum dómsúrskurði. Það hefur ekki enn verið upplýst, hvort dómsúrskurðir voru ævinlega til staðar og hvort þeir voru réttlætanlegir vegna öryggis ríkisins eða rannsóknar alvarlegra glæpamála. Torfbærinn við rætur Grímsstaðaholts æsku minnar gat varla vakið lögmætar grunsemdir. Þetta mál þarf að upplýsa undanbragðalaust.

### Innanhússmál

Fyrir stuttu barst nokkrum dómurum og öðrum lögfræðingum nafnlaust bréf uppfullt af rógi um nafngreinda hæstaréttardómara og aðra vegna Baugsmálsins. Bréfið var birt á vefnum og virðist varða við hegningarlög. Svo vill til, að höfundar bréfsins, ef þeir eru fleiri en einn, vélrituðu utan á umslögin. Ritvélar eru eins og byssur: engar tvær eru eins. Samt hefur enginn viðtakandi bréfsins beðið um rannsókn á uppruna þess svo vitað sé.

Það vekur eftirtekt, að dómarar og lögfræðingar skuli ekki vera hirðusamari en svo um lög og rétt. Hverjum stendur það nær en þeim að greiða fyrir framgangi réttvísinnar, þegar lög eru brotin? Þetta nafnlausa bréf virðist líkt og Baugsmálið í heild og Hafskipsmálið á sínum tíma vera liður í harðvítugum innanhússátökum í Sjálfstæðisflokknum. Framkvæmdastjóri Baugs, nú stjórnarformaður, hefur greint frá því, að málsókninni gegn honum var hrundið að stað eftir að hann reyndi með öðrum að kaupa hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Íslandsbanka. Þó hafði hann haft fyrrverandi aðstoðarmann forsætisráðherra með í kaupendahópnum. Þeir höfðu vogað sér inn á yfirráðasvæði annarra. Þessum átökum var vel lýst í Morgunblaðinu, og varð ekki séð, að blaðinu þætti það óeðlilegt, að forsætisráðherrann stæði í slíku stappi. Jóhann Hauksson blaðamaður hefur í Mannlífi lýst öðru nafnlausu innanhússbréfi frá einum máttarstólpa Sjálfstæðisflokksins til annars, einkabréfi, sem virðist varða við lög af lýsingunni að dæma, en bréfið hefur ekki enn verið birt opinberlega. Þessi nafnlausu bréf metta „andrúmsloft dauðans," sem Morgunblaðið hefur lýst vel úr návígi.

Frumvarp nokkurra Samfylkingarmanna til laga um rannsóknarnefndir, sem gætu hjálpað til að lyfta lokinu af meintum lögbrotum, náði ekki fram að ganga á síðasta þingi. Slíkar nefndir reynast vel í öðrum löndum. Nýtt folk á Alþingi hlýtur að leysa málið. Hér líðast engin undanbrögð.

## Menning og morðvopn

UMRÆÐAN

Hersýning á þjóðhátíð



STEFÁN PÁLSSON

Á sunnudaginn var þjóðhátíðardeginum fagnað um land allt. Í Reykjavík voru hátíðarhöldin með hefðbundnum hætti. Þennan dag var þó einnig boðið upp á annars konar afþreyingu í höfnum borgarinnar. Þar lágu við festar þrjú NATO-herskip, sem þótti tilhlýðilegt að sýna almenningi 17. júní.

„Vináttuheimsóknir" af þessu tagi eru árviss viðburður. Hingað koma þá vopnum búin herskip. Stjórnendur þessara hertóla gera þá sitt besta til að kveikja áhuga fjölmiðlafólks og bjóða því t.a.m. að fara í sérstakar skemmtiferðir um borð í herþyrlum eða að setjast upp í orrustuþotur. Eiga sumir fréttamenn til að spennast upp og verða eins og börn að leik.

Heimsóknir og vopnasýningar af þessu tagi hafa þann tilgang helstan að skapa jákvæða mynd af her og hermennsku. Mætti helst skilja að megintilgangur NATO-flotans sé sá að sigla snyrtilegum sjóliðum í stífpressuðum einkennisbúningum um heimsins höf og heimsækja hafnir í skemmtiskyni. Veruleikinn er þó allt annar.

Tilgangur herskipa er að taka þátt í hernaði og drepa fólk. Meðal skipanna sem hingað komu um liðna helgi var USS Normandy, herskip sem tekið hefur þátt í flestöllum stríðum Bandaríkjahers á liðnum árum. Á afrekaskrá þess er að skjóta flugskeytum á skotmörk í Bosníu og Írak. Hversu margir skyldu hafa fallið í þeim árásum?

Þegar NATO-herskip hafa verið auglýst til skoðunar á síðustu árum hefur talsvert borið á því að foreldrar eða afar og ömmur komi með börn um borð og leyfi þeim að dást að voldugum fallstykkjunum og bísperrtum dátunum. Það er ömurleg sjón.

Að þessu sinni heimsóttu þó fáir skipin og voru útlendingar þar í afgerandi meirihluta. Af því má ætla að Íslendingar kæri sig lítt um vopnasýningar af þessu tagi, í það minnsta ekki á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Eftir stendur spurningin um hver ber ábyrgð á þeirri ráðstöfun að sýna almenningi drápsvélar á 17. júní? Var sú ákvörðun tekin með vitund og vilja borgaryfirvalda og mega Reykvíkingar búast við fleiri slíkum sendingum á stórhátíðisdögum í framtíðinni?

*Höfundur er formaður Samtaka hernaðarandstæðinga.*




**1.128** kr/kg. áður 2.256 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns/magnbakki




**179** kr/kg. áður 299 kr/kg.
Holta ferskir vængir í Tex Mex kryddlegi




**1.399** kr/kg. áður 1.998 kr/kg.
Borgarnes lambalærisgrillsneiðar þurrkryddaðar




**1.046** kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
SS Grand orange helgarsteik




**1.761** kr/kg. áður 2.348 kr/kg.
Goða lærissneiðar marineraðar

H:N markaðssamskipti / SÍA    Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 21. júní til 24. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Aðstaða hælisleitenda á Íslandi

**UMRÆÐAN**
Innflytjendur

Í gær, 20. júní var alþjóðadagur flóttamanna. Ég er reglulega í sambandi við hælisleitendur hér á landi. Um 15-25 manns að meðaltali, sem leita hælis á Íslandi, búa í Reykjanesbæ. Það er ekki mikill fjöldi manna en alls sóttu 38 um hæli á Íslandi í fyrra.

Að fá leyfi til þess að búa hér er ekki auðvelt. Umsókn um hæli fer í gegnum ítarlega rannsókn sem tekur langan tíma. Sumir af þeim hælisleitendum sem nú búa í Reykjanesbæ hafa þegar beðið eftir viðbrögðum dómsmálayfirvaldanna í eitt til tvö ár. Fæstir hælisleitendanna eru með atvinnuleyfi og þurfa því að drepa tímann liðlangan daginn, alla daga. Að sjálfsögðu er eftirsóknarvert og nauðsynlegt að hælisumsókn verði afgreidd án tafar og að umsækjendur fái sanngjarnan úrskurð. En í rauninni virðist vera þörf fyrir ýmsar úrbætur í aðstæðum hælisleitenda. Þær varða t.d. aðstæður þeirra á meðan á biðtíma stendur (vinna, menntun, heilsugæsla, tilgangur hvers dags o.fl.), aðstæður gistiheimilis og samskipti milli umsækjenda og viðkomandi yfirvalda. Tökum dæmi: Þótt reglugerðir kveði á um að hælisleitendur skuli fá staðfestingu skráningar hjá Útlendingastofnun, þá virðist vera brotalöm á framkvæmdinni og fólkið hefur ekki skilríki sem sanna nafn þess og lagalega stöðu hérlendis. Fyrir einu og hálfu ári lenti einn hælisleitenda í bílslysi og þar sem hann var ekki með skilríki urðu nokkur vandræði. Var Útlendingastofnun þá bent á þessi vandkvæði en samt hafa engar úrbætur orðið. Svarið er alltaf „málið er í vinnslu“.


TOSHIKI TOMA

Málið er raunar í glatkistu. Hver er ástæða þess? Nú ætla ég að vera diplómatískur og vil ekki saka neinn af viðkomandi aðilum fyrir vanrækslu eða tillitsleysi. Mér sýnist ástæðan sem veldur „glatkistueinkennamynstrinu“ vera sú staðreynd að málefni hælisleitenda eru geymd í skugga samfélagsins og falin fyrir augum almennings. Auk þess kynnast margir málum hælisleitenda aðeins í umfjöllun dagblaða sem oft eru í hneykslunarstíl. Slíkt er ekki bara skaðlegt fyrir málefnið, heldur ýtir því lengra inn í skuggann. Þannig eru hælismál sett neðar en önnur mál sem bíða úrbóta og njóta ekki forgangs. Mér finnst afar nauðsynlegt og sanngjarnt að almenningur fái að þekkja hælismálin og axla ábyrgð sína.

Hælisleitendur hafa engan þrýstihóp að baki sér. Það hlutverk verður því almenningur að taka að sér. Í þessu samhengi er ég með tillögu. Ég vil hvetja alla alþingismenn til að fara í heimsókn til hælisleitenda í Reykjanesbæ og hitta fólkið og hlusta á það. Ég vil hvetja þingmennina til að kynnast málum hælisleitenda frá fyrstu hendi í staðinn fyrir að fá upplýsingar gegnum þriðja aðila.

Íslenska ríkið er aðili að alþjóðlegu samkomulagi um réttindi flóttamanna og hælisleitenda. Mér finnst ekki svo slæmt að eyða nokkrum klukkustundum í að skoða hvernig ástandið raunverulega er.

*Höfundur er prestur innflytjenda.*




## BRÉF TIL BLAÐSINS

### „Hús verða seint menning“

**Margrét Jónsdóttir á Akranesi skrifar:**

Í Fréttablaðinu 16.6. mátti lesa þessa setningu í pælingum Páls Baldvins Baldvinssonar um íslensku leiklistarverðlaunin sem áttu að afhendast þá um kvöldið. Þar talar hann um listir hvers konar eins og þær einar geti flokkast undir orðið „menning“. Ekki sá fyrsti né síðasti, þar sem þetta orð er misnotað af öllum menntamönnum sem og öðrum. „Menningarsíður“ eru í hverju blaði og er þar eingöngu fjallað um listir hvers konar.

En málið er að „menning“ er allt sem maðurinn aðhefst. Allt; stórt og smátt. Ekki bara listir. Og að halda því fram að „hús verði seint menning“ er náttúrlega bara misskilningur, þar sem byggingarlistin er jafn merkileg og hver önnur listgrein. Þar með sýna húsbyggingar menningarstig byggingarlistarinnar á hverjum tíma. Hús eru menning.

Og inni í húsum getur alls konar menningarlíf blómstrað, líka listalíf. Hér með skora ég á alla fréttamiðla að fara nú í broddi fylkingar og hætta að nota þetta orð eingöngu yfir listalíf, en nota það þegar við á. Það er hrein móðgun að kalla þætti í fjölmiðlum „menningarþetta og menningarhitt“ en fjalla eingöngu um listir. Menningin blasir alls staðar við okkur. Líka í því hvernig við umgöngumst landið okkar. Er menningin þar á háu stigi, þ.e.a.s. förum við vel með það? Eða er menningin komin niður á lágt stig, þ.e.a.s. förum við illa með það? Menningin hefur nefnilega tvær hliðar; hámenningu, lágmenningu. Listin líka.

Listin er bara einn angi menningarinnar, en afar mikilvægur. Allir aðrir angar menningarinnar eru líka mjög mikilvægir.

### Áfram Ísland

**Guðný Ósk Garðarsdóttir skrifar:**

Síðastliðinn laugardag, 16. júní, fór ég ásamt fjölskyldu minni á Laugardalsvöll að horfa á og hvetja íslenska kvennalandsliðið þar sem þær mættu því franska. Íslensku stelpurnar fóru með sigur af hólmi gegn sjöunda sterkasta liði heims. Að sitja í stúkunni og verða vitni að svo frækilegum sigri, frábæru samspili og liðsheild er góð skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Við styðjum strákana okkar í blíðu og stríðu, hvernig væri nú að sýna stelpunum okkar sama stuðning, mæta á völlinn og hvetja þær? Áhorfendametið var ekki slegið á laugardag, gerum betur segn Serbum og sláum þetta met. Ég ætla á völlinn á fimmtudaginn og hlakka til að sjá þig þar líka. Áfram Ísland!





**Ljósin í bænum,** í Suðurveri Stigahlíð 45 - 47, var á dögunum opnuð aftur eftir gagngerar breytingar. Er búið að taka upp fjölda nýrra vara í tilefni af því. Þess má jafnframt geta að báðar verslanir fyrirtækisins verða hafðar lokaðar á laugardögum yfir sumartímann.

**Shoeblogs.com** er sannkölluð himnasending fyrir skófíkla. Þar er nefnilega að finna upplýsingar um nýjustu skótískuna, myndbrot og ljósmyndir frá tískusýningum þar sem skór eru í sviðsljósinu, ágrip í sögu skófatnaðar og í raun nánast allt á milli himins og jarðar sem viðkemur skóm.

**Jónsmessumót** Hótels Framnes og Vífilsfells í golfi, verður haldið föstudaginn 22. júní. Er um einnar kylfu mót að ræða og fer skráning fram í golfskálanum fyrir mót. Þátttökugjald er 1.500 kr. Ræst verður út af öllu teigum klukkan 18.00. Á meðan mótið fer fram verða léttar veitingar í boði. Nánar á www.golf.is














Dröfn Ösp Snorradóttir, betur þekkt sem blaðamaðurinn og bloggarinn DD-Unit,

# Sex ára á hælum

***Dröfn Ösp, eða DD-Unit, hefur frá blautu barnsbeini haft mikinn áhuga á tísku, útliti og útlitshönnun.***

Margir þekkja Dröfn Ösp Snorradóttur betur undir dulnefni bloggarans og blaðamannsins DD-Unit, sem skrifaði vikulega slúðurpistla í Sirkus og bloggar nú grimmt á www.dd-unit.blogspot.com. Lesendum pistlanna er löngu orðið ljóst að daman DD er sérfróð um klæðnað, útlit og ástarlíf Hollywood stjarnanna.

Sjálf hefur Dröfn mikinn áhuga á tískustraumum og segir tískuna eitt tjáningarform af mörgum.

„Sumir syngja, aðrir mála og svo er til fólk sem tjáir sig með tískunni. Þegar ég er slöpp klæði ég mig upp til að líða aðeins betur og mér finnst gaman að klæða mig extra fínt um helgar,“ segir hún og bætir því við að fötin sem hún klæðist á myndinni séu í sérstöku uppáhaldi hjá henni um þessar mundir.

„Kjólinn fékk ég af stelpunum í Starkiller, kápan er hönnuð af Claude Bert, buxurnar eru frá American Apparel og skóna fékk ég á níu dollara á Ebay,“ segir Dröfn sem byrjaði strax í æsku að æfa sig á að ganga á hælum.

„Ég hef bara alltaf haft áhuga á þessu. Var komin í háa hæla og farin að raða saman fötum svona fimm, sex ára gömul,“ segir hún að lokum og það er ljóst að sá áhugi hefur hvergi dvínað.

*mhg@frettabladid.is*





**Blóm** eru tilvalin til þess að lífga upp á heimilið, bæði að utan og innan. Skiptir þá engu máli hvort blómin eru keypt í búð eða tínd úti í náttúrunni, blómin eru sumarleg og hressandi.

# Umhverfismál í öndvegi

***Eftirspurn eftir hreinlætisvörum frá Sonett eykst í Evrópu.***



Gerhard Hein rakti sögu Sonett á fyrirlestrinum sem haldinn var í Yggdrasil, en þýska fyrirtækið var stofnað árið 1977. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Starfsmenn Sonett voru nýlegar staddir hérlendis til að kynna hreinlætisvörur fyrirtækisins, sem eru framleiddar með umhverfisvæn sjónarmið að leiðarljósi, og njóta síaukinna vinsælda.

„Í grunninn gera þrír þættir vörurnar okkar alveg einstakar,“ útskýrir Beathe Oberdorfer, fulltrúi Sonett, sem flutti fyrirlestur um innihald og virkni hreinlætisvaranna í versluninni Yggdrasil, ásamt Gerhard Heid. „Í fyrsta lagi notum við eingöngu efni sem leysast alveg upp með eðlilegum hætti úti í náttúrunni og eru ekki ofnæmisvaldandi. Í öðru lagi notum við nánast eingöngu olíur, sem verða til með lífrænni ræktun. Síðan en ekki síst eins hreint vatn og völ er á.“

Að sögn Beathe eiga þessi atriði sinn þátt í því að gera Sonett-hreinlætisvörurnar einstakar út frá vistvænu sjónarhorni og hafa þær hlotið viðurkenningu fyrir stimplana ecogarantine og ecocontriol, sem eru gefnir út frá ströngum mælikvarða um umhverfisvænar vörur.



Í fyrirlestri sínum ræddi Beathe Oberdorfer um innihald og virkni varanna frá Sonett, sem eru framleiddar út frá vistvænu sjónarhorni.

Auk þess eru Sonett-hreinlætisvörurnar unnar úr hráum jurta- og steinefnum og þar af leiðandi lausar við kemísk efni, ensími, litar-, lyktar- og rotvarnarefni. Bleikiefni eru síðan ekki í sjálfu þvottaefni fyrirtækisins, heldur í sérstökum umbúðum sem fylgja með í pakkningunum. Beathe segir rotvarnar- og ilmefnin einmitt vera eina helstu orsakavalda ofnæmis.

„Svo hættir ilmefnum dæmigerðra hreinlætisvara til að sitja eftir, safna í sig skít og menga andrúmsloftið,“ bendir hún ennfremur á. „Þannig að þótt yfirborðsóhreinindi séu ef til vill á bak og burt, fylgja því ýmsir ókostir að nota þessi dæmigerðu hreinsiefni.“

Þess má loks geta að vörurnar frá Sonett eru í síauknum mæli að ryðja sér til rúms í Evrópu, þótt Beathe viðurkenni að hlutur umhverfisvænna hreinlætisvara sé enn lítill á markaðnum. „Vonandi á það bara eftir að breytast, enda um góðar og skilvirkar vörur að ræða. Svo ekki sé nú talað um umhverfisvænar.“

*roald@frettabladid.is*



Sonett framleiðir alls kyns hreinlætisvörur, þar á meðal þvottaefni, mýkingarefni, uppþvottalög og líkamssápur.


Ertu skóhólisti?

Það er til lausn!
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar eru svar þitt við hrúgunum sem flæða út úr skóskápunum.
Öskjurnar eru líka til í stærðum fyrir stígvélaáhugamenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina.

www.theclearbox.com - sími 511 0909

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

JÚNÍTILBOÐ
Á ROWE SÓFUM, SVEFNSÓFUM OG STÓLUM



20% AFSLÁTTUR

DALTON
Litir: Ljós / Beige – Ólífugrænn – Malt-brúnn

| | | |
|---|---|---|
| 3ja sæta | Verð áður 109.000 kr. | Nú 87.200 kr. |
| Svefnsófi | Verð áður 159.000 kr. | Nú 127.000 kr. |
| Stóll | Verð áður 82.000 kr. | Nú 65.600 kr. |
| Skemill | Verð áður 48.000 kr. | Nú 38.400 kr. |

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT





ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins



Eldhúsinnréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

ELBA



Snaigė

Eldavélar · Ofnar · Helluborð · Viftur & háfar · Uppþvottavélar · Kæli- og frystiskápar

20% afsláttur af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

Fríform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum



**Kaffidrykkja** getur verndað fólk fyrir augnkrampa sem getur valdið blindu, samkvæmt nýlegum rannsóknum. Þeir sem drukku einn til tvo bolla af kaffi á dag voru ólíklegri til þess að þjást af augnkrömpum.



Ása Inga Þorsteinsdóttir, fimleikaþjálfari hjá Gerplu í Kópavogi kennir krökkum hvernig á að umgangast garðatrampólín á öruggan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Kennir örugga trampólínnotkun

***Ása Inga Þorsteinsdóttir, þjálfari hjá fimleikafélaginu Gerplu í Kópavogi, heldur námskeið um örugga trampólínnotkun fyrir börn. Hún segir mikilvægt að krakkar hafi góðan grunn í trampólínstökki sem þeir geti svo byggt ofan á.***

Sjálf æfði Ása fimleika sem barn og sneri sér svo að hópfimleikum um fimmtán ára aldurinn en þeir snúast að miklu leyti um trampólínæfingar. Hún hélt fyrsta garðatrampólínnámskeiðið hjá Gerplu á síðasta ári en var á dögunum með slíkt námskeið hjá fimleikadeild Aftureldingar í Mosfellsbæ. „Mér finnst það mjög sniðugt að halda þessi námskeið fyrir börnin og sérstaklega þau sem hafa engan til að leiðbeina sér sem hefur vit á trampólínnotkun,“ segir Ása og bætir því við að á námskeiðunum fari hún yfir það með krökkunum hvernig þeir eigi að stjórna líkamanum til að halda jafnvægi. „Við byrjum á að fara yfir það hvernig á að halda spennu í líkamanum til að halda jafnvægi á trampólíninu. Það er líka mikið um að krakkar fái illt í bakið þegar þeir hoppa vegna þess að þeir hafa ekki grunnmeðvitund um hvernig þau þurfa að spenna magann og rassinn. Þá kemur hnykkur á mjóbakið þegar þeir lenda og ágerist eftir því sem þeir hoppa meira.“

Ása fer einnig yfir það hvernig krakkarnir eigi að stoppa sig og hvernig nota eigi hendurnar til að halda jafnvæginu. „Þá stökkva þeir ekki út um allt trampólínið heldur halda jafnvægi á ákveðnum punkti.“

Þá segir Ása mjög algengt að slys verði þegar fleiri en einn hoppa á sama tíma. „Ef tveir hoppa í einu gerist það gjarnan að annar missir kraftinn sinn og hinn fer tvöfalt hærra með þeim afleiðingum að hann missir stjórnina í loftinu. Þannig lenda krakkar stundum fyrir utan trampólínið og beinbrotna,“ segir Ása en hún kennir krökkum á námskeiðunum líka leiki sem byggjast á því að skiptast á þannig að einn hoppar í einu. Hún segir krökkunum almennt finnast slíkir leikir mjög skemmtilegir. „Það er allt of algengt að það séu fjórir til fimm krakkar á trampólíninu í einu og það er alveg bannað, að minnsta kosti hjá okkur í Gerplu. Eins sé ég allt of mörg trampólín án öryggisneta en það er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um hætturnar sem geta fylgt trampólínum og passi upp á börnin sín.“

sigridurh@frettabladid.is








15% afsláttur af dömu- og herra seðlaveskjum og buddum í júní. Gríptu tækifærið!

Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is













AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**Fiftís sundbolir** eru sérstaklega kvenlegir og fallegir. Þeir henta nánast hvaða vaxtarlagi sem er og hylja bikiní-línuna nokkuð vel.

# Gullfólkið góða

***Nýlega opnuðu þrjár verslanir með notuð föt í einu og sama húsinu við Laugaveg 28. Tvær voru til áður, Spútnik og Elvis, en verslunin POP er ný af nálinni. Þar er að finna mikið af „gulli" og gersemum.***

Ekki eru mörg ár síðan sérlegir aðdáendur tískunnar tóku upp á því að klæðast svokölluðum „second hand" fötum og í kjölfarið tók almenningur við sér. „Second hand" eða notuð föt, má finna í margskonar verðflokkum. Þau eru dýrari í tískuvöruverslunum, en ódýr þegar þau eru seld á vegum hjálparstofnana eða góðgerðarsamtaka. Það þýðir þá að kaupandinn þarf að hafa örlítið meira fyrir því að finna eitthvað fallegt, en það getur líka verið hluti af fjörinu. Hvernig sem kaupunum er háttað þá er nánast hægt að gulltryggja að flíkurnar koma sjaldnast í tveimur eintökum og því verður viðkomandi alltaf svolítið spes í „second hand" fötum.

*-mhg*



Gulldrengir verða að vita hvað tímanum líður. Súperflott Casio-úr sem fæst í Spútnikk.



Gullderhúfa úr POP.



Herra Hottsjott myndi taka sig vel út í þessari gullskyrtu sem fæst í Spútnikk.



Diggi-loo diggi-ley, alla tittar på mig där jag går i mina gyllne skor! hand" Gullskór úr Far á Laugaveginum.



Skringileg gleraugu eru mikið í tísku um þessar mundir og jafnvel ganga aðdáendur þeirra svo langt að ganga með þau á nefinu þó þeir hafi fullkomna sjón. Þessi töffaragleraugu fást í POP.

## Klassi og kynþokki frá Gucci

HEILLANDI ILMUR FRÁ EINU STÆRSTA TÍSKUHÚSI HEIMS



Nýlega kom á markaðinn, Gucci Pour Homme II -sérlega aðlaðandi ilmur fyrir karlmenn, samsettur úr meðal annars kanel, tóbakslaufi, mirru, musk og fjólulaufum. Imurinn virkar bæði nautnalegur og kryddaður og glasið er þungt og fallegt. Í sömu línu er einnig hægt að fá lyktareyði og húðmjólk eftir rakstur.


EYE-CARE

Vision Eye Care

- Dauðhreinsaðir augnklútar sem þrífa viðkvæm augnsvæði.
- Innihalda kamillu og slýserín sem hafa róandi og rakagefandi áhrif.
- Einstaklega góðir fyrir linsunotendur.
- Vernda pH gildi augnanna.
- Klútarnir eru augnlæknisfræðilega- og ofnæmisprófaðir og innihalda ekki ertandi efni.



Fæst í apótekum um land allt

ÚTSALAN HEFST Á FÖSTUDAGINN

DU PAREIL au même

Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Hvað er að frétta?

Fréttir af fólki_



www.visir.is

A bit of Luxury for Every Day




20% af öllum skóm dagana 21-24 júní (fim-sun)

Góð tilboð á stökum pörum

FRIIS COMPANY®

Laugavegi 55 og Kringlunni

**Hippatískan endurvakin** Undanfarin ár hefur sífellt meira farið fyrir bóhemtísku. Í sumar nær hún þó hámarki með útvíðum, mittisháum buxum, blómamynstri, stórum sólgleraugum, blústónlist og umhverfisvernd.



Gull-pallíettu skokkur úr Rokki og rósum.

Til að halda sér í formi er um að gera að stunda hreyfingu. Þetta skrautlega sippuband er tilvalið til þess. Fæst í POP.

Þessi fína hneta fæst í POP og passar vel við skóna.

Flott gulltaska fyrir hressa gullkrakka.

Fallegir sand-alar í brons og gulllitum, frábærir í sumar.















# Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum

ALCAN Novelis

Ál er okkar mál
ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!


# gott á grillið

FIMMTUDAGUR 21. JÚNÍ 2007



## Ferskur gosdrykkur og fiskur

**Erna Kaaber býr til sína eigin gosdrykki** BLS. 6



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk

Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is

FABRIKAN

# Grillaðir ávextir í eftirrétt

Það er ýmislegt fleira hægt að gera á grillinu en grilla kjöt og fisk því eftirréttirnir geta verið virkilega ljúffengir af grillinu líka. Hér eru tvær hugmyndir að grilluðum eftirrétti; réttur fyrir fullorðna og annar fyrir alla fjölskylduna.



Ferskjur eru góðar ferskar og gríðarlega góðar grillaðar.

**GRILLAÐAR FERSKJUR MEÐ MASCARPONE OG BRANDÍ**

Uppskrift fyrir sex:
3 ferskjur, steinlausar og skornar í fernt
2 msk. sykur
2 msk. brandí
1 msk. ferskur sítrónusafi
50 gr Galbani Mascarpone-ostur
1/4 tsk. vanilludropar
3/4 bolli þurrt hvítvín
Carapelli Extra Virgin ólívuolía

Penslið grindina á grillinu með ólífuolíu. Setjið ferskjurnar á miðlungs heitt grillið og grillið í 2 til 3 mínútur á hvorri hlið, í um 5 til 6 mínútur í allt. Þá ættu ferskjurnar að vera orðnar heitar í gegn og mjúkar og að auki komnar með þessi líka fínu grillrendur.

Á meðan ferskjurnar eru á grillinu er sykur, brandí og sítrónusafi sett í skál og blandað saman. Leggið síðan til hliðar.

Þegar ferskjurnar eru tilbúnar eru þær settar á grunnan disk. Hellið brandí-blöndunni yfir og hrærið svo blandan dreifist sem best. Leggið til hliðar í 15 mín.

Setjið Mascarpone-ostinn og vanilludropana í skál og blandið saman.

Skiptið ferskjunum (og brandíblöndunni) á sex diska. Hellið hvítvíninu yfir. Setjið ostinn ofan á ferskjurnar og berið fram.



Grillaðir bananar með súkkulaði eru svakalega vinsælir meðal fólks á öllum aldri.

**GRILLAÐIR BANANAR**

Einn banani á hvern matargest.
Mjólkursúkkulaði eða Mars
Álpappír
Rjómi

Skerið rauf í endilangan banann.

Setjið súkkulaði í raufina og vefjið banananna inn í álpappír.

Grillið í um það bil tuttugu mínútur og berið fram með þeyttum rjóma.

**Norm-X**
Heitir pottar
Íslensk framleiðsla
Heimasíðan okkar er
www.normx.is
Norm-X hefur frá 1982 sérhæft sig í framleiðslu heitra potta sem henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel.
Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd og ljósabúnað og tvær gerðir af lokum.
Samstarfsaðili okkar á Akureyri er Tjalda- og Seglaþjónustan ehf. sími 461-5077

Grettislaug 1500 L
Setlaug 2050 L með legubekk
Setlaug 1200 L

Snorralaug 2000 L
Norm-X Auðbrekku 6 Kópavogi Sími 565-8899
www.normx.is normx@normx.is



Gísli segir lambalæri góðan kost ef grilla á fyrir marga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lambalærið best á grillið

**Gísli Þorsteinsson markaðsstjóri Matvælarannsókna Íslands er vanur grillari og veit hvað er best á grillið.**

„Ég mæli með því að fólk velji sér stóra bita af kjöti í stað smærri og lambalæri er oft ágæt lausn ef grilla á fyrir fjóra til fimm fullorðna eða fleiri,“ segir Gísli.

Ef bitarnir eru stórir er mikilvægt að kjötið sé meyrt að sögn Gísla. „Lambalærið er ákaflega meyrt og tekur vel við kryddi, eiginlega eftir smekk hvers og eins,“ segir hann.

Undirbúningur skiptir miklu máli að sögn Gísla ef vel á að takast til við matargerðina. „Mikilvægt er að þíða lærið í ísskáp í þrjá til fimm daga hafi það verið keypt frosið. Þá er mjaðmabein og rófubein fjarlægt svo auðvelt sé að skera kjötið eftir að það hefur verið grillað. Lærið er kryddað með saltlausum kryddum eða sett í marineringarlög í einn til tvo sólarhringa. Því er síðan pakkað inn í tvö til þrjú lög af álpappír og sett á grillið eins nálægt hita og mögulegt er ef um gasgrill er að ræða eða á kolin ef kolagrill er notað. Gott er að láta lærið liggja í tuttugu mínútur áður en því er velt á hina hliðina í aðrar tuttugu mínútur. Svo er því velt aftur eða þar til það er orðið nægilega steikt.“

Gísli segir að gott sé að stinga hitamæli í miðjan þykkasta vöðvann á lærinu á meðan það liggur á grillinu svo hægt sé að fylgjast með því hvort að það sé orðið nægilega steikt. „Þegar hitastigið í miðju læri er orðið 56 – 57 °c er það orðið hæfilega steikt. Þá er það tekið af grillinu og látið jafna sig á álpappírnum í tíu mínútur áður en það er skorið. Kosturinn við að vera með læri er að það er hægt að fá mismunandi vel steikt kjöt af sama læri,“ segir Gísli.

Meðfylgjandi er tillaga Gísla að maríneringu á lærið.

**MARINERING Á GRILLLÆRI**

**4 hvítlauksrif**
**nokkrar ferskar basilikugreinar**
**matarolía**
**rifinn börkur og safi úr einni sítrónu**

Hráefnið er sett í matvinnsluvél eða blandara ásamt matskeið af púðursykri (má sleppa) og teskeið af salti. Maukinu smurt á lærið og það sett á álpappír. Þá er grein af fersku rósmaríni sett á lærið og því síðan pakkað inn.

*emilia@frettabladid.is*

# Suðrænt kartöflusalat

Þetta kartöflusalat er fljótlegt og auðvelt að framreiða. Það passar vel með flestum grillmat og fellur vel í kramið hjá öllum aldurshópum, enda er erfitt að klikka með blöndu af kartöflum, hvítlauk og tómötum.

**SUÐRÆNT KARTÖFLUSALAT**

**1 kíló af kartöflum**
**rúmlega hálf krukka af sólþurrkuðum tómötum**
**4 hvítlauksrif**
**1/2 poki af ristuðum sólblómafræjum**

Byrjið á að sjóða kíló af kartöflum. Þær þurfa að vera smáar og með góðu hýði. Ef veislan fer fram um kvöldið þá er gott að sjóða kartöflurnar á hádegi svo þær séu orðnar kaldar seinnipartinn. Þegar kartöflurnar eru tilbúnar á að skera þær í báta og hafa hýðið á. Svo eru sólþurrkuðu tómatarnir saxaðir niður í smátt og hvítlaukurinn pressaður og steiktur í olíunni af tómötunum. Þeim sem þykir hvítlaukur góður ættu endilega að steikja bara meira af honum.

Að lokum er tómötum og kartöflum bætt á pönnuna og allt steikt í svolitla stund, eða þar til kartöflurnar eru örlítið brúnaðar.

Setið í fallega skál, skreytið með sólblómafræjum, berið fram og njótið!

*mhg@frettabladid.is*



Sólþurrkaðir tómatar og hvítlaukur gera þetta að einu gómsætasta kartöflusalati sem sögur fara af.

# Ævintýralega gott á grillið!

## Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið.

Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Ljúffengar lambalundir á grillið.

Mikið úrval að girnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.






Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts

Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



Fiskisaga

GALLERÍ KJÖT

*Ævintýralegar sælkerabúðir*

**Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu:** Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1
**Sælkerabúðir Fiskisögu:** Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100
Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi



Prinsaspjótin eru meðal þeirra rétta sem eru vinsælir í versluninni, sem er nú einnig opin á laugardögum frá klukkan 12.00 til 14.00.



Keila í indversku karríi og lax í sweet-chili teryaki.

# Sælkeraveisla úr sjónum

**Eigendur fiskverslunarinnar Hafsins-fiskiprinsins eftirláta lesendum uppskriftir að grillréttum.**

„Hérna svigna borðin undan gómsætum grillréttum yfir sumartímann,“ segir Eyjólfur Pálsson hress í bragði, en hann rekur fiskverslunina Hafið-fiskiprinsinn í Hlíðasmára 8, ásamt félaga sínum Halldóri Halldórssyni.

Eyjólfur segir prinsaspjótin einna vinsælust á grillið. „Þau eru náttúrulega lostæti. Sömuleiðis lúða í smjörkryddi, lax í teriyaki og forréttaspjót, en á því eru risarækjur og hörpudiskur. Þá þykja keilan og langan, sem eru mjög þéttar í sér, ekki síður góðar á grillið.“

Ásamt því að bjóða upp á tilbúna rétti, gera félagarnir einnig mikið út á ferskan fisk. Í því samhengi bendir Eyjólfur á að risarækjur, stór hörpudiskur og allar stærðir af góðum humri fáist í búðinni. „Þá er ótalin humarsúpa Prinsins, súpa sem er löguð til úr rjóma eða kókosmjólk með uppáhalds fisktegundum hvers og eins,“ bætir hann við.

Félagarnir í Hafinu-Fiskiprinsinum eftirláta lesendum uppskriftir að nokkrum gómsætum grillréttum. Þar á meðal að fiskspjótunum vinsælu.

*roald@frettabladid.is*



Humarhalarnir eru látnir grillast í um það bil sex mínútur, þaktir hvítlaukssmjöri.

### HUMARVEISLA

12 stórir humarhalar í skel
hvítlaukssmjör með steinselju
Maldon-sjávarsalt
fersk steinselja

Klippið skeljar humarhalanna eftir þeim endilöngum og notið þumlana til að opna skelina. Smyrjið hvítlaukssmjörinu ofan í skeljarnar. Stráið fingurbjörg af Maldon-salti og vel saxaðri steinselju yfir hvítlaukssmjörið. Leggið halana á vel heitt grill og látið grillast í um það bil sex mínútur.

### PRINSASPJÓT

200 g lax roðlaus og beinlaus
200 g lúða roðlaus og beinlaus
200 g langa roðlaus og beinlaus
200 g steinbítur roðlaus og beinlaus
Hotspot teriyaki-sósa
grænt pesto
curry paste frá Rajah
satay-sósa frá Thai Choice
4 stór grillspjót

Skerið fisk í 50 gramma bita. Leggið hann svo í lög, lax í teriyaki, lúðu í karrýmauk, löngu í grænt pestó og steinbít í satay-sósu í um það bil fjóra tíma. Setjið svo einn bita af hverri tegund upp á spjótin. Grillið á heitu grilli í fimm mínútur á hvorri hlið.

### KEILA Í INDVERSKU KARRÍI

1 kg keila roðlaus og beinlaus, skorin í steikur
1 hvítur laukur
1 chili
1/2 hvítlauksgeiri
50 g ólívur, bæði svartar og grænar
50 g sólþurrkaðir tómatar
1 tsk. salt
1 tsk. pipar
2 tsk. karrí
1 tsk. paprikuduft
1 tsk. arómat-krydd
2 dl ólívuolía

Setjið krydd, grænmeti og olíu í matvinnsluvél og maukið saman. Látið keiluna liggja í um það bil fjóra tíma í leginum. Setjið keiluna á vel heitt grill í fjórar mínútur á hvorri hlið. Tilvalið er að pensla hana með kryddleginum á meðan grillað er.

### LAX Í SWEET-CHILI TERYAKI

1 kg laxaflak
1 dl teryaki frá Hotspot
1 dl sweet chili frá Thai Choice
1 msk. af sesamfræum

Skerið laxinn í fjóra góða bita og hafið hann með roðinu. Blandið saman teryaki-sósu og sweet chili sósu og setjið sesamfræ út í. Penslið laxinn síðan með leginum. Grillið í tvær mínútur á roðlausu hliðinni, til að fá flottar rendur í laxinn. Snúið honum síðan við á roðhliðina og grillið í fjórar mínútur. Gott er að pensla hann nokkrum sinnum með leginum.



Eyjólfur og Halldór eru aðeins 25 ára, en vantar ekki reynsluna. Eyjólfur byrjaði í fiski aðeins 12 ára og hóf 16 ára störf í Fiskbúðinni Vör, þar sem hann fékk viðurnefnið fiskiprinsinn. Þannig er heiti búðarinnar tilkomið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR





BYLGJAN
989
NINGS
Sumarleikur
Sumar
tilboð
Við drögum tvisvar í viku í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.
Á föstudögum: Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 10 manna matarveislu frá Nings og sumaráskrift að Séð og Heyrt.
Á miðvikudögum: 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
Og í lok sumars drögum við út flottan Volkswagen Golf með sportpakka til afnota í heilt ár.
ATH! TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI
EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. COKE MEÐ TILBOÐINU
krónur
1295
á mann
krónur
2590
fyrir tvo
Coca-Cola
Eggjanúðlur með grænmeti,
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í ostrusósu
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu,
Drögum í lok sumars...
Volkswagen Golf til afnota í eitt ár frá Heklu
Coca-Cola
Drögum vikulega í allt sumar...
Sumarglaðning frá Vífilfelli
WWW.ICELANDAIR.IS
Drögum vikulega í allt sumar...
Evrópuferð fyrir 2 með Icelandair
NINGS
Drögum vikulega í allt sumar...
Matarveisla frá Nings fyrir 10 manns
LAUGAR
Drögum vikulega í allt sumar...
6 mánaða kort í World Class Laugum
SÉÐ OG HEYRT
Drögum vikulega í allt sumar...
Sumaráskrift að Séð og heyrt
olís
Drögum vikulega í allt sumar...
Bensín úttekt frá Olís
Klikkaðir Aukavinningar
Biomega reiðhjól
biomega
Magnús Bess
Margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt velur heilsurétti Nings
Hrönn Sigurðardóttir
Bikarmeistari í vaxtarækt 2006 og Íslandsmeistari í vaxtarækt 2007 velur heilsurétti Nings
Þú færð þátttökuseðil þegar þú kaupir mat á Nings, fyllir hann út og þú ert með í leiknum.
NINGS
NINGS
NINGS
Golf
NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12, VIÐ GULLINBRÚ SÍMI: 588 9899 OG KAUPVANGSSTRÆTI AKUREYRI SÍMI: 440 6600

# Loftræsting og kæling áríðandi



Á vefsíðu Skeljungs, skeljungur.is, er að finna ýmsar ráðleggingar í sambandi við grill og gaskúta, þar á meðal nokkur öryggisatriði.

Á síðunni kemur fram að gaskúta skuli alltaf geyma á köldum stað, þar sem loftræsting er jafnframt góð.

Hins vegar er mælt gegn því að kútar þyngri en 11 kíló séu hafðir inni eða geymdir í kjöllurum eða niðurgröfnum geymslum.

Þá er ráðlagt að hafa gaskúta vel skorðaða og upprétta þegar þeir eru fluttir á milli staða, til dæmis með bílum. Auðvitað þarf að hafa skrúfað fyrir og öryggistappa í skrúfgangi. -rve


**Sérfræðingar í saltfiski**

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is



weber



Weber Ferðagrill í miklu úrvali.
Kynntu þér úrvalið á næsta sölustað.



Q 120 - 200 Ferðagasgrill
Q 120 - 200 Ferðaborð & taska.

Söluaðilar.: Járn og Gler ehf - Garðheimar - ECC - Húsasmiðjan - EGG - Everest - Útilegumaðurinn - Víkurverk - Ellingsen
www.weber.is


# Fiskur í áli á bálið

**Erna Kaaber grillar fisk og gerir lífræna gosdrykki.**



Erna Kaaber segir auðveldara en margan grunar að gera heimatilbúna gosdrykki.

„Það er auðvelt að elda nánast hvað sem er í álumslagi á grilli en fiskurinn er þó líklega eitt það allra auðveldasta,“ segir Erna Kaaber á veitingahúsinu Icelandic Fish & Chips, sem jafnframt því að vera sérlega góður kokkur er áhugakona um lífræna framleiðslu og næringargildi matvæla. „Í álumslaginu fara engin næringarefni til spillis heldur umfaðma ólíkar bragðtegundir hver aðra og þannig má smella nánast hverju sem er í umslagið með fiskinum,“ bætir hún við.

Erna féllst á að grilla fiskrétt fyrir Fréttablaðið og gefa líka uppskrift að einstaklega ferskum og góðum gosdrykkjum sem hún blandar sjálf en hún segir gosdrykkjaneyslu landans vera fram úr hófi. „Gosdrykkjaneysla Íslendinga hefur náð nýjum hæðum og það er áhyggjuefni, enda fjöldaframleiddir gosdrykkir yfirleitt fullir af alls kyns ófögnuði eins og kornsírópi og gervisykri sem hefur vafasöm áhrif á mannslíkamann.“

**RAUÐSPRETTA MEÐ KÓRÍANDER OG MYNTU**

1/2 búnt kóríander
1/2 búnt mynta
1 þumlungur engifer
4 hvítlauksrif
1 chili
2 lime
1 sítróna
300 ml ólívuolía
1/2 dl hvítvínsedik
Maldon-salt
sesamfræ

Kóríander- og myntublöðin eru slitin af stilkunum og sett til hliðar. Engiferrótin er afhýdd og chilið fræhreinsað. Lime-ávextirnir eru skafnir með rifjárni og safinn kreistur úr þeim báðum sem og sítrónunni.

Svolítið af olíunni er sett í blandara og engifer og hvítlauk bætt við. Best er að nota Vita Mix því hann tætir niður hvítlauksrifin og engiferbútana án vandræða og skilur ekki eftir sig hálftætta stubba. Vita Mix-blandarinn er stilltur á minnsta hraða en gott er að gefa aðeins í öðru hverju í um 30 sek. Þegar engifer og hvítlaukur hefur saxast vel er chili-inu bætt saman við, berkinum af báðum lime-ávöxtunum og safanum af sítrusávöxtunum. Hafið stillt á lægsta hraða og gætið þess að chili-piparinn maukist ekki. Því sem eftir er af olíunni er nú bætt saman við ásamt hvítvínsedikinu. Best er að láta blönduna standa í svolitla stund áður en hún er notuð.

Álpappír er lagður á borð og fyrir miðju eru settar tvær matskeiðar af olíublöndunni og svo búnt af myntu og kóríanderblöðum. Ofan á þau eru lagðir rauðsprettubitar u.þ.b. 150 gr. í hvert umslag. Stráið yfir Maldon-salti og sesamfræjum. Gætið þess að brjóta vel upp á umslögin svo ekki leki úr þeim niður í grillið. Umslögin eru sett á grillið á meðalhita. Eftir að þau bólgna upp er best að taka þau af eftir um 3-4 mínútur. Þau eru svo opnuð með hníf og borin fram með kartöflum eða salati.

Olían geymist í kæli í nokkra daga svo hún er tilvalin til að pensla kjúklingaspjótin með daginn eftir.



Girnileg rauðspretta, grillaðar kartöflur og heimagert gos.

**HEIMALAGAÐ GOS**

Erna segir það auðveldara en margur heldur að blanda eigin gosdrykki. „Það eina sem til þarf í gosdrykkjaframleiðsluna er góð safapressa. Fyrir berjadrykki er best að nota þessar gömlu handsnúnu en fyrir aðra ávexti er betra að nota nýju rafknúnu gerðina“.

**HINDBERJA OG MYNTUGOS:**

1/2 kg. hindber
1 búnt mynta
slatti af agave-sírópi (fer eftir sætusmekk hvers og eins)
sódavatn

Fyrst er berjunum rennt í gegnum safapressuna. Það er ágætt að gera það nokkrum sinnum því það tekur nokkrar umferðir áður en allur safinn er úr þeim kreistur. Þá er myntunni rennt í gegnum pressuna. Bæði mynta og ber gefa frá sér sterkan lit sem erfitt getur reynst að ná úr fötum svo best er að vera með góða svuntu við verkið. Þá er agave-sírópi bætt út í blönduna þar til hún hefur náð réttu sætumagni. Blandan er svo hrist vel saman. Í 350 ml glas er ágætt að nota tvöfaldan skammt úr sjússamæli og fylla svo upp með sódavatni.

Berjablandan geymist vel í kæli í viku. -mhg

# RÝMINGARSALA

## 30-70%

afsláttur af öllum vörum í versluninni

Komdu og gerðu frábær kaup





RÝMINGARSALA!





mira art HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is



# FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!

## Mikið úrval fjölstillanlegra rafstýrðra rafmagnsrúma frá Þýskalandi

| DÆMI UM VERÐ | DÆMI UM VERÐ | DÆMI UM VERÐ |
|---|---|---|
| Classic (2x90x200) með heilsudýnum | Eleganse (2x90x200) með heilsudýnum | Avant Gard (2x90x200) með heilsudýnum |
| kr. 172.800 | kr. 228.600 | kr. 354.400 |

Í tilefni opnunar á nýrri og stórglæsilegri verslun okkar í Bláu húsunum í Faxafeni bjóðum við frábær opnunartilboð á amerísku heilsurúmunum frá King Koil, svefnsófum og svefnherbergishúsgögnum.



COMFORT solutions®
By King Koil®

### Amerískar heilsudýnur í hæsta gæðaflokki.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises

Mest selda heilsudýnan okkar - Perfect contour Bal harbour - fimm svæða í gormakerfi og bólstrun með áfastri yfirdýnu.

| QUEEN SIZE | CAMELOT FIRM |
|---|---|
| (97x203) | (Full XL 135x203) |
| Áður kr. 177.900 | Áður kr. 135.500 |
| NÚ kr. 126.900 | NÚ kr. 94.900 |

## AMERÍSKU RAFMAGNSRÚMIN

### FRÁ LEGET & PLATT OG KING KOIL



Opnunartilboð
Twin XL (97x203)
frá kr. 169.900

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is



## Grillstaðreyndir

Stærsta grillhátíð heims var haldin í Kansas City í Bandaríkjunum árið 1975. Risastór hola var grafin sérstaklega fyrir viðburðinn en fimm naut voru grilluð. Grillhátíðin tók þrjá daga og þrjú lið grillmeistara vöktuðu grillið öllum stundum.

Grill var upprunalega notað í eyjum Karíbahafinu þar sem indjánar notuðu trékurl á litlum eldi til að elda kjötræmur.

Bandaríkjamenn elska grill sérstaklega mikið. Grill er til á þremur af fjórum amerískum heimilum og eru þau notuð að meðaltali fimm sinnum í mánuði.

Alþjóðlegt orð yfir grill er „barbecue“ en enginn veit uppruna orðsins. Spánverjar kalla það barbacoa, Frakkarnir tala um barbe à queue og Rúmenar hafa búið til orðið barbec.

Stærsta grillpartíið var haldið í New Orleans árið 1997 þegar um það bil átján þúsund manns komu saman í tilefni fimmtugsafmælis. Ekki hafði öllum sem komu í afmælið verið boðið og sumir vissu ekki einu sinni hvert afmælisbarnið var.

## Útileguráð

**FJALLAKRYDDLÖGUR**
Hrærið saman dijonsinnepi, olíu, balsamediki og smá hunangi. Smyrjið þessu á lambalæri sem bíður þess að fara á grillið, eða ofan í holu með kolum í botninn. Dreifið íslenskum kryddjurtum yfir lærið, til dæmis birkilaufi, kúmeni og blóðbergi.

**SALT Á VATNAFISK**
Eigin veiði bragðast einkar vel af glóðum. Ekki þarf að krydda silung eða lax mikið enda best að hið náttúrulega bragð njóti sín. Saltið er samt nauðsynlegt á vatnafisk.

**BAKAÐ ÚTI**
Hægt er að baka brauð á dauðum greinum yfir eldi og það er einkar vinsælt hjá börnum að leita að þeim. Deigi úr mjöli, salti, geri, bræddri smjörklípu og vatni er vafið um greinina sem snúið er yfir eldinum eftir þörfum. Fjallabrauð bragðast vel með öllum mat.

**ÚR VILLTRI NÁTTÚRU**
Villisveppir geta verið mesta lostæti, ekki síst ef þeir eru borðaðir úti í náttúrunni. Gott er að fylla þá með smurosti og bregða á hlóðirnar.

# Glóðað piparbrauð

Eitt af því sem gott er af grillinu er nýbakað brauð. Því hefur Hadda Björk Gísladóttir fyrir löngu áttað sig á. Fyrir utan að skella degi á grillið heima í garði hefur hún gjarnan hveitilúku og ger með sér í útilegur. „Það er einfalt að baka brauð á ferðalögum,“ segir hún. „Ég blanda bara í það að morgni, set það í plast og leyfi deiginu að hefast í farteskinu yfir daginn. Þá er það tilbúið þegar að kvöldmáltíðinni kemur. Ég passa að hnoða ekki alla lyftinguna úr deginu þegar ég móta brauðin í litlar kökur. Síðan bregð ég þeim á grillið og sjaldan bragðast þau betur en í útilegum.“

Hadda kveðst gera brauðin eftir hendinni en hér er samt uppskrift sem má styðjast við.

3 dl mjólk
2 dl vatn
1 bréf þurrger
1 tsk. salt
1 tsk. sykur
1/2 dl olía
500 g hveiti
3 tsk. piparblanda

Mjólk og vatn er yljað aðeins, gerið og sykurinn sett út í áður en öllu hinu er blandað saman við.



**Hadda þarf ekki rándýrt gasgrill til að búa til góðan mat. Hér hefur hún útbúið ágætis hlóðir milli steina og stundar þar brauðbakstur.** MYND/GUN






Rabarbara-unaður með súkkulaðirúsínum og kanil.



Hamborgari með blóðbergssveppum.



Kjúklingabuff er notað í stað hefðbundins hamborgara.



Grilluð hummustortilla með papriku og rauðlauk.

# Villt náttúrugrillveisla

**Andinn leitar út í náttúruna þegar sumarið gengur í garð. Valentína Björnsdóttir eigandi Móður Náttúru finnur fyrir þessu og nýtir sér gróðurinn í kringum sig þegar hún útbýr villta náttúrugrillveislu.**

„Nú er loks runnin upp þessi langþráða árstíð þar sem gróðurinn er allur að springa út og jurtirnar eru hvað kraftmestar, töfrandi birtan og seiðandi sumarilmur fylla vitin á fögrum sumarkvöldum,“ segir Valentína Björnsdóttir dreymin á svip. „Allt þetta yndi vekur upp hjá manni löngun til að verða eitt með náttúrunni og finna hvernig augnablikið. Er þetta ekki einmitt góð ástæða til halda villta náttúruveislu og fagna lífinu?,“ spyr hún með bros á vör.

### HEILSUHAMBORGARI MEÐ BLÓÐBERGSSVEPPUM

4 stykki

1 pakki sneiddir sveppir
10 blóðbergsgreinar eða ferskt timjan
1 hvítlauksrif saxað
1 msk. smjör.
(Allt sett á álpappír og búið til umslag og grillað í u.þ.b. 10 mínútur.)
4 hamborgarabrauð
4 kjúklingabaunabuff frá Móður náttúru
BBQ sósa
8 kúrbítssneiðar
4 þykkar rauðlaukssneiðar
fetaostur
4 msk. sólskinssósa



Valentína Björnsdóttir við gnægtarborð náttúrunnar.

1/2 dl sýrður rjómi
Grænt salat

Buffin eru smurð með BBQ sósu og grilluð. Rauðlaukur og kúrbítur penslaður með olíu og grillaður á báðum hliðum.

Hamborgarabrauðið hitað á grillinu.

Salat, sósa og kúrbítur sett á brauðið. Næst buffið, rauðlaukurinn, sveppirnir og fetaosturinn.

### GRILLUÐ HUMMUS TORTILLA

Þessi uppskrift miðast við eina tortillu.

1 tortilla 10 tommu
2 msk. hummus frá Móður Náttúru
2 msk. sólskinssósa frá Móður Náttúru
7 strimlar paprika
3 kirsuberjatómatar skornir í tvennt
1 msk. sneiddur rauðlaukur
3 msk. rifinn ostur

Hummus smurt á tortilluna og síðan sólskinssósu. Grænmetið er sett í miðju tortillunnar og dreift aðeins úr því. Ostinum er stráð yfir og smá sóskinsósu. Tortillan er brotin inn á í hliðunum og rúllað upp. Tortillan er grilluð í 4 mínútur á hvorri hlið á efri grindinni, eða þar til fallegur litur er kominn á tortilluna. Borið fram með brakandi grænu salati.

### RABARBARA-UNAÐUR

300 gr eplamús
1/2 bolli dökkar súkkulaðirúsínur
1/2 kg rabarbari sneiddur
1/2 bolli hlynsíróp
1 msk. kanill

Öllu blandað saman og sett í álform með álpappír yfir, grillað í 25 mínútur á efri grindinni með grillið lokað.

Borið fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.



# VON Á GÓÐU SUMRI!



Vandaður frístunda- og útivistarfatnaður frá Dynjanda gerir sumarið enn betra.

**HETTUPEYSA**

**VERÐ kr. 3.548.-**

Hettupeysa með rennilás

1251

**LAVVO JAKKAR**

**VERÐ kr. 13.478.-**

Frábær útivistarfatnaður, með öndun og er vind- og vatnsheldur.

**LAVVO BUXUR**

**VERÐ kr. 9.199.-**

Frábær útivistarfatnaður, með öndun og er vind- og vatnsheldur.

**SOFT SHELL JAKKI**

**VERÐ kr. 8.471,-**

Léttur jakki sem andar og hrindir frá sér vindi og vatni.

1799

**GÖNGUSKÓR**

**VERÐ kr. 7.916,-**

Góðir gönguskór með Mer-Tex öndun og Vibram sóla

WI 565

**GÖNGUSKÓR**

**VERÐ kr. 15.836,-**

Sérlega vandaðir leðurskór með Sympatex öndunar-filmu og Vibram sóla

WI 568

Skeifan 3 108 Reykjavík Sími 588 5080 www.dynjandi.is

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

SLENDERTONE® System

*Tími til að líta vel út ...!*

# *Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum ?*

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.



SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
**dömu / herra**
kr. 19.980,-

KORTER.IS

Heildarlausn til að móta allan líkamann...

*Pakki 1*
Slendertone belti - buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 2*
Slendertone belti - armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*Pakki 3*
Slendertone buxur - armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 4*
Kynningarverð fyrir dömur - alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-




**Eitt stjórntæki**
-með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Verslunarrekstur á laugavegi til sölu. Gjafavöruverslunin Frú Fiðrildi á Laugavegi 39 er til sölu, rekstur og eða lager. Ef þú ert með fiðrildi í maganum hringdu þá í 6909426 og fáðu nánari upplýsingar.






**Fyrirtæki og stofnanir**
**Stubbastrumpar. Viltu losna við sígarettustubba og tyggjóklessur? Einnig til á vegg. Framleiðandi One Stone ehf Pöntunarsímar 661 3799 & 892 3750.**




Til sölu Kurbý ryksuga með þvottavél og aukahlutum, sem ný. Uppl. í s. 861 3901 e. kl. 15.

## Óskast keypt

Óska e. vel með farinni eldhúsinnréttingu u-laga með öllu. Ekki Mahony. S. 553 5247 & 899 9928.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.15.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

**Harmonikkur**
**Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði!**
**www.4you.is Kársnessbraut 114.**

## Verslun




Verslunarrekstur á laugavegi til sölu. Gjafavöruverslunin Frú Fiðrildi á Laugavegi 39 er til sölu, rekstur og eða lager. Ef þú ert með fiðrildi í maganum hringdu þá í 6909426 og fáðu nánari upplýsingar.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Ýmislegt

Rafmagnsgolfskutla selt ódýrt, uppl. í s. 581 4518.

# HEILSA

## Heilsuvörur




**35 kíló farin!**
**Þessum árangri náði ég með vörunum frá LR. Kúrinn er hraðvirkur og mjög árangursríkur. Einstaklega ríkur af bætiefnum. Betri svefn, aukin orka, ekkert blóðsykurflökt og margt fleira. Hafðu samband og ég mun senda þér nánari upplýsingar. S. 891 6264 og netfang allax@simnet.is**




Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

## Nudd

svört nuddstelpa í síma 659 9420.

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Antík

Til sölu antíkborðstofuborð+7 stólar, skenkur og skápur. Uppl. í s. 898 6549.

## Gefins

4 ára 3 manna sófi og hjónarúm 200*200cm 3 ára fæst gefins gegn því að vera sótt um helgina. Vegna flutninga. Páll Svavar 869 6093.

## Dýrahald

**2 sama verði og 1**
**Eukanuba maintenance Large 2x15 kg, 6.650.-**

**Eukanuba Puppy Jr. Large 2x15kg, 7.650.-**

**Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og Iams með 30% afslætti í júní.**
**Dýraland, Mjódd. S. 587 0711**

**Dýraland, Kringlan. S. 588 0711**

**Dýraland, Spöng. S. 587 0744**



Til sölu Siberian husky, gullfalleg bláeyg 7 mán. tík, með ættb. frá HRFÍ. Uppl. í s. 847 4503.



Til sölu Chihuahua hvolpar. Ættbókafærðir hjá Íshundum,örmerktir og bólusettir. Verð 120 þús. Nánari upplýsingar gefur Gummi í s. 861 7081.

Til sölu 2 stk chihuahua-strákar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s 660 9596.

Chihuahua Hvolpar til sölu. Heilsufarssk. og sprautaðir (heilsufarsbók). S. 868 6428 & 893 4694 & hvolpar1.dyraland.is

Gefins 9 vikna kettlingar, kassavanir uppl í S:8451660 og 8995522.

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

Gisting á Menorca Mahon, Costa Brava - Playja de Aro og Valladolid. Barcelona laus í haust. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Tvær íb. í sama húsi í Hafnaf. Báðar leigjast með húsgögnum. Stærri íb. er með 3 svefnh. Leigist frá 15.júlí- 5.jan. 2008. Minni íb. 1 svefnh. leigist frá 15. Sept - 15. Des. Uppl. í s. 699 8806.

Til leigu ný 4 herb. glæsileg íbúð á 3. hæð, með stæði i bílakjallara, geymsla inn af stæðinu, lyfta, leigist með ísskáp og uppþvottavél, íbúðin er á Völlonum í Hafnaf. S. 893 0411.

**Víkurbraut 3**
Til leigu 5 herb. neðri hæð 127 fm í Sandgerði. Verð 110 þús./mán. Uppl. í s. 699 4131.

## Húsnæði óskast

Herbergi - íbúð! Traustur aðili óskar eftir að taka á leigu litla íbúð (t.d stúdió) á höfub.sv. eða rúmgott herb. m aðgengi að sturtu í allt að 6 mán. S. 860 2130.

Lítil íbúð eða rúmgott herbergi óskast til leigu handa rólegum reglumanni. Uppl. í síma 897 9939.

Kona á 40 aldrinum óskar eftir 2. Herb. eða stúdió íbúð á Rvk. Svæðinu á sangjörnu verði. Er reglusöm og reyklaus. Uppl. í s. 663 4068.

2 stelpur leita að íb. m/2 svefnherb. á stórrvksv. sem allra fyrst. Skilv. gr. og reglus. heitið. S. 846 1899 & 823 2437.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsv., frá ágúst. Er reyklaus og reglusamur, get borgað 4 mán. fyrirfram. S. 561 0742.

Reglusamt par sem eiga von á barni óska eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. skilvirkum greiðslum heitið. Gsm: 6916969

## Sumarbústaðir



**Til leigu**
vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Fjölbreytt afþreying.m. Uppl. í síma 663 2712

# TIL SÖLU




TIL SÖLU








**SUMARBÚSTAÐAHLIÐ**
Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsalönd o.fl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. S: 486-1810 vig@vig.is www.vig.is

Óska eftir sumarhúsi á Suðurlandi Verðhugmynd allt að kr 13 milljónir. Þarf að vera á eignarlandi. Uppl. í síma 663 1567 eða doddi65@hotmail.com

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Bílskúr

Upphitaður bílskúr á Rvk-svæðinu óskast á fyrir vönduð húsgögn. Uppl. í s. 860 1957.

## Gisting

rent.is looking for a place to stay? Wide selections of short term rentals. www.rent.is

rent.is Erum með mikið af fullbúnum íbúðum á skrá í skammtímaleigu. www.rent.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**Hjálp!!! Búið að stela nýja hjólinu mínu**

**Halló! Ég heiti Arnar Freyr og er 11 ára. Fyrir nokkru gaf mamma okkur 3 systkinunum ný hjól frá Örninum í Skeifunni. Nú er búið að stela mínu hjóli. Það tapaðist í Efra-Breiðholti fyrir 3 vikum, það var tekið hjá kóngulóarleiktækinu hjá Fjölbraut í Efra-Breiðholti. Þetta er blátt 24" Trek strákahjól. Ég sakna hjólsins mjög sárt vegna þess að nú get ég ekki lengur farið með systkinum mínum í hjólreiðatúr. Mamma og ég erum búin að leita voða mikið af hjólinu mínu.**

**Vilja þeir sem hafa einhverjar uppl. um hjólið mitt hafa samband við mömmu mína í síma 897 1551. Fundarlaun í boði!**

Föstudaginn 15 júní tapaðist veski í miðbæ Reykjavíkur með erlendu ökuskírteini með nafni Grigore Panait. Finnandi vinsaml. hafi samb. í síma 822 8346 & 820 4746 eða manoles@decode.is

## Ýmislegt




## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13, Rvk. Óskar eftir leikskólakennara eða öðru áhugasömu starfsfólki sem fyrst**
**Skerjagarður er einkarekinn leikskóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem áhersla er lögð á myndsköpun, söng, hreyfingu og tjáningu. Leikskólinn er lítill og heimilislegur, tveggja deilda. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Á Skerjagarði ríkir gleði og jákvætt andrúmsloft. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Uppl. í s. 822 1919 & 848 5213.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**
**óskar eftir sumar- og helgarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Kökuhornið - Sumarstarf**
**Óska eftir starfsmanni frá og með 9. júlí, ekki yngri en 18 ára. Vinnutími frá 04-12 + önnur hvor helgi. Einni vantar fastann starfsmann frá og með 1. sept. í verslun okkar, ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 897 0702 & 861 4545.**

**Keiluhöllin**
**Óskum eftir starfsmönnum í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 864 6112 & www.keiluhollin.is**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18ára koma ekki til greina.**

**Starfsmaður í afgreiðslu**
**Skeljungur hf. óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu á Select Bústaðavegi. Leitum einnig að starfsmanni í útiþjónustu á Shell stöðina við Skógarhlíð. Um er að ræða annaðhvort sumar- eða framtíðarstörf.**
**Nánari upplýsingar veitir Pálína í s. 444 3000.**
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða senda ferilskrá á starf@skeljungur.is.**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

**Cafe Oliver**
**Cafe Oliver óskar eftir matreiðslumönnum í framtíðarstörf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Atla í síma 694 7116.**
**Chefs needed!**

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
**Verð 39.000.- m/vsk**
**UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888**
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

**Bókhaldsstofu vantar**
**vanan starfsmann í 60-100% starf við uppgjör á fyrirtækjum, gerð skattframtala og bókhald.**
**Uppl. í s. 692 6910.**

**Þernur**
**Óskum eftir að ráða þernur til starfa. Starfið er laust nú þegar eða fljótlega.**
**Nánari uppl. veitir Jónína á Hótel Óðinsvé Óðinstorgi eða í síma 511 6200.**

**Rafvirki, nemi eða handlaginn maður**
**með reynslu af rafmagni óskast til starfa.**
**sigurtak@internet.is s. 698 1838.**

**Bifreiðastjórar**
Vegna mikillar vinnu vantar okkur bifreiðastjóra með rútupróf til vinnu í sumar, fjölbreyt verkefni, mikil vinna og góðir bílar Umsóknir berist með tölvupósti til: atvinna@grayline.is.Nánari upplýsingar veittar í síma 660 1303.

# ATVINNA

**PARKETSLÍPUN**
**Óskum eftir mönnum í vinnu við parketslípun. Mikil vinna og góð laun.**
P M ehf Parketmeistarinn • s. 567 5410
gsm: 892 8861 / 892 8862

**MÚRARAR**
Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Sölumaður

**Okkur hjá Ferskum Kjötvörum vantar hressan og dugmikin starfsmanni í söludeild okkar.**

**Nánari upplýsingar veitir Leifur í s: 6606330 eða Ingibjörn s:6606320**

KOKKARNIR

Akraneskaupstaður

## Brekkubæjarskóli, Akranesi

***Eftirtaldar kennararastöður eru lausar til umsóknar***
***Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi***
***Umsjónarkennsla á unglingastigi, kennslugreinar: enska, íslenska og samfélagsfræði.***

Nánari upplýsingar veitir:
Skólastjóri Arnbjörg Stefánsdóttir, netfang: arnbjorg@brak.is.
Sími skólans: 433 1300

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendur í 1. -10. bekk.
Skólastefna Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi.

Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, slóðin á heimasíðu skólans er www.brak.is

Umsóknarfrestur er til 29. júní n.k. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.



## SMÁAUGLÝSINGAR

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 3434 & 822 5229.

**Landbrot hf.**
Vantar vanan gröfumann og meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 893 7320.

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

Stýrimann og vélstjóra vantar á 105 tonna dragnótarbát. Uppl. í s. 821 6664 & 893 5590.

**Söluturn**
Söluturnanir Víkivaki Laugavegi og Barónsstíg óska eftir að ráða fólk á kvöldvaktir og helgar. Uppl. veitir Högni í s. 896 1933.

**Meiraprófsbílstjóri**
Óska eftir meiraprófsbílstjóra í útkeyrslu. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í s. 693 3785& 693 3780.

Staff wanted in sandwich making. Work hours from 05.00-09.00. More information in tel. 864 1593, Ella.

**Receptionist!**
Night staff needed. Every weekend and few week evenings. Good english required. No experience needed. lobby@hotelvik.is

Unglingar óskast til sumarstarfa við lóðarvinnu næstu 3-6 vikurnar, upplagt fyrir 17 ára og yngri. Áhugasamir sendi tölvupóst á thrifogslattur@simnet.is

### Atvinna óskast

43 ára karlmaður er að leita að vinnu á kvöldin eftir kl. 19. Uppl. í s. 892 4376.

## TIL SÖLU

**Notuð skrifstofuhúsgögn og lagerhillur.**
Vegna flutninga eru til sölu notuð skrifstofuhúsgögn og lagerhillur.
Hagstætt verð.
Upplýsingar veitir Daniel í síma 820 6931

## TIL LEIGU

**Til Leigu**
Til leigu 50m² skrifstofuhúsnæði á besta stað á Skeifusvæðinu - aðgengi að sameiginlegri eldhús og hreinlætisaðstöðu. Möguleiki að leiga með skrifstofuhúsgögnum.
Uppl Síma 6608304 / 6608308 (Laust strax)

## EIGNIR ÓSKAST

**EIGNIR ÓSKAST!**
**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**
- ~~4ra herbergja~~ í hverfi 109
- Rað- og eða parhúsi í 201 og 203
- Einbýlishúsi í hverfi 108, 170, 201 og 203 eða Norðurbæ Hafnarfjarðar á einni hæð.

Frum

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN
Félag Fasteignasala


**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is


**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**Hvað er að frétta?**

Við tæklum sportið_
www.visir.is
vísir

# KÓPAVOGSBÆR

## HUGMYNDASAMKEPPNI UM NAFN Á KNATTHÚSIÐ VIÐ VALLAKÓR

- **Kópavogsbær efnir til hugmyndasamkeppni um nafn á knatthúsið (fjölnotasalinn) við Vallakór í Vatnsendalandi.**

Tillögum að nafninu skal skilað á skrifstofu tómstunda- og menningarsviðs, Fannborg 2, 2. hæð fyrir 1. júlí nk. Tillögum skal skilað í lokuðu umslagi undir dulnefni og skal nafn, heimili og sími fylgja með í lokuðu umslagi auðkennt með sama dulnefni. Dómnefnd fer yfir tillögurnar og velur úr nafn. Séu fleiri en einn með sama nafn verður dregið um hver hlýtur verðlaun fyrir tillöguna, en það er sólarlandaferð í viku fyrir tvo.

f.h. Kópavogsbæjar
framkvæmdastjóri
tómstunda- og menningarsviðs

## ÓSKUM EFTIR




Fasteignasalan Eignaver • Síðumúla 13.

**Góðar söluhorfur framundan**

Óskum eftir íbúðarhúsnæði á söluskrá fyrir trausta kaupendur, bæði einbýlishúsum, hæðum, rað og parhúsum. Höfum jafnframt kaupendur að atvinnuhúsnæðum og fyrirtækjum, jörðum og sumarhúsum.
Mjög góður sölutími framundan.

Uppl. gefa Eggert Sk. Jóhannesson, Jóhannes Eggertsson eða Ólafur Thoroddsen hdl.

eða aðrir sölumenn á Fasteignasölunni Eignaver, Síðumúla 13, Sími 553-2222

## FASTEIGNIR

**Hraunstígur í Hafnarfirði**



Nýkomið í einkasölu mjög fallegt og mikið endurnýjað tvílyft einbýli alls 136 fm., **auk sérstæðs 39 fm. bílskúr.**
Þetta er fallegt hús sem búið er að endurnýja að miklu leyti, s.s. rafmagn, golfefni og baðherbergi. Glæsilegur garður með rúmgóðum palli og heitum pott.
**Verð kr. 43 millj.**

**Fasteignastofan, Fjarðargötu 19, Hafnarfirði. Sími 565 5522**

## TILKYNNINGAR

**Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær**

**Breyting á deiliskipulagi Hellnahraun 2. áfanga, í Hafnarfirði.**

Skipulags- og byggingarráð samþykki á fundi sínum þann 6. mars 2007 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Hellnahraun 2. áfanga í Hafnarfirði, á lóðunum: Gjáhellu 2, 4, og 6, og Breiðahellu 7, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að lóðirnar nr 4 og 6 við Gjáhellu og nr 7 við Breiðhellu sameinast í eina lóð, Gjáhella 4 með aðkomu að tveimur stöðum frá Gjáhellu. Tveir byggingarreitir verða á lóðinni, B1 með hámarkshúshæð 13,5 m og B2 með hámarkshúshæð 8,5 m. Lóðin nr. 2 við Gjáhellu verður óbreytt að stærð en lögun byggingareits breytist. Aðkoma að lóðinni frá Gjáhellu færist örlítið til suðurs.

Deiliskipulögin verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 19. júní - 17 júlí 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 31. júlí 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

BUILDING BRIDGES
Education and Culture
Leonardo da Vinci

**Building Bridges –Conference**

**Ráðstefna verður haldin í Ársal Radison SAS Hótel Sögu 22. júní 2007, 13:00-18:00 – Allir velkomnir!**

Viðfangsefnið er: Að virkja og hvetja konur í landbúnaði, Empower women in agriculture to succeed (Podpora žen v zemědělství) and The power of networking (Spojením sil k úspěchu).
Reynsla frá Íslandi, Danmörk, Slóvakíu, Tékklandi, Ítalíu og Þýskalandi.

Léttar veitingar í boði Landbúnaðarráðuneytisins í lok ráðstefnu.
At the end of the Conference the Ministry of Agriculture will invite to a cultural end light dinner event.

**Ég og þú –Byggjum brú í Matarsetrinu**

**að Grandagarði 8, laugardaginn 23. júní, milli kl. 13:00-16:00.**

Konur frá Tékklandi og Íslandi kynna og sýna ýmislegt sem einkennir lífið sveitinni!
An open day where women in Iceland and the Czech Republic presents their live in the rural area.
Na dni přátelství ženy z Islandu a Ceské republiky představí svůj život na venkově, svou práci, typické výrobky, ruční práce, zvyklosti, své sny a naděje!

Landsbankinn

Landbúnaðarháskóli Íslands

Landbúnaðarráðuneytið


Samkenndin er ótrúlega sterk enda mjög margir sem eiga von á sér.
GOTT FÓLK
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

# Að byggja upp þorskstofninn

**UMRÆÐA**
Fiskveiðistjórnun

Það er alltaf hollt að velta fyrir sér grundvallarforsendum ef hlutirnir virðast ekki virka. Ef það kviknar t.d. ekki á neinni ljósaperu í húsinu þá er skynsamlegt að kanna hvort öryggið sé farið eða athuga hvort rafmagnið hafi slegið út í stað þess að hamast á öllum rofum tímunum saman.

Að sama skapi er skynsamlegt að ígrunda forsendur veiðiráðgjafar Hafró sem gefa skýrt til kynna að uppbyggingarstarf síðustu áratuga hafi alls ekki gengið upp. Það er stöðugt klifað á því að það sé nauðsynlegt að byggja upp hrygningarstofninn til þess að geta fengið meiri nýliðun og veitt þá meira seinna. Forsendur þessa hljóta annaðhvort að vera að því fleiri fiskar sem hrygna þeim mun hærri ættu lífslíkur seiða að vera eða að lífslíkur þorskseiða séu alltaf þær sömu og með því að fjölga hrygnum með minnkuðu veiðihlutfalli fáist meiri nýliðun. Hvort tveggja gengur í berhögg við viðtekna vistfræði þar sem lífslíkur seiða ættu miklu frekar að minnka en aukast þegar meiri mergð er á ferðinni og vandséð er að hægt sé að stækka stofn sem augljóslega skortir fæðu þar sem


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

mælingar sýna að vöxtur er í sögulegu lágmarki. Það er rétt að hafa í huga að hver hængur og hrygna í hrygningarstofni í jafnvægi koma á legg að jafnaði 2 kynþroska fiskum af öllum þeim milljónum seiða sem parið framleiðir. Fyrir hrygningarstofn sem er að vaxa gífurlega hratt, eða um 50%, þá eru fiskarnir ekki fleiri en 3 sem parið skilar áfram.

Stjórnvöld stjórna ekki einungis með því að ákveða leyfilegt heildarmagn sem veitt er heldur er markvisst verið að vernda smáfisk með því að loka veiðisvæðum ef mikið er um undirmálsfisk í veiði.

Nú, á miðju ári, er búið að beita skyndilokunum sem aldrei fyrr sem bendir augljóslega til þess að mikið er um smáfisk og er það í hrópandi mótsögn við skýrslu Hafró um að þeir árgangar sem von er á inn í veiðina á næstu árum séu óvenju litlir.

Lokun veiðisvæða og markviss friðun á smáfiski hlýtur að leiða til þess að sjómenn verða að sækja í stærri fisk til þess að ná því heildarmagni sem þeim er úthlutað.

Auðvitað leiða þessar stjórnvaldsaðgerðir til þess að sótt er enn meira en ella í stóra hrygningarfiskinn sem stjórnvöld segjast vera að byggja upp til þess að fá meiri nýliðun. Það rekst því hvað á annars horn í „besta kvótakerfi í heimi“.

Ábyrg stjórnvöld hljóta að taka núverandi forsendur kvótakerfisins til gagngerar endurskoðunar og gaumgæfa rök þeirra sem hafa sett fram vel rökstudda gagnrýni á núverandi fiskveiðstjórn.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*

# Hvert fara iðgjöldin?

**UMRÆÐAN**
Sumarstörf


VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

„Hvar verður þú að vinna í sumar?“ heyrist óma á göngum skólanna á vorin. Laun eru mikið rædd og krónutölur bornar saman. Það er auðvitað mismunandi hvernig ráðstafa á sumarhýrunni. Sumir ætla að nota hana í sólarlandaferð en aðrir til framfærslu næsta vetrar, en það á við um alla launamenn – óháð aldri.

Eðli málsins samkvæmt þá varir sumarvinna skólafólks oftast í tæpa þrjá mánuði eða frá júní fram í ágúst. Reglur margra stéttarfélaga gera hins vegar ekki ráð fyrir að þau hafi einhvern rétt til að nýta samningsbundna sjóði sem greitt er í fyrir

*Sumarstarfsfólk getur t.d. ekki sótt um úr starfsmenntasjóðum fyrir skólagjöldum eða bókakaupum.*

þau.

Sumarstarfsfólk getur t.d. ekki sótt um úr starfsmenntasjóðum fyrir skólagjöldum eða bókakaupum. Þau hafa ekki rétt á að sækja í sjúkrasjóði til dæmis fyrir gleraugnakaupum eða sótt í orlofssjóði um sumarbústaði eða orlofsávísanir. Eini möguleikinn á að þau fái rétt er að þau hafi unnið í 6-12 mánuði samfleytt áður en sótt er í sjóðina.

Stéttarfélögin virðast bara taka við peningunum sumarstarfsmanna en tryggja þeim lítinn rétt! Það er því engin furða þótt þau spyrji þegar þau fá launaseðilinn – „af hverju er svona mikið tekið af mér?“

*Höfundur er framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands og skólafélagsráðgjafi.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

# Skólagjöld draga ekki úr brottfalli

**UMRÆÐAN**
Háskóli Íslands


DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um háskólastigið hér á landi hefur vakið töluverða athygli. Margt merkilegt kemur fram í skýrslunni, t.d. er enn og aftur staðfest að Háskóli Íslands stendur gríðarlega vel miðað við það takmarkaða fjármagn sem skólinn hefur til umráða.

Í skýrslunni er einnig viðamikill samanburður á fjórum háskólum hérlendis og slíkur samanburður hefur ekki verið gerður áður. Háskóli Íslands kemur áberandi best út úr þeim samanburði og hlýtur hæstu einkunn í 9 af þeim 11 þáttum sem kannaðir voru. Þó er sett út á hátt brottfall nemenda úr Háskóla Íslands og viðhorf nemenda í viðskiptafræði til skólans er einnig verst þar.

Í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins, miðvikudaginn 13. júní, sagði Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, að augljóst væri að skólagjöld drægju úr brottfalli nemenda. Því þyrftu stjórnvöld að íhuga að taka upp skólagjöld við Háskóla Íslands og ennfremur hvatti hann stjórnendur skólans til þess að íhuga möguleikann. Ríkisendurskoðun bendir vissulega á í skýrslunni að stjórnvöld og stjórnendur Háskóla Íslands eigi að leita leiða til þess að draga úr brottfalli, en upptaka skólagjalda er ekki nefnd í því samhengi. Ríkisendurskoðun bendir á að eðlilegt sé að brottfall sé minna í þeim skólum sem velja nemendur úr hópi umsækjenda en Háskóli Íslands veitir öllum þeim sem sækja um aðgang. Ríkisendurskoðun bendir einnig á að skýringar fyrir háu brottfallshlutfalli í HÍ megi rekja til þess að á fyrstu önnum námsins séu gerðar ríkar kröfur til nemenda. Nemendur í viðskiptafræði þurfi til að mynda að fá 6,5 í tilteknum kúrsum og lágmarkseinkunn í lögfræði sé 6 í öllum námskeiðum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst eindregið gegn skólagjöldum við Háskóla Íslands og hefur margsinnis lýst þeirri skoðun sinni opinberlega. Skólagjöld skerða jafnrétti til náms gríðarlega og afleiðingarnar myndu verða þær að færri sæktu sér háskólamenntun. Nýlega óskaði Stúdentaráð eftir skýrum svörum frá stjórnvöldum um það hvort til stæði að taka upp skólagjöld við Háskóla Íslands en enn hafa engin efnisleg svör borist.

Ef vilji er fyrir því að draga úr brottfalli við Háskóla Íslands eru fjölmargar leiðir færar. Ríkisendurskoðun bendir á leiðir eins og að herða inntökuskilyrði, en Stúdentaráð Háskóla Íslands telur að slíkar takmarkanir geti skert jafnrétti til náms og því beri að leita annarra leiða. Bæta þarf aðbúnað nemenda, og það stendur raunar til þar sem Háskólatorg verður tekið í notkun þann 1. desember. Einnig kemur til greina að breyta kennsluháttum t.d. þannig að nemendur séu í betri tengslum við kennara sína og samnemendur. Skólinn hefur sett sér metnaðarfull markmið fyrir næstu ár og margar af þeim aðgerðum sem eru á næsta leiti munu vafalítið draga úr brottfalli.

Í stað þess að hóta upptöku skólagjalda ættu stjórnvöld að gleðjast yfir þeim góða árangri sem Háskóli Íslands hefur náð þrátt fyrir takmörkuð fjárráð og styðja skólann áfram í uppbyggingu sinni.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Íslands.*

# Gaddavírsvæðingin

**UMRÆÐAN**
Landgræðsla


HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Ef landgræðslan þyrfti ekki að eyða stórum hluta af því fé sem hún fær úthlutað frá ríkinu, í endalausar girðingar þá hefði hún miklu meira fé til ráðstöfunar í sjálfa uppgræðslu landsins. Allir þessir milljarðatugir sem fara í endalaust óþolandi girðinganet um allt landið og meðfram öllum vegum er eingöngu nauðsynlegt vegna miðalda rányrkju búskaparhátta okkar með lausagöngu búfjár um landið. Er eitthvað vit í þessu? Með þeim skaða sem það veldur landinu að viðhalda þessum rányrkjumiðaldabúskap.

Ráðleysi ráðamanna og eiginhagsmunir bændastéttarinnar viðhalda þessu gamla úrelta kerfi, sem gengur stöðugt á landgæðin og kostar okkur offjár. Útgjöld ríkissjóðs til landbúnaðarins er svo ótrúleg að ég hef stundum líkt því við kostnað annarra þjóða við herinn. Að girða af sauðfjárjarðirnar er eina vitið, og e.t.v. sumarbeitahólf á þar til völdum svæðum sem fjáreigendur bæru síðan ábyrgð á að væru ekki ofnýtt til skaða því það væri þeirra hagsmunamál. Þá þyrfti engar aðrar girðingar,hvorki meðfram öllum vegum, sem er alger plága fyrir alla sem keyra um landið og geta á endanum hvergi stoppað nema við sjoppur eða bensínstaði.

Þessar fangabúðagirðingar borgum við skattborgararnir eingöngu vegna sauðfés bænda sem rásar stjórnlaust um landið. Sama er að segja um alla þá sem eru að vinna að uppgræðslu eða skógrækt þeir verða að víggirða svæðið fyrst. Er eitthvað vit í þessu,hvað finnst þér lesandi góður? Bara girðingakostnaður á ári kostar okkur 150 til 200 miljónir á ári (meðaltal síðustu 4 ára). Þessum peningum væri betur varið í það að girða af sauðfé í stað þess að girða okkur fólkið í landinu frá landinu og gera það lítt fýsilegt til ferðalaga.

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

Þurrkari T223
- Verð frá kr. 78.540

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr.106.600

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Yfirgangur yfirvaldsins

**UMRÆÐAN**
Gistiheimili við Njálsgötu


KRISTINN ÖRN JÓHANNESSON

Það er með ólíkindum hversu langt kjörnir (og „næstum“ því kjörnir) fulltrúar borgarinnar ganga í áróðursherferð sinni gagnvart íbúum í nágrenni og sambýli við Njálsgötu 74. Sakirnar eru að hafa lýst andstöðu sinni við því að þar, í fjölbýlishúsalengju, verði rekin stofnun fyrir heimilislausa karla í virkri áfengis- og vímuefnanotkun.

Nú síðast er það Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi VG, sem fer með rakalausan þvætting og dylgjur í Fréttablaðinu 15. júní. Í nýjasta útspilinu talar Þorleifur um „nokkra“ áhyggjufulla íbúa við Njálsgötu og gefur í skyn í niðurlagi að þeir séu óvenjulegir að auki. Það sem er óvenjulegt er leyndin yfir málinu. Skrifað var undir kaupsamning 29. mars sem var samþykktur í borgarráði 12. apríl. Fyrst þegar Fréttablaðið birtir frétt um málið 25. apríl sér velferðarsvið borgarinnar sig nauðbeygt og sendir snubbótta tilkynningu um áformin í bréfi dags. 26. apríl til íbúa og eigenda á skilgreindu svæði.

Í framhaldinu gengu nokkrir íbúar í allra næstu hús við Njálsgötu 74, á langtum takmarkaðra svæði en borgaryfirvöld skilgreindu. Þrátt fyrir það söfnuðust undirskriftir 127 einstaklinga sem andmæltu þessum áformum. Það samsvarar 15% þess hóps sem borgin telur að eigi hagsmuna að gæta í málinu. Þorleifur vill kannski tala um þau 12% sem kusu VG í síðustu borgarstjórnarkosningum sem fáeina borgarbúa? Hvað þá með 11% Breiðhyltinga sem mótmæltu í mjög víðtækri undirskriftasöfnun opnun löglegs spilasalar með tilætluðum árangri?

Þorleifur leggur að jöfnu rekstur stofnunar fyrir virka, heimilislausa fíkla við skólastefnu án aðgreiningar og þátttöku hreyfihamlaðra, sjónskertra og heyrnarskertra í samfélaginu. Sem sagt; íbúar sem eru á móti umræddri stofnun á þessum stað eru í huga Þorleifs þar með á móti heimilislausum, á móti geðfötluðum og vilja að auki útskúfa blindum, heyrnarlausum og hreyfihömluðum úr samfélaginu. Í starandi framsýnum augum Þorleifs erum við einfaldlega gamaldags, fordómafullt pakk og eina ráðið er að kenna okkur með gerræði. Stillir hann upp tveimur kostum: Annars vegar að opna þessa stofnun í þessu húsi eða ekki neitt (eða í mesta lagi fleiri greni og trúboðar). Þessi málflutningur er dónaskapur við ofangreinda hópa sérstaklega, en engu síður við íbúa borgarinnar sem voga sér að vera á annarri skoðun en hann. Það kalla ég fordóma. Málflutningur Þorleifs sýnir að hann hefur vondan málstað að verja. Til að bíta höfuðið af skömminni leggur hann að jöfnu greni, hitaveitustokka og vistun hjá trúboðum í upptalningu sinni á gististöðum ógæfufólks. Hvað finnst Samhjálparmönnum um það sem reka „heimilin“ að Miklubraut 18 og 20 fyrir velferðarsvið borgarinnar?

Það sérkennilegasta við þetta mál nú er sú ofuráhersla sem fulltrúar í velferðarráði, með þau Jórunni Frímannsdóttur og Þorleif í fararbroddi, leggja á að þessi stofnun verði í umræddu húsi. Allt er lagt í sölurnar. Hugmyndum um aukna löggæslu og eftirlitsmyndavélar er velt upp, kostir sem eru reyndar á allt annarra höndum en velferðarráðs og velferðarsviðs.

Einnig virðist lítið mál að draga enn frekar úr þegar takmörkuðum persónuréttindum væntanlegra vistmanna. Ljóst hefur verið frá upphafi að þeir munu ekki njóta stjórnarskrárvarins réttar til friðhelgi heimilisins. Þeim verður til dæmis meinað að drekka og dópa á „heimilinu“ og þurfa að hlíta sérstökum reglum um heimsóknir gesta. Þá eru velferðarráðsmenn tilbúnir að loka garðinum fyrir þeim. Þá væntanlega með því að loka kjallaradyrum í bakgarðinum sem og svalarhurðum og síðast en ekki síst sundunum við Barónsstíg og Snorrabraut. Þá er bara að kalla þetta heimili og allir eiga að una glaðir við sitt.

Sem sagt; húsið er forgangsmál en ekki skjólstæðingarnir.

Á þessu stigi málsins fara íbúar í nágrenni Njálsgötu 74 fyrst og fremst fram á að borgaryfirvöld hætti að fara í kringum lög og reglur, kalli stofnunina sína réttu nafni, að áformin fari lögboðna leið í grenndarkynningu, að kjörnir fulltrúar, aðal- og vara-, láti af óhróðri, áróðri og ofsóknum gegn íbúum sem þrátt fyrir allt gera ekki athugasemdir við að allt að 30% félagslegs húsnæðis í 101 (3% alls félagslegs húsnæðis borgarinnar) sé á sama 30 þúsund fermetra blettinum í kringum Njálsgötu 74. Það er óþarfi að bæta í og gera þetta fjölbreytta og skemmtilega hverfi að einsleitu hverfi félagslegra úrræða – enda er það stefna borgarinnar að koma í veg fyrir félagslega einsleitni í hverfum borgarinnar. Eða á það kannski bara ekki við um þetta hverfi?

*Höfundur er annar kjörinna fulltrúa íbúa í samráðsnefnd með embættismönnum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Lengri útgáfa greinarinnar birtist á Vísi.*

# HAFÐU ÞAÐ FLOTTASTA Í STURTUNNI!

**SÉR TILBOÐ!**
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

## - beint á gólf

8 eða 10 mm
öryggisgler með festingum



VELDU ÞITT GLER EFTIR STÆRÐ



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og 110 sm

**GLER HURÐIR** stærðir
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160 og 165 sm

VELDU RENNIHURÐ ÚR GLERI EFTIR STÆRÐ



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

**GLER RENNIHURÐIR** stærðir
80 sm, 85 sm, 90 sm

STURTUHORN ÚR GLERI
- beint á gólf




VM 321
8 mm öryggisgler
Rammalaust bogahorn
m krómfestingum




VM 531
8 mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**VILHJÁLMUR PRINS AF WALES ER 25 ÁRA Í DAG**

*„Ég er ekki viðkvæmur fyrir því að fólk segi að ég hafi rangt fyrir mér því yfirleitt hefur það rétt fyrir sér með það.“*

***Vilhjálmur prins, sonur Karls Bretaprins og Díönu heitinnar prinsessu er fæddur á þessum degi árið 1982.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. JÚNÍ 1980

## *Óðal feðranna frumsýnt*

Kvikmyndin Óðal feðranna var frumsýnd þennan dag árið 1980. Hún var fyrsta kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar í fullri lengd. Myndin fjallar meðal annars um fólksfækkun í íslenskum sveitum og þótti nokkuð byltingarkennd á sínum tíma. Um hana urðu deilur og blaðaskrif því myndin réðst gegn sveitarómantíkinni og kaupfélögunum. Einn þeirra sem tjáði sig um hana var Halldór Laxness. Hann sagði í einu dagblaðanna: „Mér þótti þetta góð mynd. Hrafn hefur viðað að sér miklum fróðleik og kemur honum til skila... í myndinni er listrænt drama.“

Einn gagnrýnenda sagði: „Óðal feðranna lætur engan ósnortinn. Þetta er kraftmikil kvikmynd, fögur í ljótleikanum og eymdinni og áhrifamikil í vonleysinu.“



Illmennið sem veittist að heimasætunni ungu framkallaði mikinn hroll hjá áhorfendum.

Myndin var framleidd af íslensku leikritamiðstöðinni og leikendur í henni voru Jakob Þór Einarsson, Sveinn M. Eiðsson, Magnús Ólafsson, Hólmfríður Þórhallsdóttir, Guðrún Þórðardóttir og Jóhann Sigurðarson.

Titillag myndarinnar, Sönn ást, eftir Magnús Eiríksson var valið lag ársins 1980 og myndin sem hlaut nafnið „Drömmen om ett annat liv“ á sænsku var útnefnd sem ein af úrvalsmyndum ársins af sænsku kvikmyndaakademíunni.

### MERKISATBURÐIR

**1959** Sigurbjörn Einarsson var vígður til biskups yfir Íslandi þennan dag. Hann var þá 47 ára prófessor í guðfræði. Biskupsembættinu gegndi hann til ársins 1981.

**1973** Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Öxarfirði var stofnaður. Hann nær frá Dettifossi niður fyrir Ásbyrgi og er um 150 ferkílómetrar að stærð.

**1978** Söngleikurinn Evíta eftir Andrew Lloyd Webber og Rice's var frumsýndur í London.

**1986** Íþróttamiðstöðin í Laugardal var tekin í notkun. Jafnframt var afhjúpuð stytta af Gísla Halldórssyni, fyrrum forseta Íþróttasambands Íslands.

INGA BACKMAN SÖNGKONA: FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI Á SÖGUSLÓÐUM

# Hægt að dansa kringum húsið

„Mér líður mjög vel með aldurinn. Hann vekur mér bara gleði enda er ómetanlegt að eldast,“ segir Inga Backman sem er sextug í dag. „Ég ætla nú bara að vera heima við og býst við að þurfa að vökva garðinn og snúast eitthvað. Aðalverkefni dagsins verður að undirbúa helgina því þá ætla ég að fara í sumarhúsið mitt sem er í yndislegu umhverfi með fagurri fjallasýn. Þar verður fjölskylda mín og vinir og við munum eiga þar sælustund á Jónsmessunni,“ segir hún og tilhlökkunin leynir sér ekki. Aðspurð kveðst hún eiga þrjú börn og níu barnabörn sem verði hjá henni í sumarbústaðnum, ásamt systkinum hennar, Eddu Heiðrúnu og Ernst og móðurinni Jóhönna Arnmundsdóttur Backman.

Þegar nánar er grennslast kemur í ljós að bústaðurinn hennar Ingu er á Njáluslóðum. „Þetta er bara lítið hús en börnin mín og ég höfum verið að hjálpast að við að útbúa verönd og nú kemur hún í góðar þarfir,“ segir hún og bætir við glaðlega. „Það er hægt að dansa hringinn í kringum húsið.“

Þegar giskað er á að lagið verði tekið í teitinu hlær Inga. „Atvinnufólk er nú ekkert alltaf syngjandi svona í eigin ranni. En það verður gleði og gaman.“

Inga kveðst njóta þess að syngja við hátíðleg tilefni hjá öðrum, bæði ein og með Hljómkórnum sem skipaður er söngvurum. Í ljós kemur líka að hún er að leggja lokahönd á geisladisk í tilefni tímamótanna. Á honum eru lög eftir Jakob Hallgrímsson, fiðluleikara og organista, sem lést fyrir aldur fram. „Jakob var organisti í Háteigskirkju en við höfðum starfað saman við að spila og syngja á spítölum. Lögin hans Jakobs eru falleg og textarnir á diskinum eru eftir Halldór Laxness, Kristján frá Djúpalæk, Davíð Stefánsson og Jóhannes úr Kötlum,“ lýsir Inga. Hún lýkur einnig lofsorði á undirleikara sína, þau Hjörleif Valsson fiðluleikara og Arnhildi Valgarðsdóttur píanóleikara. „Við þrjú höfum átt skemmtilegt samstarf,“ tekur hún fram. Fleiri verkefni tengjast á vissan hátt afmælinu því Inga býr í bárujárnshúsi á Bráðræðisholtinu og setti sér það markmið að ljúka við að mála það fyrir þennan dag. „Það er áhugamál mitt að halda þessu fallega húsi í góðu standi,“ segir hún og kveðst ekkert lofthrædd uppi á þaki. „Það er bara ein gullvæg regla sem ég fylgi, að halda mér með annarri hendinni og vinna með hinni.“

gun@frettabladid.is



Inga notar tímamótin til að hrinda ýmsum verkefnum í framkvæmd. Hún er búin að mála húsið á Bráðræðisholtinu, byggja verönd kringum sumarbústaðinn með hjálp barnanna og er að leggja lokahönd á nýjan söngdisk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Ása Engilbertsdóttir**

Grýtu, Djúpavogi,

verður jarðsungin frá Djúpavogskirkju, laugardaginn 23. júní 2007, kl. 11.00.

**Steingrímur Ingimundarson**
**Ingimundur Steingrímsson**
**Óskar Steingrímsson** **Sólrún Sverrisdóttir**
**Hafsteinn Steingrímsson** **Kristbjörg Eiríksdóttir**
**Ragnhildur Steingrímsdóttir** **Vilberg M. Ármannsson**
**Drífa Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og frænka,*

**Jónfríður Valdís Bjarnadóttir**

Mosabarði 15, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 12. júní sl.
Útför verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. júní kl.15.00.

**Kristófer Bjarnason**
**Róbert Örn Kristjánsson**
**Elsa Esther Kristófersdóttir** **Bárður Þór Sveinsson**
**Alexandra Ýr**
**Bjarni S. Kristófersson** **Gunnþóra Rut Bragadóttir**
**Elsa Esther Valdimarsdóttir**
**Bjarni Gissurarson**
**Gissur Bachmann Bjarnason** **Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Dagbjört Jóna Bjarnadóttir** **Magnús Halldórsson**
**Sævar Örn Bjarnason** **Anna Bjarnadóttir**
**Valdimar Bjarnason** **Kolbrún Hjálmtýsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, sonar, tengdasonar og bróður,*

**Sveins Steindórs Gíslasonar**

húsasmíðameistara, Arnarheiði 20, 810 Hveragerði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Sjúkrahúss Suðurlands fyrir einstaka alúð og hlýhug í veikindum hans svo og öllu því góða fólki sem studdi okkur með nærveru sinni og fjárhagslegum stuðningi.
Guð blessi ykkur öll.

**Magnea Ásdís Árnadóttir**
**Árni Steindór Sveinsson** **Jóhanna Sigurey Snorradóttir**
**Snorri Þór og Eva Björg**
**Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir** **Þorsteinn Karlsson**
**Ásdís Erla, Katrín Ósk og Bjarkar Sveinn**
**Eva Rós Sveinsdóttir**
**Sigurbjörg Steindórsdóttir**
**Árni St. Hermannsson**
**Sigurbjörg Gísladóttir og Svanhvít Gísladóttir**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



Auglýsingar sendist á
**auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5000.


## AFMÆLI



**Lárus H. Bjarnason**, rektor við Menntaskólann í Hamrahlíð, er 51 árs.



**María Kristín Gylfadóttir**, formaður Heimilis og skóla, er 36 ára.



**Ásgeir Jónsson** hagfræðingur er 37 ára.



**Huldar Breiðfjörð** rithöfundur er 35 ára.

# TILBOÐ

## CANON iP4300

9600dpi

**CHROMALIFE 100**
Ný tækni sem tryggir betri gæði á útprentun og myndirnar halda sömu gæðum í 100 ár

**9600dpi UPPLAUSN**
Ótrúleg upplausn sem ásamt PIXMA og FINE tækninni skilar einstökum ljósmyndagæðum

**5 STÖK HYLKI**
5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun

**PRENTAR Á CD/DVD**
Prentar í ljósmyndagæðum beint á CD/DVD. Setjið bara diskinn í CD/DVD bakkann

**FULL BLÆÐING**
Prentar í fullum gæðum út á jaðar pappírs allt að A4, prentar einnig sjálfvirkt báðu megin (Duplex)

**HAGKVÆMUR**
Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit

**VERÐ 12.900**

## MYNDAFLAKKARI

Sarotech CUTiE

**MYNDAFLAKKARI**
Sarotech Cutie Photo Storage flakkari
Les beint af flestum gerðum minniskorta hvar og hvenær sem er.

**2.5" FERÐAHÝSING**
Hýsingin er tilbúin fyrir flestar gerðir IDE fartölvudiska allt að 160GB sem er margföld stærð minniskorta

**UPPLÝSINGAR**
128x128 punkta skjár sýnir þér allar helstu upplýsingar um pláss, rafhlöðuendingu og myndirnar þínar.

**VERÐ 14.900**

## 500GB HÝSING

FRÁ 580 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

500GB My Book er glæsileg svört hýsing frá Western Digital, sem kveikir og slekkur á sér um leið og tölvan. Geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 19.900**

## MINNISKORT

1GB Secure Digital minniskort frá Corsair með lífstíðar ábyrgð. Geymir allt að 1100 ljósmyndir í góðum gæðum

**VERÐ 3.990**

## MINNISKORT

2GB SD Plus minniskort og USB2 minnislykill frá SanDisk auðveldar þér að koma ljósmyndunum þínum í tölvuna

**VERÐ 6.990**

## PS ELEMENTS

Adobe Photoshop Elements 4.0 Frábært myndvinnsluforrit til að vinna og skipuleggja ljósmyndirnar

**VERÐ 9.990**

## FERÐAHÝSING

120GB Western Digital Passport 2 ferðahýsing með 5400rpm Scorpio harðdisk og tilbúin til notkunar, USB2

**VERÐ 12.900**

---

- Canon PP-101 4x6 Photo paper Plus, 20 arkir — **VERÐ 990**
- Canon GP-501 4x6 Glossy Photo Pappír, 100 arkir — **VERÐ 1.490**
- Canon PR-101 A4 Photo paper Pro, 15 arkir — **VERÐ 1.790**
- Canon GP-401 A4 Glossy Photo Pappír, 100 arkir — **VERÐ 2.990**
- 10stk spindill 700MB CD-R diskar í spindli — **VERÐ 790**
- 50stk áprentanlegir diskar CD-R í spindli — **VERÐ 3.290**
- 25stk spindill 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R — **VERÐ 3.490**
- 50stk spindill 4,7GB 16x DVD-R eða DVD+R — **VERÐ 6.490**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

# TÖLVULISTINN

| | | |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |





# STUÐ MILLI STRÍÐA Hvað orkar sumars anganmjúka flúr?

**KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR** GÁIR TIL VEÐURS



Ég hef ekki enn gerst svo fræg að heimsækja Vatnasafnið í Stykkishólmi en er alveg á leiðinni. Bandaríska myndlistarkonan Roni Horn hittir naglann á höfuðið með þessu framtaki sínu og raunar skil ég ekkert í því að við Íslendingar höfum ekki þegar vottað veðrinu virðingu okkar með markvissari hætti fyrr. Hér ættu með réttu að verða veðurmusteri, veðrasetur eða veðrahallir í öllum fjórðungum miðað við hversu mikil orka fer í það hjá okkur að spekúlera í þessu fyrirbrigði. Hér fylgir því enn einn stuðpistillinn um veðrið enda hafa síðustu orðin um veðrið ekki hrotið af vörum landsmanna enn.

Við erum óendanlega veðurháð þjóð, því er ekki að neita. Á góðviðrisdögum brosir fólk undurblítt og sýnir hvert öðru fordæmalausan skilning og hlýju. Það er ekkert skemmtilegra en að þurfa að fara á pósthúsið á sólríkum sumardegi - aðrar eins móttökur hef ég vart fengið síðan æskuvinkona mín bauð mér í barnaafmæli og ég var sú eina sem mætti. Á leiðinni út af pósthúsinu var ég svo kát að ég gerði mér ferð í bankann, stofnun sem ég heimsæki annars aldrei vegna þess að blessað netið hefur tekið yfir þrúgaðar biðraðirnar. Ég hafði ekkert erindi í bankann svo ég fékk mér bara kaffi og brjóstsykur. Þvílíkur dagur!

Kátína mín er ekki síst tilkomin vegna þess að ég hef farið á pósthúsið á hráslagalegum og margfoknum rigningardegi og á dögum þegar það er hreinlega „ekkert veður“. Þess utan hef ég útréttað hjá öðrum stofnunum á hjóli og það vita hjólandi menn að það er lítt spennandi ef veðrið er vont.

En sumarið er tíminn þegar hægt er að hjóla án þess að roðna og blána og aldrei er þjóðin kátari en á sumardögum þegar sólin endist allan daginn.

Sumarið er afgerandi árstíð og hér búa sóldýrkendur. Sólin er enn ódýrasta geðlyfið sem býðst á þessu ástsæla skeri og veðrið verður stærsti samnefnari þjóðarinnar á meðan fólk heldur áfram að tala út í eitt um hluti sem það fær ekki breytt.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Fleiri bætast við



**CHROMEO** Kanadíska rafdúóið Chromeo spilar á Iceland Airwaves í haust.
MYND/TIM BARBER

Kanadíska rafdúóið Chromeo, bandaríska hljómsveitin Annuals, Bonde de Role frá Brasilíu og færeyska sveitin Boys in a Band hafa bæst í hóp þeirra hljómsveita sem koma fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem verður haldin 17. til 21. október.

Fyrsta plata Chromeo, She´s in Control, hefur vakið mikla athygli. Leikur sveitin dansvænt popp í anda Hot Chip. Rokksveitin Annuals sló í gegn á South By Southwest-hátíðinni í Texas ásamt danspönksveitinni Bonde do Role.

Þegar hafa um fimmtíu atriði verið staðfest á Iceland Airwaves. Umsóknarfrestur íslenskra listamanna og hljómsveita til að spila á hátíðinni rennur út 15. júlí. Hægt er að ná í eyðublað á www.icelandairwaves.com. Einnig er hægt að sækja um í gegnum Sonicbids á síðunni www.sonicbids.com/icelandairwaves.

# *Arkitekt tískunnar látinn*

Tískuhönnuðurinn Gianfranco Ferre lést á San Raffaelle spítala í Mílanó að kvöldi sunnudags eftir að hafa fengið alvarlegt heilablóðfall. Ferre, sem var aðeins 62 ára



**GIANFRANCO FERRE** Tískuhönnuðurinn frægi lést að kvöldi sunnudags eftir að hafa fengið alvarlegt heilablóðfall.

gamall, er einn þekktasti fatahönnuður Ítalíu og hefur fengið fjölmörg verðlaun fyrir hönnun sína. Hann var stundum kallaður „arkitekt tískunnar“ enda var hann menntaður sem slíkur og snið sumra flíka hans minntu helst á flókna skúlptúra.

„Hann var mjög heiðarleg persóna. Myndin sem kemur upp í hugann er virðingarfullur maður sem var rólyndur og ábyrgðarfullur,“ sagði Giorgio Armani þegar hann heyrði af dauða Ferre. „Ég fylgdist alltaf með því sem hann gerði og dáðist að gáfum hans og listhneigð sem einkenndi hönnun hans í gegnum árin. Hann var herramaður annars tíma og frábær hátískuhönnuður.“

Gianfranco Ferre á að baki glæstan feril. Hann opnaði sitt eigið tískuhús árið 1974, aðeins þrítugur og var yfirhönnuður Christian Dior árin 1989-1997. Gianfranco heitinn hefur þó ekki ennþá sýnt sína síðustu tískusýningu enda verður herralína hans fyrir sumarið 2008 sýnd í Mílanó næsta sunnudag.

# Hreint lygilegt

Nýjasta mynd sænska leikstjórans Lasses Hallström byggir á ævi bandaríska rithöfundarins Cliffords Irving sem vann sér það helst til frægðar að rita ævisögu milljarðamæringsins og sérvitringsins Howards Hughes í óþökk viðfangsins.

Sagan sjálf er virkilega spennandi og skemmtileg. Framadraumar Irvings verða að engu þegar enginn vill líta við skáldverkum hans en fyrir óttalega tilviljun hnýtur hann um þá hugmynd að skrifa ævisögu manns sem ekki hefur komið fram opinberlega í áratugi. Biturleiki hans og frægðarfýsn drífur hann áfram í blekkingarleiknum meðan hann skáldar ævisögu Hughes og hefur útgefendur sína að fíflum. Hann nær jafnframt að draga konu sína (Harden) og besta vin (Molina) inn í hasarinn.

Grín og galsafullur háski snýst fljótt upp í örvæntingu og geðveiki þegar seðlabúntin hrannast upp og blóðhundar Hughes komast á sporið. Inn í þetta blandast síðan laglegur slatti af pólitík þar sem skúrkurinn Nixon kemur við sögu enda er ýjað að spilltum tengslum hans við Hughes. Peðið Irving spilar sig stórt og fallið er hátt.

Hallström gerir afbragðs spennumynd og karakterstúdíu úr þessum efniviði sínum. Myndin er lúmskt fyndin og afar vel leikin, ég tek ofan hattinn og ét hann fyrir Richard Gere sem hér sýnir loksins af hverju hann er titlaður leikari. Alfred Molina á stórleik í hlutverki taugastrekkta rannsakandans Susskind sem Irving telur til þátttöku í skrípaleiknum. Hann er kindarlegur maður sem varpar enn skýrara ljósi á veilu Irvings sem er hætt ur að greina milli skáldskaparins og veruleikans, milli sín og Hughes. Afbragðsleikarar fara einnig með smærri rullur í myndinni, til dæmis Stanley Tucci og Julie Delphy.

Útlit myndarinnar er í alla staði frábært, svalar sviðsetningar, tímavísanir og músíkin eftirminnileg.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



**KVIKMYNDIR**

**The Hoax**

Byggt á bók Cliffords Irving.

Leikstjóri: Lasse Hallström / Aðahlutverk: Richard Gere, Alfred Molina, Marcia Gay Harden og Hope Davis.

★★★★

Afbragðsmynd með eilífan boðskap.

# Semur fyrir Ökutíma

Tónlistarkonan Lay Low mun semja tónlistina fyrir leikritið Ökutímar sem verður sett upp hjá Leikfélagi Akureyrar í október. Hún mun einnig flytja tónlistina á sýningunni.

Ökutímar, eða How I Learned to Drive, er bandarískt verðlaunaverk sem hefur farið sigurför um heiminn en hefur aldrei verið sýnt hérlendis. Vann það til Pulitzer-verðlaunanna á sínum tíma. Lay Low er ekki eina þekkta nafnið sem er að semja tónlist fyrir Leikfélag Akureyrar því Jón Ólafsson er einnig að því fyrir Óvitana sem verður frumsýnt í september.



**!** **Kl. 14.00**
*Guðmundur Thoroddsen heldur sína fyrstu einkasýningu í 101 gallery á Hverfisgötu. Á sýningunni eru málverk listamannsins sem gefið hefur sýningunni yfirskriftina Rjómaísland. Sýningin er opin þriðjudaga til laugardaga milli 14 og 17 og stendur til 19. júlí.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# *Jómfrúarjass í sól og skjóli*

Nú eru að hefjast þeir dægilegu dagar þegar vertarnir á Jómfrúnni í Lækjargötu takast á við veðurguðina og bjóða upp á djass í bakgarðinum milli Lækjargötu og Pósthússtrætis í Kvosinni. Tónleikar þar í skjólinu hafa um langa hríð verið vinsælir meðal jassgeggjara sem koma í miðbæinn, snæða af gnægtaborði smurbrauðsmeistaranna og súpa á svölum bjór með, jafnvel stöku Álaborgara. Fjórðu tónleikar sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar eru á laugardag, og kemur þar fram samnorræna hljómsveitin Valentine Quintet, en hún er hugarfóstur dönsku hjónanna Hanne Hammer söngkonu og Nils Ryde rafbassaleikara. Aðrir hljóðfæraleikarar eru Svíarnir Svend Hultin á gítar og Erik Qvick á trommur, auk Íslendingsins Sigurðar Flosasonar, sem spilar á saxófón. Fluttir verða jazzstandardar og verk eftir Nils Ryde. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir, en þeir sem vilja heyra kvartettinn að kveldi til geta farið á Domo á föstudagskvöld. Valentínan spilar líka á Kaffi Kúltúr 22. og í Múlanum 23. júní. Heimasíða Niles Ryde veitir frekari upplýsingar um þetta norræna samstarf: www.niles-ryde.dk.

- pbb


**TÓNLIST** Hanne Hammer söngkona.

## > Ekki missa af …

hádegistónleikum í **Hafnarborg** á laugardaginn. Þar koma fram frændsystkinin **Margrét Eir** og **Ágúst Ólafsson** og leika við hvern sinn fingur.

Síðustu sýningarhelgi í **Gerðarsafni** í **Kópavogi** þar sem fjórir **„útkjálkamenn“** á myndlistarsviðinu leggja saman en allir eiga þeir það sameiginlegt að búa og starfa **utan** þeirra stórborga þar sem meginstefnur myndlistar eru ákvarðaðar og myndlistinni er komið á framfæri.

# Endurnýjar kynnin af Klais

Kári Þormar, organisti Áskirkju í Reykjavík, kemur fram á hádegistónleikum tónleikaraðarinnar Alþjóðlegt orgelsumar í dag. Tónleikarnir, sem hefjast kl. 12 og standa í hálftíma, eru skipulagðir í samvinnu við Félag íslenskra orgelleikara.

Fyrst á efnisskránni er Chaconne eftir franska baroktónskáldið Louis Couperin og á eftir koma þrjú verk í anda norður-þýska orgelskólans, sem Dietrich Buxtehude lagði að mestu grunninn að. Tónleikunum lýkur svo með Kóral nr. 3 eftir César Franck, einn þriggja kórala sem hann skrifaði árið sem hann lést.

Áður en Kári Þormar hélt til framhaldsnáms í orgelleik og kirkjutónlist í Düsseldorf í Þýskalandi var hann fyrsti nemandinn sem lauk orgelnámi hér heima með tónleikum á hið glæsilega Klaisorgel í Hallgrímskirkju. Kennari hans hérna var Hörður Áskelsson, organisti Hallgrímskirkju. Að námi loknu var Kári organisti Kópavogskirkju, Fríkirkjunnar í Reykjavík en frá 2001 hefur hann verið organisti Áskirkju og stjórnað Kirkjukór Áskirkju.

Kári hefur bæði haldið tónleika hér heima og erlendis, auk þess sem hann hefur komið fram með Mótettukór Hallgrímskirkju bæði á tónleikum og í sjónvarpi.


**ORGELLEIKARINN KÁRI ÞORMAR** Lauk fyrstur orgelnámi sínu með tónleikum á hið mikilfenga Klaisorgel Hallgrímskirkju.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Þaulreyndir

Aðeins bestu fáanlegu hráefni eru notuð til matseldar á Vor og er öll matreiðsla í höndum þaulreyndra listakokka.



MÁN.–FIM. 9:30–22:00 | FÖS. 9:30–01:00 | LAU. 11:00–01:00 | SUN. 11:00–22:00
VOR | LAUGAVEGI 24 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 562 2322 | WWW.VOR.IS



**DANÍELS BJÖRNSSON** Daníel er fjórði listamaðurinn sem tekur þátt í sýningarröð D-salarins í Hafnarhúsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fundinn reitur í Hafnarhúsinu

**Það er gróska í Hafnarhúsinu. Daníel Björnsson myndlistarmaður opnar sýninguna Reitur í húsakynnum Listasafns Reykjavíkur í dag.**

Innsetningin „Reitur“ er unnin inn í D-sal Hafnarhússins. Þar hefur að undanförnu staðið yfir sýningarröð ungra myndlistarmanna. Með henni vill safnið vekja athygli á efnilegu listafólki sem ekki hefur áður haldið einkasýningar í stærri söfnum landins. Listamennirnir vinna allir ný verk fyrir D-sal hússins en sýningunum verður fylgt eftir með útgáfu sýningarskrár í lok ársins.

Daníel er fjórði þátttakandinn í því framtaki Listasafns Reykjavíkur sem mælst hefur vel fyrir hjá gestum. Daníel lauk BA-námi í myndlist við Listaháskóla Íslands árið 2002 og hefur síðan verið virkur í sýningahaldi á Íslandi og erlendis. Hann hefur á undanförnum árum tekið þátt í öflugu starfi ungra myndlistarmanna í Reykjavík og var meðal annars annars sýningastjóri samsýningarinnar Pakkhús postulanna sem sett var upp í Hafnarhúsinu síðasta haust. Hann er því öllum hnútum kunnugur í húsinu og segir ánægjulegt að snúa þangað aftur. Hann fagnar ennfremur framtaki safnsins að veita ungu myndlistarfólki þetta tækifæri.

„Sýningin er unnin upp úr fundnum hlutum,“ útskýrir Daníel og segir yfirskriftina „Reitur“ til dæmis vísa til garðræktar. Reiturinn er annars unninn úr ljósi og hráum efniviði. Á sýningunni vinnur Daníel með algengar táknmyndir en þar er meðal annars að finna gamlar ljósmyndir og trékenndan skúlptúr sem gengur upp úr miðju rýmisins. Önnur myndin er af póstkorti af Hljómskálagarðinum ásamt handteiknaðri flugvél en hin er af garðyrkjustörfum tveggja manna í örlitlum skrúðgarði á Eyrarbakka í kringum 1940 en þess má geta að störfum sínum sinna þeir í nágrenni við ekta íslenskan kartöflugarð.

Daníel segir sýninguna meðal annars skírskota til gróskunnar og sköpunarkraftsins en tréð stóra hefur einnig verið sagt vísa til skilningstrésins og Asks Yggdrasils. Sýningarstjóri er Ólöf. K. Sigurðardóttir.

Sýningin verður opnuð kl. 17 í dag.

# Sumarljós seld

Skáldsaga Jóns Kalmans Stefánssonar, Sumarljós, og svo kemur nóttin, hefur verið seld til danska forlagsins, Batzer og Co. Samningaumleitanir forlagsins Bjarts við Dani hafa staðið um nokkra hríð en forlagið, sem sérhæfir sig í framúrskarandi þýddum bókmenntum, varð loks fyrir valinu. Forlagið gefur meðal annars út Nóbelsverðlaunahafann Imré Kertez og Per Petterson, en Bjartur mun á haustmánuðum gefa út bók hans Ut og stjæle hester.

Jón Kalman hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2005 fyrir Sumarljósin, sem brátt munu skína í Danmörku, og nýverið komu út í kilju skáldsögur hans þrjár sem oft ganga undir nafninu sveitatrílógían og hafa verið að gera allt vitlaust í Þýskalandi á undanförnum árum, Skurðir í rigningu, Sumarið bakvið brekkuna og Birtan á fjöllunum.


**JÓN KALMANN STEFÁNSSON** Tryllir þýska lesendur að sögn forleggjara sinna.



**GUJA DÖGG HAUKSDÓTTIR ARKITEKT** Leiðir göngufólk um miðbæinn.

# Sumarsólstöðuganga

Þriðja kvöldganga sumarsins sem kennd er við Kvosina, fer fram á sólstöðum og er í umsjá Listasafns Reykjavíkur. Í göngunni mun Guja Dögg Hauksdóttir, arkitekt og deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, sýna elstu og yngstu hús miðbæjarins. Í för sinni leitast hún við að lesa í form, efni og frágang húsanna sem og tengingu þeirra við staðinn.

Þegar líður á gönguna er lagt til að gestir skyggnist eftir góðum stað fyrir daggarbað Jónsmessunæturinnar.

Meginhluti bygginga borgarinnar er reistur eftir aldamótin 1900 og hafa því flestar byggingarnar sprottið úr hugmyndafræði módernismans sem snýst um hreina fagurfræði óháða sögulegri tengingu við eldri byggingar hvað varðar form, efni eða staðbundinn menningararf. Undir aldamótin 2000 hyllti hins vegar undir þörfina fyrir að hnýta aftur saman sjálfsímynd og sérkenni hvers staðar og byggingarlistin tók í auknum mæli mið af landslagi sínu, bæði hvað varðar náttúrulegt umhverfi og eldri hús sem fyrir voru með sögu og sál í farteskinu.

Gangan hefst kl. 20 og tekur um klukkustund. Lagt er af stað úr Grófinni, milli Tryggvagötu 15 og 17 og er þátttaka ókeypis.



**FRUMKVÖÐULL, LEIKARI OG LEIKSTJÓRI** Hugsjónamaðurinn Elfar Logi Hannesson hefur veg og vanda að einleikjahátíðinni Act Alone. Hér er hann í gervi Steins Steinars.

# Einleikið vestra

Kómedíuleikhúsið stendur fyrir leiklistarhátíðinni Act Alone á Ísafirði í næstu viku en hátíðin verður nú haldin í fjórða sinn. Hátíðin Act Alone er helguð einleikjum og er eina árlega leiklistarhátíðin á Íslandi. Dagskráin er þegar orðin smekkfull því boðið verður uppá hvorki fleiri né færri en átján einleiki auk leiklistarnámskeiða og fleira skemmtilega einleikið dagana 27. júní til 1. júlí næstkomandi.

Á fyrstu einleikjahátíðinni 2004 var boðið uppá þrjá íslenska einleiki auk fyrirlesturs um einleiksformið. Hátíðin hefur vaxið og dafnað æ síðan og eru nú yfir tuttugu viðburðir skipulagðir í tengslum við hátíðina.

Hátíðin verður sett í Alþýðuhúsinu á Ísafirði næstkomandi miðvikudag með sýningu heimildamyndarinnar „Leikur einn“ sem gerð var um hátíðina í fyrra. Um kvöldið verða sýndir tveir stuttir einleikir eftir Benóný Ægisson í Hömrum á vegum Litla Leikklúbbsins. Leikstjóri þeirra sýninga er Elfar Logi Hannesson, hvatamaður hátíðarinnar og innsti koppur í búri Kómedíuleikhússins sem sinnt hefur einleikjaforminu betur en flestir.

Síðan taka við fjölbreyttir viðburðir, til dæmis námskeið um brúðuleikhús og einleiki auk málþings um hið síðarnefnda. Meðal gesta á hátíðinni er danski leikhúslistamaðurinn Ole Brekke sem mun skemmta gestum í líki trúðsins Otomoto líkt og í fyrra. Síðan er von á gestasýningu frá Eistlandi.

Stoppleikhópurinn, Sögusvuntan, Möguleikhúsið og fyrrgreint Kómedíuleikhús eru síðan meðal þeirra fjölmörgu leikhópa er munu sýna á verk á hátíðinni.

Undir lok hátíðarinnar mun Guðrún Ásmundsdóttir flytja ásamt fríðu föruneyti óvenjulegt verk sem heitir „Ég lít í anda liðna tíð“ en þar segir hún frá leikferð á Ísafjörð með hið fjölsýnda gamanverk Ævintýri á gönguför. Með í för voru Ísfirðingarnir Brynjólfur Jóhannesson og Áróra Halldórsdóttir sem sögðu henni frá leikhúsinu á Ísafirði og þar kynntist hún einnig leikkonunni Sigrúnu Magnúsdóttur. Inn í sögu þeirra verður fléttuð saga Sigvalda Kaldalóns, þegar hann lifði og starfaði sem læknir að Ármúla við Ísafjarðardjúp. Karl Oluf Bang fóstursonur Sigvalda kemur einnig við sögu í leiknum. Þarna verður á ferð einstakt söguleikhús með söngvum sem enginn ætti að missa af.

Þá verður einnig opnuð myndlistarsýning í félagsheimilinu Haukdal í Dýrafirði á verkum eftir listahjónin Gunnar Guðmundsson og Guðmundu Jónu Jónsdóttur frá Hofi í Dýrafirði. Bæði fóru sínar eigin leiðir í listinni og eru því í hópi svonefndra einfara í hinum íslenska myndlistarheimi.

Stjórn Act Alone 2007 skipa Brynja Benediktsdóttir, Elfar Logi Hannesson, Jón Viðar Jónsson og Marsibil G. Kristjánsdóttir en allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðunni www.actalone.net.


www.ellingsen.is




Njóttu frelsis

í Fleetwood Santa Fe




Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Áfastir rúmfætur
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari

Útilegukortið



Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

Kaupauki! Útilegukortið fylgir öllum Fleetwood-fellihýsum

Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2007 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 508 cm (10 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Hæð að innan | 203 cm |
| Eigin þyngd | 805 kg |
| Heildarþyngd | 1356 kg |

Verðdæmi

| | |
|---|---|
| Verð | 1.390.000 kr. |
| Útborgun | 200.000 kr. |

Mánaðargreiðsla

16.919 kr.*

*miðast við 84 mánuði

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Opið mán.-fös. 8-18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

# Selir með mannsaugum

Myndlistarsýningin SPIK verður opnuð í Selasetri Íslands á Hvammstanga laugardaginn 23. júní kl. 16. SPIK er samstarfsverkefni hóps myndlistarmanna sem kallar sig Selínu.

Hópurinn hefur hefur um tveggja ára skeið unnið að undirbúningi þessarar sýningar og meðal annars farið í nokkra rannsóknarleiðangra á Vatnsnesið til þess að gaumgæfa seli og afla efnis og hugmynda fyrir verkefnið. Verkin á sýningunni eru unnin í margs konar efni en eiga það sameiginlegt að byggja á hugmyndum þar sem selurinn er í aðalhlutverki á einn eða annan hátt.

Verkin fjalla meðal annars um þá þjóðsagnakenndu dulúð sem oft birtist í sögnum um seli og heimkynni þeirra, samskipti manns og náttúru, hamskipti, ævintýri og þjóðsögur. Í tengslum við sýninguna verður safnað sögum um seli.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Selasetur Íslands og verður listaverkunum komið fyrir innan um sýningargripi setursins.

Listamennirnir sem taka þátt í sýningunni eru: Anna Guðjónsdóttir, Anna Hallin, Anna Líndal, Bryndís Snæbjörnsdóttir, Eygló Harðardóttir, Olga Bergmann og Ólöf Nordal. Einnig taka arkitektarnir Hrefna Björg Þorsteindóttir og Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir þátt í sýningunni.

Sýningin er opin á opnunartíma setursins og stendur yfir til ágústloka. Nánari upplýsingar eru á www.selasetur.is



**MYNDLIST** Selasetur Íslands á Hvammstanga í góðu veðri.



**BÓKMENNTIR** Guðsgjafaþula var síðasta stóra skáldsaga Halldórs Laxness og hefur ekki verið skoðuð í kjölinn fyrr.

# Guðsgjafaþuluþing haldið á Siglufirði

Í Síldarminjasafninu á Siglufirði ætla menn að þinga á laugardag um Síldina og skáldið – þar verður málþing um Guðsgjafaþulu Halldórs Laxness. Hefst þingið á laugardag kl. 14 og stendur fram undir kvöldmat.

Guðgjafaþula er eins og kunnugt er sagan af Íslandsbersa og ganga flestir út frá því sem vísu að fyrirmynd þess mikla síldarspekúlants og útgerðarmanns sé Óskar Halldórsson útgerðarmaður. Er þá bæði vitnað til gagna frá Halldóri um að hann hafi heitið Óskari að skrifa ævisögu hans og einnig eru í sögunni fjöldi minna sem tengjast Óskari en hann hafði um langt skeið aðsetur á Siglufirði.

Þingið á laugardag setur Guðný Dóra Gestsdóttur, forstöðumaður setursins á Gljúfrasteini. Þá les Theodór Júlíusson leikari kafla um Guðsgjafaþulu úr óútgefinni samtalsbók Ólafs Ragnarssonar bókaútgefanda við Halldór Laxness um líf hans og verk, en þeir Ólafur og Theodór eru báðir heimamenn. Bók Ólafs er væntanleg í haust.

Þá taka við bókmenntafræðingar: „Hér er ég að rekja þá einu sögu þar sem ævisaga mín skiftir ekki máli...“ – Haukur Ingvarsson, bókmenntafræðingur, skáld og Víðsjármaður spyr hvaða sögu segir Guðsgjafaþula?

Stallsystir hans í bókmenntastofnun, Katrín Jakobsdóttir þingmaður, kallar sitt innlegg „Guði sé lof það var bara arsenik.“ um brennivín, Halldór Laxness og Guðsgjafaþulu.

Hannes Baldvinsson ásamt Örlygi Kristfinnssyni rekur þá staðfræði sögunnar í samhengi raunveruleikans: Guðsgjafaþula og siglfirskar fyrirmyndir og loks skyggnist Sigurjón Jóhannsson, leikmyndahönnuður og Siglfirðingur um sögusviðið.

Þá lesa Theodór Júlíusson og Þór Tulinius upp. Að lokinni dagskrá eru pallborðsumræður með þeim Katrínu Jakobsdóttur, Hauki Ingvarssyni og Gunnari Rafni Sigurbjörnssyni.

Ríkisútvarpið verður með nema og band á staðnum og má vænta þess að þessu merka þingi verði gerð skil á Rás 1 á komandi mánuðum, en það er fyrsta alvarlega tilraunin til að taka sögu Halldórs til skoðunar á alvarlegan máta.

Um kvöldið kl. 18 verður framreiddur í Bátahúsi kvöldverður: síldarborð nema hvað og sungið undir borðum. Þá verður minnst hundrað ára afmælis Róaldsbrakka. Eftir mat verður stiginn dans á bryggjunni við harmonikuspil og saltað í nokkrar tunnur í tilefni dagsins. Það er Síldarminjasafnið sem stendur fyrir þessu og er svo að sjá að nú hyggist Siglfirðingar eigna sér söguna en lengi hafa menn þar og úr Djúpuvík á Ströndum þóst eiga þann stað sem Halldór skóp í sögu sinni.

Gestir og heimamenn geta haldið áfram ferð um horfnar söguslóðir síldarinnar: á sunnudeginum verður farið að rústum Evangersverksmiðju austan fjarðar og er lagt upp kl. 14 og nýr áningarstaður ferðamanna vígður.

pbb@frettabladid.is




„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Í kvöld kl. 20 UPPS. | Fös 22/6 kl. 20 UPPS. | Lau 23/6 kl. 20 UPPS.
Sun 24/6 kl. 20 UPPS. | Fim 28/6 kl. 20 | Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Árshátíð - Brúðkaup - Ferming - Erfidrykkja - Afmæli - Fundur - Ráðstefna - Átthagakvöld - Sýning

Treystu fagfólki fyrir þínu teiti

- Veislu- og fundaþjónusta með 30 ára reynslu
- Nýtt og fullkomið hátæknieldhús og búnaður
- Fagleg matargerð sem snertir bragðlaukana
- Hágæða þjónusta og lipurð í framsetningu
- Glæsilegir, fallegir, stílhreinir og vel búnir salir
- Viðburðarstjórnun, ráðgjöf og skemmtikraftar

Teiti Veisluþjónusta Broadway



Skoðaðu sali, veitingar, þjónustu á **teiti.is**

**Teiti** veisluþjónusta - Ármúla 9 Reykjavík - Sími 5331100

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

18 19 20 21 22 23 24

### Fimmtudagur

**OPNANIR**

17.00 **Helga Sigurðardóttir** opnar sýningu í galleríinu **Art-Iceland**. Hafið í öllum sínum margbreytileika er áhrifamáttur sýningarinnar. Sýningin ber heitið **Mar**. Sýningin er opin 11-18 virka daga og 11-16 á laugardögum

**SKEMMTANIR**

21.00 **Popp/Pub Quiz** á **Glaumbar**. Trúbadorinn **Hlynur Ben** mun svo spila eftir keppnina.

**FYRIRLESTRAR**



12.00 **Hádegisleiðsögn** um hönnunarsýninguna **Magma/Kvika** á **Kjarvalsstöðum**. Bergþóra Guðnadóttir frá hönnunarfyrirtækinu Farmers market gengur með gestum sýningarinnar. Á hádegisstefnumótinu mun Bergþóra segja gestum frá tilkomu **Farmers Market** og þeim munum úr smiðju þeirra sem til sýnis eru á sýningunni **Magma/Kvika**. Hönnun úr ull er í fyrirrúmi hjá Farmers Market en einnig er að finna muni eins og forláta iPod hulstur sem gert er úr fiskiroði og er fyrsti, íslenski aukahluturinn fyrir iPod.

**SÝNINGAR**

11.00 **Rannveig Ásbjörnsdóttir (Ransý)** sýnir á **Geysir bistro & bar** Aðalstræti 2. Listakonan sýnir vatnslitamyndir en yfirskrift sýningarinnar er **Landslag og blóm**. Staðurinn er opinn alla daga frá 11-22.

11.00 Í **Gerðarsafni** í **Kópavogi** stendur yfir sýningin **The Provincialists / Útkjálkamenn**. Þar sýna fjórir norrænir listamenn: **Ane Lan, Astri Luihn, Madeleine Park** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir**. Listamennirnir vinna með ýmsum aðferðum og útfrá ólíkum hugmyndum en eiga það sameiginlegt að búa og starfa utan þeirra stórborga þar sem meginstefnur myndlistar eru ákvarðaðar og myndlistinni er komið á framfæri. Sýningin stendur til 24. júní en safnið er opið alla daga nema mánudaga milli 11-17.

11.00 **Filt & Quilt** - textílsýning **Heidi Strand** stendur nú yfir í **Tjarnarsal Ráðhússins** í **Reykjavík**. Þar sýnir hún átján ný veggverk og tvo skúlptúra. Verkin eru öll unnin úr þæfðri ull og textílefnum og myndefnið er mikið sótt í þær andstæður í lífinu sem Heidi upplifði í **Hírósíma og Nagasaki**, annars vegar dauðann og eyðilegginguna og svo lífskraftinn sjálfan hins vegar. Heidi beitir ýmsum aðferðum í listsköpun sinni, bæði gamalkunnugum og svo nýjum aðferðum sem hún hefur sjálf þróað á grundvelli eldri hefða. Þetta er 19. einkasýning Heidi.

12.00 **Björn Ásbjörnsson** sýnir í Listasal Mosfellsbæjar, Þverholti 2. Verkið **Bönd** tengist hugleiðingum um hjónaband, ættarband og tímann. Grunnur verksins er í norrænni goðafræði og gerir Bergsteinn tilraun til að gera tímans bönd sýnileg. **Listasalur Mosfellsbæjar** er opinn virka daga kl. 12-19 og lau. 12-15 og er í **Bókasafni Mosfellsbæjar**. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu. Einnig er hægt að skrá inn viðburði á fréttavefinn visir.is.

## NÝJAR BÆKUR




Hjá Máli og menningu er komin út bókin **10 x 10 leikir** – Hundrað skemmtilegir leikir fyrir krakka á öllum aldri eftir **Sóleyju Ó. Elídóttur** íþróttafræðing. Margrét E. Laxness skreytir bókina líflegum teikningum og skýringarmyndum. Fátt er skemmtilegra en að leika sér. Í þessari bók hefur Sóley Ó. Elídóttir tekið saman hundrað leiki sem henta bæði ungum og öldnum við öll tækifæri. Leikjunum er skipt í 10 flokka: Afmælisleikir, bílaleikir, boltaleikir, eltingaleikir, feluleikir, inni- og útileikir, keppnisleikir, sundleikir, tvímenningsleikir og útileguleikir. Hverjum leik er lýst í stuttum og greinargóðum texta þar sem fram kemur hversu margir geta leikið leikinn, hver er heppilegur aldur þátttakenda, hvar best er að leika leikinn og hvaða áhöld eru nauðsynleg.




Út er komin hjá Bjarti bókin **Icelandic Folk Legends** – Tales of Apparition, Outlaws and Things Unseen. Á bókarkápu er þess getið að rit þetta veiti einstaka innsýn í íslenska þjóðarsál sem mótast hefur í aldalangri baráttu sinni við hungur, grimm náttúruöfl og skammdegissvartnætti. Í bókinni er að finna tólf íslenskar þjóðsögur sem Alda Sigmundsdóttir hefur þýtt yfir á ensku, þeirra á meðal Djákninn á Myrká (The Deacon of Myrká Church) og Þorgeirsboli (Þorgeir's Bull).

**Sýningar á söguloft**i

**MR. SKALLAGRÍMSSON**
**Júní:** 20. kl.20 laus sæti, 29. kl.20 laus sæti
**Júlí:** 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
**Ágúst:** 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS






> **GOTT GLÁP**

**Zodiac:** David Fincher er óðum að verða spennumyndakóngurinn í Hollywood og Zodiac er kærkomin búbót í sumarmyndaflórunni.
**Hoax:** Richard Gere sýnir stjörnuleik og virðist vera ótrúlega lunkinn í að safna að sér nýjum og nýjum aðdáendum.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON LEIKARI

# A Night at the Roxbury er tímalaus klassík



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Fracture með Anthony Hopkins, ágætis mynd en með ódýrum og lélegum lokahnykk. Tony er betri en þetta.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Það væri A Night at the Roxbury, tímalaus klassík með Will Ferrell og Steve Coren úr SNL ásamt ógleymanlegum Richard Grieco með setningunni: „As an actor I´m a keen observer of human nature, I think I can help.“ **Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Poltergeist hafði mjög mikil en neikvæð áhrif á mig á sínum tíma. Ég þakka þeirri mynd margar svefnlausar nætur.
**Hefur þú grátið í bíó?** Nei, ég er ekki kvenmaður.
**Uppáhalds íslenska persónan:** Smámælti gæinn í Stellu í framboði, handrukkari Gísla Arnar í Börnum, Jón Gnarr í Íslenska draumnum og vistmenn Klepps í Englum alheimsins.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Hmmm … Scarlett Johannson, hún veit nákvæmlega hvað hún er að gera.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** William Wallace, megahetjan hans Mels í Hugprýðishjarta (Braveheart)
**Mesti skúrkurinn:** Séra Jón Magnússon í Myrkrahöfðingjanum, æðislega firrtur skúrkur hjá Hilmi Snæ: „Þið eruð saurslettur úr endaþarmi djöfulsins.“
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Opinberun Hannesar, maðurinn hlýtur að hafa verið að grínast.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Það væri dans- og söngvamynd unnin upp úr Skuggasveini, Baz Luhrmann myndi leikstýra og ég og Guðjón Davíð Karlsson sæjum um Svein og Ketil skræk. Tónlistin væri í höndum HAM.

# Nýr Bond-stjóri

Marc Forster hefur verið ráðinn leikstjóri næstu myndar um James Bond en hún verður sú 22. í röðinni. Daniel Craig verður að sjálfsögðu í hlutverki breska leyniþjónustumannsins en síðasta mynd, Casino Royal, gekk framar vonum og er sú tekjuhæsta í þessum vinsæla kvikmyndabálki.



**LEIKSTÝRIR NÚMER 22** Marc Forster mun skrifa handritið.

Ekki verður hins vegar annað sagt en að þessi ákvörðun Broccoli-fjölskyldunnar komi mörgum James Bond-aðdáendum í opna skjöldu. Jafnvel meira en valið á Daniel Craig í hlutverk Bond á sínum tíma.

Forster er nefnilega þekktur fyrir kvikmyndir sem seint verða sakaðar um að vera þjakaðar af hvers kyns sprengjum og hraða. Hann hefur nýlokið við gerð kvikmyndarinnar Flugdrekahlauparinn sem byggð er á samnefndri metsölubók Khaled Hosseini. Þar áður hafði hann gert rólyndismyndina Finding Neverland með Johnny Depp í aðalhlutverki og Stranger than Fiction þar sem Will Ferrell fór á kostum.

Áætlað er að tökur hefjist í London í lok desember á þessu ári en hún verði síðan frumsýnd ári seinna. Henni hefur ekki verið gefið nafn en vitað er að Óskarsverðlaunahafinn Paul Haggis skrifar fullbúið handrit ásamt Forster.



**SNÝR AFTUR** Daniel Craig hyggst bjarga heiminum í líki James Bond á ný.



**DÆMIGERÐ FRAMHALDSMYND** Þrátt fyrir að fyrsta Fantastic Four-myndin hafi ekki skilað neinum svimandi háum tölum í kvikmyndahúsum þá seldist dvd-mynddiskurinn ákaflega vel.

# Kvikmyndaiðnaður í vörn

**Sumarið hefur verið undirlagt af framhaldsmyndum og um helgina verður þriðja myndin um græna skrímslið Skrekk frumsýnd. Ekki sér fyrir endann á þessu því í næstu viku kemur fjórða myndin um John McClane og síðan koma þær til landsins ein af annarri.**

Til viðbótar við Skrekk er verið að sýna framhaldsmyndirnar um sjóræningjana á Karíbahafinu og Köngulóarmanninn í kvikmyndahúsum borgarinnar. Auk þeirra má rekast á áframhald af líkamsmeiðingum í Hostel, vírus í 28 Weeks Later og glæsibófum Ocean-gengisins. Að ógleymdum sumarsmellinum um hin Fjögur fræknu og Silfurbrimbrettakappann og Goal II.

„Samkvæmt talningum á vefnum verða í kringum tuttugu framhaldsmyndir af einhverju tagi frumsýndar á þessu ári þar vestra,“ segir Ólafur H. Torfason, kvikmyndarýnir Rásar 2, og játar að þetta sé hreint ótrúlegt sumar hvað þetta varðar.

Ólafur útskýrir hins vegar að þetta sé engin tilviljun, kvikmyndaiðnaðurinn í Bandaríkjunum gangi frekar illa heima fyrir og sé í hálfgerðri vörn. „Aðsóknin hefur verið að dragast saman enda hefur fólk yfir að ráða fullkomnum heimabíóum auk niðurhalsins af netinu.“ Því sé gripið til þess ráðs að framleiða kvikmyndir með persónum sem fólk þekkir ágætlega. „Slíkt gerir alla markaðssetningu auðveldari vegna þess að þú þarft ekki að kynna eitthvað nýtt fyrir neytandanum.“ Ólafur bendir jafnframt á að í dag snúist allt um að fanga fólk fyrstu helgina, taka áhorfendur með trompi áður en kvikmyndin fer að spyrjast út.



**ÁSGRÍMUR** Gróðinn knýr framhaldsmyndir áfram.

Undir þetta tekur Ásgrímur Sverrisson, ritstjóri vefsíðunnar logs.is. Hann segir að svo lengi sem þessar myndir skili gróða verði þeim haldið áfram.

„Hollywood er bara buisness. Og á meðan þetta er góður buisness sér ekki fyrir endann á þessu.“ Hann bætir þó við að þetta sé síður en svo nýtt af nálinni í Hollywood. Þetta hafi allt byrjað í kringum áttunda áratuginn þegar peningamaskínan í Englaborginni fór að rúlla fyrir alvöru með kvikmyndum á borð við Jaws og Star Wars. „Þá sáu menn að hægt var að græða gommu af peningum. Enn um leið fylgdi þeim meiri kostnaður, leikarar heimtuðu hærri laun og myndir urðu sífellt dýrari enda urðu þær að verða stærri smellir. Og þá fóru menn að hugsa hvort það væri ekki hagkvæmara að vinna með sama umfjöllunarefnið.“

Ólafur telur þetta vissulega vera varhugaverða þróun og beri að einhverju leyti vott um hugmyndafátækt. „Þetta segir manni líka hverjir eru komnir til valda í kvikmyndaverunum, mennirnir með dollarana í augunum.“ Ásgrímur bendir þó á að þegar horft er yfir bandarískan kvikmyndaiðnað megi kannski ekki einblína um of á þessa sumarsmelli og dæma hann út frá því. Enda fái áhugamenn um gæðamyndir sitthvað fyrir sinn snúð í janúar og febrúar þegar væntanlegir keppinautar fyrir Óskarinn koma til landsins.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ – Vel lesið

*Gallup maí 2006


# Fjórða myndin komin í tökur

Tökur á fjórðu Indiana Jones-myndinni hófust á mánudaginn en frá þessu er greint á heimasíðu kvikmyndatímaritsins Empire. Mikið hefur gengið á í undirbúningi myndarinnar og hefur fleiri tugum handrita verið kastað út af borðinu. En nú er allt klappað og klárt og þeir Steven Spielberg, George Lucas og að sjálfsögðu Harrison Ford eru sameinaðir á nýjan leik.

Kvikmyndaspekúlantar úti í heimi hafa þó efast um þetta framtak og bent á að Ford sé orðinn rúmlega sextugur sem sé ekki beint „rétti“ aldurinn fyrir ofurhuga á borð við Indy. Framhjá því verði varla horft að átján ár séu liðin síðan Ford setti upp hattinn góða og barðist við illræmda nasista og vafasamar kærustur.

Lítið fæst uppgefið um eiginlegan söguþráð myndarinnar en þó eru taldar mestar líkur á því að Shia LeBeouf leiki son Indiana Jones. Ef marka má leikarahópinn er þó ljóst að aðstandendur myndarinnar hyggjast leggja allt í sölurnar til að tryggja áframhaldandi velgengni Indiana Jones en meðal leikara má nefna Ray Winstone, John Hurt og Cate Blanchett.




Tuborg og MasterCard kynna í samstarfi við Concert
CHRIS CORNELL
SOUNDGARDEN / TEMPLE OF THE DOG / AUDIOSLAVE
Miðasala hefst í dag kl. 10:00
Í fyrsta skipti á sviði, flytur Chris Cornell ásamt hljómsveit, alla smellina frá Soundgarden, Temple of the Dog og Audioslave!
Laugardaginn 8. september
LAUGARDALSHÖLLINNI
TUBORG
LÉTTÖL
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði
CONCERT



> Maulaðu á …

þurrkuðu mangói í stað þess að teygja þig í sælgætisskálina. Það er bæði holt og sérdeilis ljúffengt.

**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGUR ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR VÖRUHÖNNUÐUR

# *Kjúklingamagar og svínseyru*



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ristað brauð eða hrökkbrauð með osti og sultu er líklega það sem ég borða oftast dagsdaglega og væri því erfiðast að sleppa. Annars er ég ekkert svo vanaföst þegar kemur að mat og verð alltaf að breyta til svo ég fái ekki leiða á einhverju.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ég fékk einu sinni svakalega góða túnfisksteik á Apótekinu. Rúsínan í pylsuendanum voru svo þrjár tegundir af créme brulée, sem er uppáhalds eftirrétturinn minn.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Hákarl, kapers og nautahakk ef það eru seigir bitar í því.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Ég myl oft „sushi nori“ þangblöð út í núðlurétti og suma austurlenska rétti í staðinn fyrir sojasósu því ég er með ofnæmi fyrir soja. Ein skeið af einhverri sterkri indverskri sósu og kókosmjöl út í grænmetispottrétt er líka fljótleg leið að góðri og hollri máltíð.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Mér finnst fátt betra en ylvolgt croissant með súkkulaði. Eða sushi.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ost, kaffibaunir og alls konar opnaðar krukkur sem ég man aldrei hvenær ég opnaði og þori því ekki að borða af hræðslu við að það sé útrunnið.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég tæki með mér góða sveðju til þess að geta gætt mér á ferskum kókoshnetum og ananas. Líka veiðistöng og nóg af eldspýtum til að geta grillað fisk. Þá væri ég bara góð.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Slepjulegir smáréttir á portúgölskum veitingastað. Staðurinn var allur skreyttur með þurrkuðum heilum svínum, vekjaraklukkum og skrýtnum hlutum. Af táknmáli þjónsins að dæma voru þetta líklega kjúklingamagar og svínseyru. Þetta smakkaðist alveg hræðilega.

# Spennandi kjúklingaréttir

Ný matreiðslubók er væntanleg í verslanir fyrstu vikuna í júlí frá bókaforlaginu Skjaldborg. Bókin er eftir Lindu Fraser og nefnist á íslensku Kjúklingaréttir. Fraser er höfundur fjölmargra matreiðslubóka og stýrði hún einnig hinni vinsælu þáttarröð BBC Good Food Magazine.

Eins og nafnið bendir til samanstendur bókin af uppskriftum af alls kyns kjúklingaréttum. Bókin hefst á fróðlegum inngangi þar sem farið er út í ýmis grundvallaratriði sem eiga við þegar elda skal kjúkling. Sex aðgengilegir flokkar eru í bókinni og er þar til dæmis fjallað um seðjandi aðalrétti, ljúffenga pottrétti, létt sumarsalöt og spennandi grillrétti.

Hverri uppskrift fylgja hollráð og ábendingar auk leiðbeiningamynda sem sýna lykilþætti í hverri uppskrift. Hver réttur er að lokum sýndur á glæsilegri mynd svo sá sem matreiðir veit að hverju hann skal stefna.




**KJÚKLINGARÉTTIR** Ný og spennandi uppskriftabók frá Skjaldborg sem kemur í verslanir í júlí.

# Veitingastaðurinn Friðrik V flytur

Veitingastaðurinn Friðrik V flytur sig um set næstkomandi mánaðamót. Staðurinn er við Strandgötu á Akureyri en verður fluttur í Kaupvangsstræti 6, gegnt Hótel KEA. Veitingahúsið sérhæfir sig í að elda úr fersku, íslensku hráefni á nútíma evrópska vísu.

Hjónin Friðrik Valur Karlsson og Arnrún Magnúsdóttir hafa rekið staðinn í sex ár í sumar og er aðsóknin það góð að nauðsynlegt er að færa veitingastaðinn í stærra húsnæði. Veitingastaðurinn sjálfur verður reyndar svipaður að stærð og hann er í dag en við það bætist koníaksstofa og veislusalur. Auk þess munu hjónin opna verslun í kjallaranum og þar munu þau meðal annars selja ferskan fisk og kjöt af svæðinu og fleira. Staðurinn auglýsti nýlega eftir nýju starfsfólki enda þarf stærri hóp af starfsfólki þegar veitingahúsið stækkar.



**FRIÐRIK V** Veitingastaðurinn verður fljótlega færður í nýtt og veglegra húsnæði.





Átt þú reiðhjól í góðu ásigkomulagi?

Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands er að safna reiðhjólum til að senda til Gambíu.

Hjólin þurfa að vera í heil og nýtanleg.

Tekið er á móti reiðhólunum í Fataflokkunarstöð Rauða krossuns Íslands í Gjótuhrauni 7, Hafnafirði frá 8:00-15:00 fram til 28. júní.

Nánari upplýsingar fást, marin@redcross.is og 545 0407 Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands.




**ELÍN INGIMUNDARDÓTTIR** Hún velur uppskrift að dýrindis skötusel til að deila með lesendum Fréttablaðsins. Elín er einn eigenda Nóru í Bankastræti en þar er meðal annars að finna alls kyns matvöru frá ýmsum löndum heims.

# Skötuselur í sumarbústað

**Elín Ingimundardóttir er einn eigenda frönsku verslunarinnar Nóru í Bankastræti en í búðinni er einnig boðið upp á alls kyns spennandi matvöru. Elín segist oft elda heima hjá sér og að hennar mati er lang best að elda alvöru „gourmet“-mat.**

„Mér finnst skemmtilegast að elda „gourmet“-mat eins og til dæmis hreindýr. Mér finnst hreindýrakjöt einstaklega gott og það er ennþá betra því maður fær það svo sjaldan.“ Aðspurð hvort það sé eitthvað sem hún geti alls ekki hugsað sér að elda segir hún: „Ég myndi aldrei elda reykta ýsu, mér finnst hún bara alls ekki góð.“

Elín valdi uppskrift að skötusel til að deila með lesendum og segir hana afar vinsæla á heimilinu.

„Uppskriftin varð til í sumarbústað úti í Flatey en þá var nú bara verið að nota restarnar sem voru til í ísskápnum,“ segir hún og hlær. „Þetta heppnaðist svo vel að heimilisfólkið er alveg sérlega hrifið af réttinum og biður oft um þennan skötusel í matinn. Uppskriftin hefur þróast örlítið í gegnum tíðina en rétturinn er samt í grunninn sá sami og alltaf jafn góður og í sumarbústaðnum forðum daga.“

Hvítlaukurinn og laukurinn er steiktur á pönnu og sveppunum bætt út í. Látið malla í smástund. Skötuselurinn er skorinn í bita, settur út í og hitinn lækkaður. Látið malla í þrjár til fjórar mínútur. Að lokum er rjóminn og kryddið sett út í og látið malla í fimm til tíu mínútur eftir smekk en ekki of lengi. Síðan er settur örlítill sósujafnari út í til að þykkja sósuna. Borið fram með hrísgrjónum og fersku salati.

**- bor**

**SKÖTUSELUR ELÍNAR**

**600 gr skötuselur**
**4-5 hvítlauksrif (má vera meira)**
**1 laukur**
**10-15 meðalstórir sveppir**
**Rjómi eftir smekk**
**1-2 tsk. fennel en einnig er hægt að nota karrí**

# Melónuréttur Möggu Stínu

Margrét Kristín Blöndal, tónlistarkona með meiru, býður Völu Matt í dýrindis matarveislu í þættinum Matur og lífsstíll í kvöld. Á boðstólum Möggu Stínu er meðal annars gómsætur og girnilegur eftirréttur sem ætti að fríska upp á hvaða veislu sem er.

„Magga Stína er litríkur og lifandi karakter og ein af skemmtilegustu manneskjum sem ég þekki. Matseldin er jafn flott eins og hún sjálf og þegar kemur að því að setja réttina fram á skemmtilegan hátt er hún einstaklega hugmyndarík og frjó,“ sagði Vala Matt, sem stýrir þættinum sem aldrei fyrr, yfir sig hrifin af tónlistarkonunni.

**VATNSMELÓNU EFTIRRÉTTUR**

**1 vatnsmelóna**
**1 box hindber**
**1 plata 70% súkkulaði**
**2 matskeiðar síróp**
**Piparmintu-súkkulaðiís (til dæmis Kjörís Mjúkís með mintubragði)**

Melónan er skorin niður í sneiðar og þeim raðað á flott fat. Hindberin eru sett yfir, súkkulaðið brytjað niður og dreift yfir melónuna. Örlítið af sírópi sett yfir. Borið fram með piparmintusúkkulaðiís.



**EFTIRRÉTTURINN** Magga Stína bauð Völu Matt upp á eftirrétt sem að hennar sögn var jafn litríkur og hressandi eins og söngkonan er sjálf.

Ferskt úrvals hrefnukjöt í næsta kjötborði



# Veislan er að hefjast!



### Gómsætt í veisluna

- Skerðu ferskt kjötið í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinni!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheitri pönnu eða á grillið: dýfa kjötinu í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnukjötið eru líka frábært hrátt sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

## Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskt úrvals hrefnukjöt á grillið eða á pönnuna.

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með úrvalshrefnukjöti í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu.

Þú getur fengið girnilegar uppskriftir og upplýsingar á www.hrefna.is

Þú færð úrvals hrefnukjöt í eftirtöldum verslunum:

KRÓNAN Samkaup úrval nettó KASKO FK FJARÐARKAUP

KJARVAL Melabúðin Þín verslun

**Hrefnuveiðimenn**
www.hrefna.is




# Upptökur á herrabúgarði

Sniglabandið er statt í Danmörku við upptökur á nýrri plötu sem hefur fengið nafnið Vestur. Upptökurnar fara fram í hljóðveri á gömlum herrabúgarði úti í sveit á milli Árósa og Randers.

„Það hafa margir Íslendingar tekið upp í þessu stúdíói. Hérna er alveg frábær vinnuaðstaða,“ segir bassaleikarinn Friðþjófur Sigurðsson. Hann segir að það hafi staðið lengi til að taka upp plötu utan Reykjavíkur og á endanum varð Danmörk fyrir valinu. „Það er ekki hægt að vinna í Reykjavík. Þetta er þannig hópur að við verðum að vera saman ef við ætlum að vinna hlutina vel. Hérna er engin búð og enginn kemst eitt eða neitt. Maður getur ekki gert annað en að vinna. Við erum líka ofboðslega ánægðir með útkomuna og þetta er framar okkar björtustu vonum,“ segir Friðþjófur.



**SNIGLABANDIÐ** Hljómsveitin er að taka upp nýja plötu í Danmörku.

Vestur verður fyrsta platan af fjórum sem Sniglabandið ætlar að semja um áttirnar fjórar og er hún væntanleg í haust. Sveitin er jafnframt að leggja lokahönd á DVD-mynddisk sem var tekinn upp á tónleikum í Borgarleikhúsinu í nóvember.

Sniglabandið verður í beinni útsendingu á Rás 2 á sunnudögum í sumar og verða þættirnir sendir út frá Thorvaldsenbar við Austurvöll. Fyrsti þátturinn var síðastliðinn sunnudag og gekk hann mjög vel að sögn Friðþjófs. „Það var mjög erfitt að vera bæði með hlustendur og áhorfendur en við vildum aðeins reyna á þanþolið.“ Verða þeir félagar rétt komnir heim í tæka tíð fyrir upptökur á næsta þætti. **- fb**

# Þriðja barn Roberts

Óskarsverðlaunaleikkonan Julia Roberts hefur eignast sitt þriðja barn með eiginmanni sínum Danny Moder. Drengurinn Henry hefur nú bæst við fjölskylduna en þau eiga fyrir tvíburana Hazel og Phinnaeus.



**JULIA ROBERTS**

Roberts hefur tekið sér frí frá leiklistinni undanfarin ár til að sinna fjölskyldunni. Síðast sást hún í Ocean´s 12 ásamt George Clooney og Brad Pitt. Síðar á þessu ári leikur hún í Charlie Wilsons´s War á móti Tom Hanks. Gerist myndin á stríðstímum í Afganistan. Roberts hefur jafnframt samþykkt að leika í nýrri mynd um bresku náttúrulífskonuna Joan Root sem var skotin til bana í Kenýa á síðasta ári.

# Stuðboltinn í allt sumar

Samkeppni um Stuðboltann verður haldin á Rás 2 á hverjum föstudegi fram að verslunarmannahelgi. Stuðboltinn þarf að koma fólki í gott stuð með söng, hljóðfæraleik, góðu gríni og skemmtilegri nærveru.

Þátttakendur geta skráð sig með því að hringja í síma 595-6655, þar sem þeir kynna sig og syngja brot úr lagi. Eftir það verður skráningin aðgengileg á heimaíðunni www.stuðboltinn.is.

Þeir sem komast áfram keppa í úrslitum skömmu fyrir verslunarmannahelgi. Í verðlaun eru tveir miðar á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og gítar að verðmæti 139.900 krónur, auk fleiri vinninga.



**VINKONUR** Þær Anna, Þóranna, Silja og Sara voru mættar til að hlýða á seiðandi tóna Air.



**ÞORLÁKUR OG UNNAR** Þorlákur Einarsson og Unnar Örn stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



**SAMAN Á AIR** Tónlistarmaðurinn Samúel Samúelsson og Kristín Bergs létu sig ekki vanta í Höllina.



**KATE HAVNEVIK** Norska tónlistarkonan Kate Havnevik sá um að hita fólk upp.



**AIR** Félagarnir Nicolas Godin og Jean-Benoit Dunckel náðu vel saman á tónleikunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Betra en á Skjá einum

**TÓNLEIKAR**

**Air**

Tónleikar í Laugardalshöll

★★★★

Tónleikar sem byrjuðu hægt en risu hratt eftir því sem á leið og enduðu í hálfgerði sprengingu.

Höllin var hæfilega full þetta ágæta þriðjudagskvöld en fyrst á svið steig norska söngkonan Kate Havnevik. Strax áttaði maður sig á því að hér var komin enn ein Björk „einhvers lands“ og hljómuðu lög Havnevik stundum eins og Júróvisjónútgáfur af gömlum Bjarkarlögum. Havnevik var ófrumleg með öllu en hafði þó sinn sjarma. Fékk nokkur prik fyrir að óska íslenskum konum til hamingju með daginn og talaði smá íslensku. Hún tileinkaði einnig eitt lagið Maríu Huld Markan úr Amiinu og minntist á Valgeir Sigurðsson, upptökustjóra úr Gróðurhúsinu.

Ekki þurfti að bíða lengi eftir Air-mönnum sem mættu með þremur aðstoðarmönnum. Tónleikarnir byrjuðu nokkuð rólega en risu hátt eftir því sem á leið. Múgurinn var með rólegasta móti en fagnaði helst þegar lög af Moon Safari tóku að hljóma. Reyndar virtust áhorfendur vart vera á lífi fyrr en í uppklappslögunum sem var miður.

Air-liðarnir Nicolas Godin og Jean-Benoît Dunckel sýndu samt af sér ótrúlegan þokka allt kvöldið. Godin var ofursvalur og lék á bæði bassa og gítar af gríðarlegri fimi á meðan Dunkel lék sér með hljóðgervla og raulaði síðan með á sinn kvenlega hátt. Inn á milli laga fékk kynþokkafulli hreimurinn nokkrum sinnum að njóta sín og í hvert skipti heyrði ég í stúlkum á næstu bekkjum andvarpa blítt. Skil þær fullkomlega. Hinir þrír í bandinu áttu líka fína spretti og var trommarinn sérstaklega kraftmikill.

Lögin sem hljómuðu spönnuðu allan feril Air en þó var furðu lítið spilað af nýjustu plötunni, hinni vanmetnu Pocket Symphony, og voru lög af Moon Safari og Talkie Walkie þeim mun meira áberandi. Ekkert svo sem út á slíkt að setja. Reyndar liðu Air svolítið fyrir þá staðreynd að Skjáreinn hefur notað mörg lög sveitarinnar í auglýsingastef sín. Sem betur fer fönguðu Air sjálfir þó athyglina betur en svo að einhver áhorfendanna hafi byrjað að hlakka til að King of Queens hæfist.

Flutningur Air-manna tók ekki langan tíma, einungis um þrjá stundarfjórðunga auk tveggja uppklappa og með tilliti til þeirra var dagskráin hæfilega löng. Lok tónleikanna mettuðu áhorfendur vel og var með því betra sem sést hefur á sviði hér á landi á árinu. Verst að allir tónleikarnir voru ekki í sama dúr.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



Útsalan er hafin

Parísartízkan er verslun fyrir konur á öllum aldri.

Gott úrval af hágæðafatnaði frá þýska vörumerkinu BASLER.

Sjón er sögu ríkari

Parísar TÍZKAN

Laugavegi 71, 2.Hæð



**MOTION BOYS** Hljómsveitin Motion Boys hitar upp fyrir The Rapture 26. júní.

# Motion Boys hita upp

Hljómsveitin Motion Boys hitar upp fyrir bandarísku sveitina The Rapture á Nasa 26. júní. Motion Boys hafa vakið töluverða athygli að undanförnu fyrir lagið Hold Me Closer to Your Heart. Hitt lagið sem sveitin hefur gefið út, Waiting to Happen, fékk einnig góðar viðtökur í vetur.

Motion Boys er samstarfsverkefni Árna Rúnarssonar og Birgis Ísleifs Gunnarssonar. Á tónleikum eru þeim til halds og trausts þeir Viddi og Gísli galdur úr Trabant, Bjössi úr Mínus og Tobbi úr Jeff Who?

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10:00-18:30 OG LAUGARDAGA FRÁ 11:00-16:00

# SUMAR TILBOÐ

## Sjóðandi heit tilboð á tölvum og tölvubúnaði




### Canon iP4300

Mest seldi prentarinn á Íslandi og hvergi á betra verði en í Tölvutek! Einstök gæði í útprentun og mjög hagkvæmur í rekstri með 5 hylkjum.

- ChromaLife100 ljósmyndatækni
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- Prentar beint á geisladiska
- Full blæðing á allt að A4 pappír
- Mjög hagkvæmur í rekstri

**9.990**




### 320GB

SPECIAL EDITION 16MB

Sarotech abigs margmiðlunarspilari með fjarstýringu, les og spilar flest alla staðla fyrir mynd og hljóð

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Glæsileg og falleg hönnun

**23.900**

14.900 án harðdisks

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám · 100% PIXLAR · Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek




### 22" WideScreen

Vandaður 22" LCD skjár frá Acer á ótrúlegu verði. Hentar jafnt í leiki, kvikmyndir sem og alla almenna vinnslu. Tryggðu þér eintak af ACER 22" LCD skjá á meðan birgðir endast.

- 22" Widescreen LCD skjár
- 700:1 skerpa tryggir myndgæðin
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA og DVI Digital tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**29.900**



### Packard Bell

FERÐATÖLVA Á KYNNINGARTILBOÐI

- Intel Core Duo T2250 1.73GHz örgörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View 16ms skjár
- 128MB GeForce Go7400 skjákort
- 2.1 hátalarakerfi, innbyggt bassabox
- BlueTooth 2.0 og 54Mbps þráðlaust net
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- Hágæða vefmyndavél innbyggð í skjá
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**

VE12 11.355 Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI



### ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**

HVER HAFIN KLUKKUSTUND



### 10 PLEOMAX 16X DVD

10stk 16X Pleomax DVD geisladiskar frá Samsung í spindli á frábæru verði

**790**




### 500GB Harðdiskur

5000GB Western Digital SATA2 7200RPM hljóðlátur harður diskur með 16MB buffer

**10.900**




### Uppfærsla 2

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- 100% GIGABYTE gæði í gegn

**19.900**

VE6 3.648 Á MÁN | VE lán í 6 mánuði

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.



**ÍBURÐARMIKIÐ** Hér er hún í fjólubláum kjól og með risastóran hatt á höfði. Hún var aldrei þekkt fyrir minimalískan stíl.



**FJAÐRIR** Hér sést hún með fjaðrahatt eftir Philip Treacy en myndin er tekin af hinum fræga Steven Meisel.



**SORGARDAGUR** Jarðarförin fór fram 15. maí og á kistunni var gínuhaus með fallegan hatt eftir Treacy.

# Áhrifamikil hattakona látin

**Tískuheimurinn syrgir nú stílistann og tískuíkonið Isabellu Blow sem lést í maí síðastliðnum. Hún var fædd Isabella Delves Broughton árið 1958 í London og varð seinna meir afar áhrifamikil í tískuheiminum.**

Ferill hennar sem slíkur hófst þegar hún flutti til Texas og vann fyrir franska tískuhönnuðinn Guy Laroche. Alvaran byrjaði hins vegar ekki fyrr en hún var kynnt fyrir Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue sem réði Isabellu sem aðstoðarmann sinn.

Hún er þekkt fyrir samstarf sitt við hönnuðinn Philip Treacy en þau kynntust er hún giftist seinni eiginmanni sínum, Detmar Blow, og hannaði Treacy þá hattinn sem hún klæddist í brúðkaupinu. Treacy hefur síðan hannað óteljandi hatta og höfuðföt fyrir Blow sem er í dag þekktust fyrir þessa frábæru hattaáráttu og sérstakan stíl.

Hún sagði oft að hennar uppáhalds æskuminning væri þegar hún mátaði bleikan hatt í eigu móður sinnar og taldi það eiga þátt í að leiða hana að áðurgreindri áráttu. Í seinni tíð aðspurð hvers vegna hún gengi alltaf með hatt sagði hún: „Til þess að halda fólki frá mér. Þegar fólk vill kyssa mig segi ég nei takk. Þess vegna er ég með hattana. Ég vil ekki vera kysst af neinum nema því fólki sem ég elska.“

Isabella ritstýrði breskum tískutímaritum eins og Tatler og Sunday Times Style Magazine en þrátt fyrir það fann hún sér aldrei stað í tískuheiminum fyrir alvöru. Hún uppgötvaði Alexander McQueen og keypti alla útskriftarlínu hans en var svo miður sín þegar hann tók hana ekki með sér er hann seldi merki sitt til Gucci. Auk þess voru erfiðleikar í hjónabandinu og henni tókst aldrei að eignast barn með eiginmanni sínum. Þegar hún greindist svo með krabbamein í eggjastokkum var hún búin að fá nóg.

Á árunum 2005-2006 reyndi tískugyðjan tvívegis að fremja sjálfsmorð og endaði það þannig í seinna skiptið að hún brotnaði á báðum fótum þegar hún stökk niður af brú. Þann 6. maí á þessu ári var hún viðstödd veislu þar sem Treacy og maki hans voru meðal gesta. Isabella sagðist ætla að kíkja í búðir en fannst seinna í slæmu ástandi og hafði drukkið illgresiseitrið Paraquat. Hún dó tveimur dögum síðar á spítalanum í Glaucestershire. Jarðarförin fór fram þann 15. maí og á kistunni sat einn fallegasti hatturinn sem Treacy hannaði fyrir hana. -bg



**Á LISTASÝNINGU** Hún sást aldrei án þess að bera sterkan varalit og sagðist ekki geta talað við konur sem væru varalitslausar. Hérna bætir hún kóngabláum augnskugga við.




ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38159 06.2007



**ROCKSTAR: SUPERNOVA** Mötley Crue er ósátt við þátttöku Tommy Lee í þættinum Rockstar: Supernova.

# Mötley höfðar mál

Bandaríska rokksveitin Mötley Crue hefur höfðað mál gegn Carl Stubner, einum af umboðsmönnum sínum, fyrir að fá trommarann Tommy Lee til að taka þátt í tveimur „misheppnuðum“ raunveruleikaþáttum. Fyrir vikið þurfti hljómsveitin að fresta fjörutíu tónleikum og varð þannig af miklum peningum. Krefst hljómsveitin um 1,8 milljarða króna í skaðabætur.

Sjónvarpsþættirnir sem um ræðir eru Rockstar: Supernova, sem Magni Ásgeirsson tók þátt í á eftirminnilegan hátt, og Tommy Lee Goes to College. Stubner er einn af þremur umboðsmönnum Mötley Crue auk þess sem hann starfar sem umboðsmaður Lee. Samkvæmt málshöfðuninni voru hinir „misheppnuðu“ sjónvarpsþættir hluti af leynimakki um að kynna verk Lee á kostnað hljómsveitarinnar. Stubner hafi fengið hærri umboðslaun fyrir sólóferil Lee og því lagði hann áherslu á hann í stað hljómsveitarinnar.

# Metallica á Live Earth



**METALLICA** Rokkararnir í Metallica spila á Live Earth.

Hljómsveitirnar Metallica, Kasabian og Pussycat Dolls hafa bæst í hóp þeirra sem koma fram á Live Earth-tónleikum í London í sumar. Á meðal fleiri þekktra nafna sem troða upp má nefna Madonnu, Beastie Boys, Damien Rice, Foo Fighters og Red Hot Chili Peppers.

„Ég elska syni mína og ég vil að þeir erfi jörðina án nokkurra vandkvæða,“ sagði Lars Ulrich, trommari Metallica. „Ég vil að breytingar verði gerðar svo heimurinn verði öruggur fyrir syni mína.“

Alls verða Live Earth-tónleikar haldnir í níu borgum hinn 7. júlí til að vekja athygli á umhverfismálum.












ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L | OCEAN´S 13 VIP | kl. 3 - 5:30 | |
| SHREK 3 VIP | kl. 8 - 10:10 | | PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L | ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| OCEAN´S 13 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 3 - 8:15 - 10:20 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 4:15 - 6:15 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5 | 10 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 - 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHREK THE THIRD | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| FANTASTIC FOUR | kl. 6 | L |
| CODE NAME... | kl. 8 | L |
| OCEAN'S 13 | kl. 10 | 12 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 6 og 8 | L |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 18 |

www.laugarasbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 / REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHREK THE THIRD (ENSKT TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11 | | FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| SHREK THE THIRD LÚXUS | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11 | | THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11 | | 28 WEEKS LATER | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | | FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10.10 | 18 | THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 | |
| LAST MIMZY | kl. 3 | | | | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 / BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | | FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 | HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10* | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 - 10.30 | 16 | | | |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 | * síðustu sýningar | | |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 | | | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS


# Bloggarar flykkjast til Eyjunnar

Össur Skarphéðinsson, Björn Ingi Hrafnsson, Arna Schram og Andrés Magnússon eru í hópi þeirra sem munu blogga á væntanlegum fréttavef, Eyjunni, sem runninn er undan rifjum fjölmiðlamannanna Péturs Gunnarssonar og Andrésar Jónssonar. Stefnt er á að vefurinn fari í loftið á morgun og að sögn þess síðarnefnda er óðum að komast mynd á vefinn.

„Þetta er allt unnið á síðustu stundu eins og venjan er og vefurinn mun vera að mótast næstu vikurnar. Við erum ekki að fara að gleypa allan heiminn í einu lagi og munum því fara sparlega með yfirlýsingarnar," segir Andrés. „Við erum að fá til okkar bloggara sem okkur þykir gaman að lesa, skrifa um fréttir og þjóðmál og hefur skírskotun til margra," útskýrir Andrés jafnframt, en um verður að ræða nokkuð fjölbreyttan og „öðruvísi" fréttavef eftir því sem ritstjórinn heldur fram. Þess ber þó að geta að fréttum og skoðunum einstaklinga verður haldið aðskildum.

„Við reynum að vera með annars konar fréttir og reynum að vitna í það sem er að gerast á netinu. Svo náum við vonandi að skúbba við og við," segir Andrés og glottir.

Tekjur Eyjunnar munu koma frá auglýsingasölu en ekki verður stuðst við eiginlegt bloggkerfi, líkt og hjá Mbl.is og Vísi.is. En þótt Eyjan sé nú þegar búin að hirða til sín nokkra af vinsælustu bloggurum Mbl.is og Vísis vill Andrés meina að Eyjan sé ekki samkeppni við þá miðla. „Við erum ekki í aðstöðu til að keppa við slíka risa. Þetta verður vonandi bara góð viðbót við þá flóru sem fyrir er."

- vig



**ANDRÉS JÓNSSON** Andrés er einn af forsvarsmönnum Eyjunnar ásamt Pétri Gunnarssyni.

# David og Victoria hreiðra um sig í LA

**Beckham-hjónin hafa fjárfest í nýrri höll í Los Angeles. Höllin er stutt frá heimili Tom Cruise og Katie Holmes.**







**ÍTALSKUR STÍLL** Hús Beckham-fjölskyldunnar í LA er í ítölskum stíl og er vægast sagt glæsilegt í alla staði.



Eftir að hafa skoðað yfir 30 einbýlishús í Los Angeles ákváðu David og Victoria Beckham að borga einn og hálfan milljarð fyrir tæplega 5.000 fermetra hús nánast við hliðina á húsi sinna nýjustu og bestu vina, leikarahjónanna Tom Cruise og Katie Holmes. Myndir af húsinu hafa nú lekið á netið og sýna þau svo ekki verður um villst að það er engin tilviljun að Victoria hafi kallað það „draumahúsið" sitt. Húsið er byggt í ítölskum stíl, er með níu baðherbergi og sex arinstæði.

„Ég er mjög spennt fyrir því að flytja inn. David og strákarnir geta heldur ekki beðið," sagði Victoria í síðustu viku en fjölskyldan mun flytja frá Madrid til LA í næsta mánuði.

Sem kunnugt er mun verða sýndur þáttur um vistaskipti Beckham-hjónanna á sjónvarpsstöðinni NBC. Þau eiga þrjá syni, hinn átta ára gamla Brooklyn, fjögurra ára gamla Romeo og Cruz, tveggja ára. Ef eitthvað er að marka myndirnar sem fylgja fréttinni mun ekki væsa um fjölskylduna í sólinni í LA.




# Katie ólétt í annað sinn?

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum halda því nú fram að leikarahjónin Katie Holmes og Tom Cruise eigi von á sínu öðru barni en fyrir eiga þau eins árs gamla dóttur, Suri.

Haft er eftir vinum hjónanna að þau hafi sagt sínum nánustu tíðindin og þau séu himinlifandi yfir að eiga von á öðru barni. „Hún glóir af hamingju,“ er haft eftir vinkonu Katie í The Sun.

Talsmaður Cruise neitaði reyndar fullyrðingunum í gær og sagði að þau hjón ættu ekki von á öðru barni. Hins vegar eiga fjölmiðlar bágt með að trúa þeim staðhæfingum og benda máli sínu til stuðnings á nýlegar myndir af Katie.

Katie og Tom voru í Madrid um helgina þar sem þau voru viðstödd þegar vinur þeirra David Beckham varð spænskur meistari í fótbolta. Eftir leikinn sóttu bandarísku leikarahjónin gleðskap sem félag Beckham, Real Madrid, stóð fyrir og stóð fögnuðurinn fram til klukkan sjö á mánudagsmorgun.

Að sögn viðstaddra skemmtu Katie og Tom sér konunglega en haft var á orði að Katie hefði ekki bragðað áfenga drykki. Myndir af Katie frá hátíðahöldunum þykja einnig renna stoðum undir orðróminn en svo virðist sem lítil kúla sé farin að myndast á maganum.



**KÚLA AÐ MYNDAST** Þessi mynd sem tekin var í gleðskap hjá Real Madrid fótboltaliðinu um síðustu helgi þykir sýna að eitthvað er að vaxa undir blússu Katie.

# Miðar í forsölu ruku út

„Við fundum fyrir áhuga en ég átti nú ekki von á þessu,“ segir Ísleifur Þórhallsson hjá Concert, en 1.500 miðar á tónleika Chris Cornell seldust upp á 20 mínútum í Mastercard-forsölu í gærmorgun. Er þessi sala ein sú allra mesta sem átt hefur sér stað hér á landi, en hún toppar þó ekki miðasöluna á nýlega tónleika Josh Groban þar sem rúmlega 2.000 miðar voru seldir á tæplega fimm mínútum.

Cornell, sem er fyrrum söngvari rokksveita á borð við Audioslave, Soundgarden og Temple of the dog, heldur tónleika í Laugardalshöll 8. september og mun almenn miðasala hefjast á morgun á vefsíðunni midi.is og í verslunum Skífunnar og BT.

Að gefnu tilefni bætti Ísleifur því við að það yrðu aðeins þessir einu tónleikar með Cornell. „Það er ekki fræðilegur möguleiki á að öðrum tónleikum verði bætt við,“ segir Ísleifur.



**CHRIS CORNELL** Einn vinsælasti rokkari heims í dag.



**GEORGE CLOONEY** Leikarinn George Clooney átti í ástarsambandi við einstæða móður.

# Bæði indæll og prúður

Bresk einhleyp móðir hefur leyst frá skjóðunni um fjögurra mánaða ástarsamband sitt með hjartaknúsaranum George Clooney. Konan, sem nefnist Sarah, hitti Clooney í Las Vegas þar sem hún starfaði sem erótískur dansari.

„Hann var indæll og prúður. Hann var ánægður með að ég væri bresk og við töluðum mikið um heimaland mitt. Við töluðum líka um hús hans í Lake Como á Ítalíu og hann bauð mér og vinum mínum þangað að sumri til. Hann bar mikla virðingu fyrir mér og bað mig meira segja ekki um einkadans,“ sagði Sarah. Bætti hún því við að Clooney hefði verið hugulsamur og kærleiksríkur elskhugi.



**FANTASTIC FOUR** Ofurhetjumyndin fór beint í efsta sætið í Norður-Ameríku yfir aðsóknarmestu myndirnar.

# Ofurhetjur á toppnum

Framhaldsmyndin Fantastic Four - Rise of the Silver Surfer fór beint á topp aðsóknarlistans í Norður-Ameríku um síðustu helgi. Náði hún örlítið betri árangri en forveri sinn sem var sýndur 2005.

Ocean´s 13, sem var í efsta sæti í síðustu viku, féll niður í annað sætið. Í næsta sæti á eftir var gamanmyndin Knocked Up, sem er leikstýrt af Judd Apatow sem áður sendi frá sér hina vinsælu 40 Year Old Virgin. Í fimmta sæti var síðan Pirates of the Caribbean: At World´s End sem skartar Johnny Depp í aðalhlutverki.



**> Við furðum okkur á ...**

þeirri ákvörðun KSÍ að hafa landsleik Íslands og Serbíu klukkan 21.15 í kvöld. Þessi tímasetning er ekki til þess fallin að auka veg kvennaknattspyrnunnar. Í fyrsta lagi gerir tímasetningin fjölskyldufólki erfitt að fara á völlinn og svo gerir hún fjölmiðlum erfitt fyrir í umfjöllun sinni. Fréttablaðið mun ekki geta fjallað um leikinn þar sem blaðið verður farið í prentun löngu áður en leik lýkur. Morgunblaðið mun þurfa að bretta upp ermar til að ná leiknum inn hjá sér og þarf eflaust að takmarka umfjöllunina sökum tímaskorts. Það hefði verið nær að færa leikinn á annan völl svo hægt væri að spila á kristilegum tíma og leikurinn hefði þá fengið þá aðsókn og umfjöllun sem hann á skilið.



**sport**
sport@frettabladid.is

**GARÐAR BENEDIKT SIGURJÓNSSON:** FÉKK ANNAN SKÓINN HANS LOGA GEIRSSONAR EFTIR SERBALEIKINN

# *Engin táfýla af skónum, bara sigurlykt*

Hinn magnaði handboltamaður Logi Geirsson fór venju samkvæmt á kostum í fagnaðarlátunum eftir sigurinn á Serbum í Laugardalshöll á sunnudag. Snemma í fagnaðarlátunum reif hann sig óvænt úr skónum og grýtti þeim lengst upp í stúku.

Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, greip annan skóinn með miklum tilþrifum. Hann gaf 14 ára fóstursyni sínum skóinn en sá heitir Garðar Benedikt Sigurjónsson. Strákurinn er himinlifandi með skóinn en hann fór niður á gólf og fékk áritun frá Loga á skóinn.

„Ég er mikill aðdáandi Loga. Hann er minn uppáhaldsleikmaður sem og Alexander,“ sagði Garðar Benedikt við Fréttablaðið í gær en hann geymir skóinn upp á hillu í herberginu sínu. Ætli það sé engin táfýla af skónum?

„Nei, það er bara sigurlykt.“

Logi segir að hugmyndin að skókastinu hafi fæðst í síðari hálfleik. „Þetta var annars ekkert fyrirfram ákveðið. Þegar ég fann að við vorum að taka þetta í síðari hálfleik þá fór ég að spá í hvað ég gæti gert til þess að leyfa áhorfendum að hirða eitthvað af manni. Ég mátti ekki henda treyjunni því þá hefði Inga nuddari orðið brjáluð en hún var búinn að ræða við mig fyrir leikinn því hana grunaði að ég myndi gera eitthvað brjálað í leikslok,“ sagði Logi léttur en skórnir eru af Adidas-gerð og Logi fékk þá tveim dögum fyrir leikinn.



„Ég veit ekki hvort ég sé sá eini sem fær svona hugmyndir í miðjum leik. Gaman að heyra að strákurinn hafi verið hamingjumsamur með skóinn. Það er alltaf gaman að geta glatt aðra og sérstaklega krakkana sem líta upp til okkar og vilja fá eiginhandaráritun og annað eftir leiki. Það var gaman að geta bryddað upp á einhverju nýju. Hver veit hvað ég geri næst,“ sagði hinn einstaki Logi Geirsson.

## Kvennalandsliðið mætir Serbum í kvöld:
# Jónsmessuleikur í Laugardal

**FÓTBOLTI** Leikur Íslands og Serbíu fer fram klukkan 21.15 í kvöld sem er frekar óhefðbundinn tími. Það má rekja til þess að setning alþjóðaleika ungmenna verður á Laugardalsvelli fyrr um daginn.

Í dag eru sumarsólstöður, lengsti dagur ársins og því má búast við góðu sumarkvöldi á vellinum í kvöld en aðeins kostar 1.000 krónur á leikinn. „Það er tilhlökkun í mér fyrir leikinn og vonandi fjölmennir fólk á þennan Jónsmessuleik,“ sagði Ásthildur Helgadóttir við Fréttablaðið í gær og hvatti fólk til að fjölmenna í kvöld.

„Það er ekki spurning að áhorfendur geta skipt sköpum fyrir okkur. Vonandi fjölmennir fólk í kvöld og styður við bakið á okkur,“ sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson. **- hþh**



**LEIKIÐ Í KVÖLD** Kvennalandsliðið mætir Serbum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Settum tónlistina í botn og dönsuðum inn í klefa

**Ísland mætir Serbíu á Laugardalsvelli í kvöld en leikurinn er liður í undankeppni EM sem fram fer í Finnlandi 2009. Eftir frábæran sigur á Frökkum hafa stelpurnar undirbúið sig vel og stemningin í hópnum er einkar góð.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir Serbum í kvöld í þriðja leik sínum í undankeppni EM í Finnlandi 2009. Ísland hefur unnið tvo fyrstu leiki sína, gegn Grikkjum og Frökkum. Serbar eru með sterkt lið en möguleikarnir á að komast í lokakeppnina virðast mjög raunhæft markmið.

„Við höfum nokkrum sinnum verið á mörkunum að komast í lokakeppni en herslumuninn hefur vantað. Nú erum við kannski með aðeins sterkari hóp og það er búið að fjölga í tólf þjóðir í úrslitakeppninni. Þetta lítur því vel út en það er mikil vinna eftir,“ sagði fyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir í gær.

Serbar unnu Slóveníu 5-0 í eina leiknum sínum til þessa í riðlinum en með þeim leika fjórar stúlkur sem spila á Íslandi.

„Serbar eru einum styrkleikaflokki fyrir neðan okkur en við vanmetum þær alls ekki. Þær verða að keppa við okkur og Frakka um að komast áfram,“ sagði Ásthildur. Serbía er í sæti númer 31 á styrkleikalista FIFA en Ísland númer 21.

„Við verðum að vera áfram grimmar í návígi og sýna sömu baráttu og gegn Frökkum. Ég vona að við verðum aðeins meira með boltann og getum spilað meira saman. Við þurfum núna að taka það skref og sýna stöðugleika sem hefur verið skortur á hjá okkur,“ sagði fyrirliðinn.

Stemningin í kringum landsliðið er með besta móti en stelpurnar eru einbeittar í verkefninu. Þóra B. Helgadóttir, systir Ásthildar, segir stelpurnar í landsliðinu einkar samheldnar. „Við töluðum um það eftir Frakkaleikinn að það var áþreifanleg stemningin og liðsheildin í hópnum, hjá öllum átján. Þær sem voru á bekknum komu virkilega vel inn og liðsheildin er mjög sterk. Það skiptir öllu máli í þessu, þetta er hópíþrótt en ekki einstaklingsíþrótt,“ sagði Þóra.

Til marks um stemninguna í hópnum þá beittu stelpurnar skemmtilegri aðferð til að ná sér niður fyrir Frakkaleikinn. „Það var mjög góð stemning inni í klefa fyrir leikinn þar sem Katrín var jú aftur fremst í flokki. Við settum tónlistina í botn og dansinn dunaði. Við gerðum þetta til að ná spennustiginu niður. Það hefur plagað okkur að vera með of hátt eða of lágt spennustig og í leik eins og þessum á móti Frökkum þurftum við að ná þessu niður,“ sagði markmaðurinn knái.

**hjalti@frettabladid.is**



**SAMRÝNDAR** Systurnar Ásthildur og Þóra eru hér saman á landsliðsæfingu þar sem hefur verið líf og fjör hjá stelpunum. „Við erum ekki í þessu bara til að vera með en spennustigið verður að vera rétt,“ segir Þóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari er hvergi banginn fyrir Serbaleikinn:
# Við erum með sjálfstraustið í lagi

**FÓTBOLTI** Kvennalandsliðið gisti á flughótelinu í Keflavík í nótt og fer í göngutúr og á fund í dag fyrir leikinn í kvöld. Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson vann svo sannarlega heimavinnuna fyrir sigurleikinn gegn Frökkum. Undirbúningur hans fyrir þennan leik hefur verið mikill.

„Ég er búinn að skoða þær vel. Þær gerðu fjórar breytingar á hópnum frá 5-0 sigurleiknum gegn Slóveníu. Við einbeitum okkur samt sem áður fyrst og fremst að okkar leik. Við vitum hvað við þurfum að gera. Þetta er erfiður andstæðingur en ég hef fulla trú á liðinu. Við erum með sjálfstraustið í botni og við höfum þegar sýnt hvað við getum. Ég hef trú á því að við sönnum það enn frekar,“ sagði Sigurður.



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Býst við erfiðum leik gegn sterku liði Serba í á Laugardalsvelli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Gegn Frökkum lá liðið mikið til baka og treysti á skyndisóknir en taflið snýst líklega við í kvöld. Ísland er fyrirfram talið sigurstranglegri aðilinn í leiknum. „Við þurfum að halda boltanum betur innan liðsins og finna framherjana okkar. Við stefnum á sigur og því ætlum við að sækja en halda jafnframt áfram þeim sterka varnarleik sem við höfum sýnt,“ sagði Sigurður en Ísland hefur enn ekki fengið á sig mark í undankeppninni.

Landsliðsþjálfarinn segist ekki finna fyrir pressu eftir sigurinn frækna gegn Frökkum, einu besta liði heims. „Nei, en það er gaman að þessum meðbyr. Við erum ánægð með árangurinn,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari. **- hþh**










**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - SERBÍA

Ísland og Serbía mætast í hörkuleik í undankeppni EM 2009 á Laugardalsvelli kl. 21:15 í kvöld. Forsala aðgöngumiða er í gegnum miðasölukerfi á ksi.is og midi.is. Frjálst sætaval! Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á stelpunum. ÁFRAM ÍSLAND!

KSÍ 1947 60 2007

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · vodafone · VÍS · www.getraunir.is · ICELANDAIR

MIÐAVERÐ:
17 ára og eldri 1.000 kr.
16 ára og yngri frítt

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið. Áhorfendur ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku.

## Víkingur 1-2 Keflavík

Víkingsvöllur, áhorf.: ? Jóhannes Valgeirsson (7)

*0-1 Þórarinn Kristjánsson (46.)*
*1-1 Sinisa Valdimar Kekic (75.)*
*1-2 Guðmundur Steinars, víti (90+3.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–16 (4–8) |
| Varin skot | Bjarni 6 – Ómar 3 |
| Horn | 3–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–17 |
| Rangstöður | 3–1 |

| **VÍKING.** 4–5–1 | | **KEFLAV.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þórður | 5 | Ómar Jóhannsson | 6 |
| Þorvaldur Sveinsson | 4 | Guðjón Antoníusson | 7 |
| Grétar Sigurðarson | 6 | Kenneth Gustavsson | 6 |
| Valur Úlfarsson | 5 | Guðmundur Mete | 6 |
| Hörður Bjarnason | 6 | Branislav Milicevic | 6 |
| Jón B. Hermanns. | 4 | Simun Samuelsen | 7 |
| Jökull Elísabetarson | 3 | Baldur Sigurðsson | 5 |
| Arnar Jón Sigurgeirs. | 5 | Jónas G. Sævarsson | 5 |
| (81., Stefán Kári | -) | ***Marco Kotilainen** | **7** |
| Sinisa Kekic | 6 | Guðm. Steinarsson | 6 |
| Gunnar Kristjánsson | 4 | Þórarinn Kristjáns. | 6 |
| Egill Atlason | 3 | (68., Hallgrímur Jóh. | 5) |
| (57., Björn Viðar | 4) | | |

**Maður leiksins*

Guðmundur Steinarsson tryggði Keflvíkingum öll stigin í Víkinni í gær með marki í uppbótartíma:

# Réttlætinu fullnægt er Guðmundur skoraði

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar stálu stigunum þremur gegn Víkingum í uppbótartíma í fjörugum leik í Víkinni í gær. Sóknarlotur liðanna voru ekki upp á marga fiska á upphafsmínútunum. Keflvíkingar sóttu ívið meira, með Marco Kotilainen sem sinn besta mann, en besta færið féll í skaut Þórarins Brynjars sem skaut yfir einn gegn Bjarna markmanni eftir fáránlega sendingu Kekic til baka.

Keflvíkingar komust yfir með marki frá Þórarni á upphafsmínútu síðari hálfleiks eftir laglega sókn. Gestirnir voru mun grimmari og líklegri til afreka áður en upp úr sauð í Fossvoginum. Guðjón Árni braut á Kekic sem kominn var einn í gegn en áður hafði rangstaða verið flögguð. Jóhannes dómari dæmdi aftur á móti víti eftir fund með línuverði sínum við litla kátínu Keflvíkinga. Kekic skoraði úr vítinu og sló svo til Guðjóns þegar hann ætlaði að taka boltann úr netinu og uppskar beint rautt spjald.

Leikurinn var að fjara út þegar Jóhannes dæmdi aðra vítaspyrnu, nú á Víkinga eftir að einn Keflvíkingurinn var tognaður niður. Guðmundur Steinarsson tryggði Keflvíkingum þrjú stig úr vítinu sem verða að teljast sanngjörn. Hörður Bjarnason fékk sitt annað gula spjald í uppbótartíma.

„Ég braut á honum, fyrir utan teig, bara til að láta hann ekki skora af því það var búið að flagga. Þetta var lítið brot en svona er þetta. Svo kemur vítið og hann slær mig í hálsinn. Réttlætinu var svo bara fullnægt með vítinu í lokin. Við vorum betri allan leikinn og áttum sigurinn skilinn,“ sagði Guðjón Árni í leikslok.

Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga, var að vonum svekktur.

„Það er skelfilegt að tapa á síðustu mínútunni en ég sá ekki hvort um víti væri að ræða. Ég var 60



**OPNA AUGUN STRÁKAR** Keflvíkingurinn Baldur Sigurðsson og Víkingurinn Grétar Sigurðarson berjast hér um boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

metra frá en dómaratríóið rak svo mann útaf vegna þess sem línuvörðurinn sá af 70 metra færi. Ég vildi líka sjá rautt spjald á manninn sem braut á Kekic, ég skil ekki þessa línu. En þegar allt kom til alls skildi það á milli að við vorum ekki að spila nógu vel og vafaatriðin duttu þeirra megin,“ sagði Magnús. **- hþh**

## HK 2-0 KR

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.241 Ólafur Ragnarsson (8)

*1-0 Jón Þorgrímur Stefánsson (34.)*
*2-0 Oliver Jaeger (69.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–10 (4–6) |
| Varin skot | Gunnleifur 6 – Kristján 2 |
| Horn | 1–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–12 |
| Rangstöður | 1–4 |

| **HK** 4–5–1 | | **KR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| ***Gunnleifur Gun.** | **8** | Kristján Finnbogason | 4 |
| Stefán Eggertsson | 7 | Eggert Rafn Einars. | 4 |
| Finnbogi Llorens | 7 | Gunnlaugur Jóns. | 5 |
| Ásgrímur Alberts. | 7 | Pétur Marteinsson | 4 |
| Davíð Magnússon | 7 | Guðm. Gunnarsson | 5 |
| Aaron Palomares | 4 | Skúli Jón Friðgeirs. | 4 |
| Rúnar Sigmundsson | 5 | Kristinn Magnússon | 4 |
| (71., Calum Bett | -) | Sigmundur Kristjáns. | 5 |
| Hólmar Eyjólfsson | 5 | Atli Jóhannsson | 5 |
| Finnur Ólafsson | 7 | (46., Óskar Hauks. | 4) |
| Jón Þ. Stefánsson | 6 | Grétar Hjartarson | 5 |
| (71., Þórður Birgis. | -) | (64., Henning Jónas. | 4) |
| Eyþór Guðnason | 3 | Björgólfur Takefusa | 4 |
| (64., Oliver Jaeger | 7) | (46., Jóhann Þórh. | 4) |

**Maður leiksins*

# Sama gamla sagan hjá KR-ingum

**Nýliðar HK unnu frækinn sigur, 2-0, á botnliði KR í Kópavogi í gær. Þrátt fyrir mótlætið þá er engan bilbug að finna á þjálfara KR, Teiti Þórðarsyni, sem ætlar ekki að segja af sér. Hann segir ástandið vera ömurlegt.**

**FÓTBOLTI** „Við getum ekki endalaust talað um óheppni. Þetta er líka spurning um getu og þetta tvennt fer oft saman. Við erum að spila vel og skapa færi en geta okkar fyrir framan markið er ömurleg. Ástandið er gjörsamlega ömurlegt, ég segi það hreint út,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, ómyrkur í máli eftir tapið í Kópavoginum í gær. Lokatölur urðu 2-0, heimamönnum í vil, þar sem góður varnarleikur og einstaklega góð sóknarnýting lagði grunninn að sigrinum.

Ófarir KR-ingar virðast engan enda ætla að taka og situr liðið enn á botni deildarinnar, með aðeins eitt stig eftir sjö leiki. Aðspurður segist Teitur ennþá sannfærður um að hann geti rifið upp úr þeim djúpa öldudal sem liðið er í. „Það kemur ekki til greina að segja upp,“ sagði hann.

Lærisveinar Teits voru reyndar að spila hreint ágætlega framan af leik í gær, leikmenn liðsins reyndu eftir fremstu getu að halda boltanum á jörðinni og minna var um langar kýlingar en áður. En þegar á síðasta þriðjung vallarins var komið gerðist lítið og það sem rataði á markið hafði Gunnleifur Gunnleifsson hendur á. Gegn gangi leiksins skoraði Jón Þorgrímur Stefánsson með skalla á 34. mínútu, úr fyrsta markskoti HK í leiknum, og þrátt fyrir nokkra yfirburði KR-inga framan af síðari hálfleik var það Oliver Jaeger sem skoraði annað mark leiksins, úr öðru markskoti HK í leiknum. Eftir síðara markið misstu leikmenn KR algjörlega móðinn og svo virðist sem að leikmenn liðsins missi trúna á verkefninu um leið og mótlætið gerir vart við sig.



**HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ GERA?** Teitur Þórðarson, þjálfari KR, og Sigursteinn Gíslason aðstoðarþjálfari voru ráðalausir sem fyrr í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Svona er fótboltinn oft. Við nýttum færin en ekki þeir og mér fannst þetta verðskuldað,“ sagði fyrirliðinn Gunnleifur Gunnleifsson hjá HK eftir leikinn. „Við erum með 10 stig eftir sjö leiki. Fyrir mótið hefði ég líklega þegið það,“ segir Gunnleifur.

Ekki er hægt að segja annað en að Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, nái að spila vel úr þeim mannskap sem hann hefur. Liðið spilar þéttan og einstaklega vel skipulagðan varnarleik og fyrir aftan er Gunnleifur í feiknaformi. Liðið hefur fundið sinn stíl og á meðan mörkin eru að „detta“ eins og í gær er liðið alltaf líklegt til að stríða andstæðingunum.

Á sama tíma leynir örvæntingin sér ekki í herbúðum KR, hvort sem horft er í andlit leikmanna liðsins eða til ákvarðana Teits þjálfara. Enn einu sinni gerði hann töluverðar breytingar á liði sínu í hálfleik, jafnvel þó að nokkur batamerki hefðu verið í leik liðsins í fyrri hálfleik. Sagan er sú sama, leik eftir leik – leikmennirnir nýta ekki færin og varnarleikur liðsins er í molum.

**vignir@frettabladid.is**

## FH 2-1 Breiðablik

Kaplakriki, áhorf.: 2.052 Einar Örn Danielsson (7)

*0-1 Nenad Petrovic (51.)*
*1-1 Tryggvi Guðmundsson (55.)*
*2-1 Arnar Gunnlaugsson (70.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–13 (6–4) |
| Varin skot | Daði 3 – Casper 4 |
| Horn | 6–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–16 |
| Rangstöður | 0–0 |

| **FH** 4–3–3 | | **BREIÐAB.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 7 | Casper Jacobsen | 6 |
| Guðm. Sævarsson | 7 | Árni K. Gunnarsson | 7 |
| Tommy Nielsen | 6 | Guðmann Þórisson | 8 |
| Sverrir Garðarsson | 7 | Srdjan Gasic | 7 |
| Hjörtur L. Valgarðs. | 8 | Arnór Aðalsteinsson | 7 |
| Dennis Siim | 7 | Olgeir Sigurgeirs. | 6 |
| Davíð Þór Viðarsson | 7 | (73., Steinþór Þorste. | -) |
| Ásgeir G. Ásgeirsson | 7 | Nenad Petrovic | 7 |
| (87., Matthías Vil. | -) | Arnar Grétarsson | 7 |
| Matthías Guðmunds. | 5 | Kristján Óli Sigurðs. | 7 |
| ***Tryggvi Guðmu.** | **8** | (73., Zivanovic | -) |
| Arnar Gunnlaugs. | 8 | Magnús Páll Gunnars. | 6 |
| (83., Atli Guðnason | -) | (85., Kristinn Steind. | -) |
| | | Prince Rajcomar | 7 |

**Maður leiksins*

## LANDSBANKADEILDIN

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 7 | 6 | 1 | 0 | 15:4 | 19 |
| 2. KEFLAVÍK | 7 | 4 | 2 | 1 | 14:9 | 14 |
| **3. VALUR** | **7** | **3** | **3** | **1** | **11:8** | **12** |
| **4. FYLKIR** | **7** | **3** | **2** | **2** | **7:7** | **11** |
| **5. HK** | **7** | **3** | **1** | **3** | **5:9** | **10** |
| 6. VÍKINGUR | 7 | 2 | 2 | 3 | 7:8 | 8 |
| **7. ÍA** | **7** | **2** | **2** | **3** | **11:13** | **8** |
| 8. BREIÐABLIK | 7 | 1 | 4 | 2 | 8:7 | 7 |
| 9. FRAM | 7 | 1 | 2 | 4 | 8:12 | 5 |
| **10. KR** | **7** | **0** | **1** | **6** | **5:14** | **1** |

FH-ingar eru komnir með fimm stiga forskot á toppi Landsbankadeildar karla:

# Seiglan færði FH þrjú stig gegn Blikum

**FÓTBOLTI** FH styrkti í gær stöðu sína á toppi Landsbankadeildar karla með 2-1 sigri á Blikum eftir að hafa lent marki undir snemma í síðari hálfleik. FH-ingar létu ekki slá sig af laginu og skoruðu tvívegis af mikilli vinnuhörku og seiglu.

Fyrri hálfleikur var hin ágætasta skemmtun, sérstaklega framan af, en jafnræði var með liðunum. FH-ingar fengu hættuleg færi í upphafi og Blikar undir lok hálfleiksins.

Bæði lið spiluðu boltanum afar vel á milli sín og margir leikmenn sýndu lipra takta. Besta færi FH fékk Ásgeir Gunnar Ásgeirsson á 15. mínútu er Tryggvi galopnaði vörnina fyrir hann en Ásgeir lét Casper Jacobsen verja frá sér, einn og óvaldaður af stuttu færi.

Blikum gekk vel að byggja upp ágætar sóknir en voru oft lengi að losa boltann á samherja í betri stöðu. Prince Rajkomar nýtti þó mistök Tommy Nielsen og brunaði upp að marki heimamanna á 43. mínútu og renndi boltanum á Magnús Pál sem skaut hátt yfir markið. Nenad Petrovic gerði slíkt hið sama skömmu síðar úr ágætu færi.

Síðari hálfleikur byrjaði með látum en eftir aðeins sex mínútna leik komust Blikar yfir. FH-ingar voru í sókn þegar boltinn barst á Magnús Pál, hann lagði boltann á Nenad Zivanovic og brunaði í átt að marki FH-inga. Rétt fyrir utan vítateiginn lét hann svo ríða af skotinu og söng boltinn í netinu.

Daði Lárusson var þá búinn að halda marki FH-hreinu í um það bil 430 mínútur og tókst þar með að bæta sitt persónulega met frá árinu 2005.

En Blikar voru ekki lengi í paradís því aðeins fjórum mínútum eftir markið jafnaði Tryggvi Guðmundsson metin. Hann fékk boltann í teignum og skoraði með föstu skoti sem Jacobsen átti ekki möguleika á að verja.



**FRÁBÆR ÁRANGUR** Daði Lárusson setti persónulegt met í gær þegar hann hélt hreinu í 437 mínútur þar til Petrovic skoraði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FH-ingar komust svo yfir á 70. mínútu er Arnar Gunnlaugsson skallaði sendingu Hjartar Loga Valgarðssonar í netið en boltinn hafði reyndar viðkomu í varnarmanni Blika.

Fimm mínútum síðar fengu svo Blikar gullið tækifæri til að jafna leikinn en nauðvörn FH bjargaði málunum í það skiptið.

Nær komust þeir ekki og Íslandsmeistararnir fögnuðum sætum sigri eftir að hafa lent undir. Það er ekki af þeim tekið að seiglan er gríðarlega sterk og þrátt fyrir að Blikar hafi á köflum leikið mjög góða knattspyrnu höfðu þeir ekki erindi sem erfiði.

Arnar Gunnlaugsson var kátur í leikslok. „Blikar voru ansi erfiðir og mjög góðir í fyrri hálfleik. Svo skoruðu þeir glæsilegt mark og við vöknuðum af værum blundi og settum pressu á þá,“ sagði Arnar sem sagði sína menn ekki hafa vanmetið andstæðinga sína. „Við töluðum um það fyrir leikinn að þeir yrðu hættulegir enda gæfi staða þeirra á töflunni ekki rétta mynd af spilamennsku liðsins og það reyndist rétt.“ **- esá**



**FORLAN** Átti ekki sjö dagana sæla hjá Manchester United. NORDICPHOTOS/AFP

Diego Forlan:

## Að snúa aftur til Englands?

**FÓTBOLTI** Diego Forlan gæti verið á leiðinni aftur til Englands. Hans er ekki minnst fyrir markaskorun sína hjá Manchester United en hann fór þaðan til Villareal á Spáni þar sem hann sló í gegn. Aston Villa íhugar nú að bjóða í kappann sem einnig hefur verið orðaður við Sunderland og Liverpool.

Forlan sagði nýverið að hann hefði úr nokkrum tilboðum að velja. Framherjinn, sem skoraði tólf mörk í 63 leikjum fyrir United, er metinn á um 15 milljónir punda. - hþh



**RONALDO** Gæti verið á leið til Tyrklands eftir stutt stopp á Ítalíu. NORDIC PHOTOS/AFP

Brasilíumaðurinn Ronaldo:

## Ronaldo til Fenerbache?

**FÓTBOLTI** Aziz Yildirim, stjórnarformaður Fenerbache, segir að félagið sé mjög nálægt því að semja við brasilíska framherjann Ronaldo sem leikur með AC Milan.

„Ronaldo myndi passa vel inn í okkar lið. Það er ekkert leyndarmál að við erum mjög nálægt því að semja við hann,“ sagði Yildirim.

Fenerbache hefur unnið tyrknesku deildina í þrjú skipti á síðustu fjórum árum. „Það er ekki lengur nóg fyrir okkur. Við viljum láta til okkar taka í Meistaradeild Evrópu og til þess þurfum við stórstjörnur.“

Fenerbache hafði einnig mikinn áhuga á Eiði Smára Guðjohnsen, leikmanni Barcelona. - esá



**TORRES** Hefur skorað 82 mörk í 212 leikjum fyrir Atletico Madrid. NORDICPHOTOS/AFP

Fernando Torres:

## Efstur á óskalista Liverpool

**FÓTBOLTI** Fernando Torres mun að öllum líkindum fara frá Atletico Madrid í sumar þar sem félagið komst ekki einu sinni í UEFA-bikarkeppnina. Fyrirliðinn er kominn efst á óskalista Liverpool sem leitar logandi ljósi að framherja. Torres er 23 ára og er talinn kosta á bilinu 24 og 27 milljónir punda.

Torres hefur áður verið orðaður við Liverpool en fleiri félög, þeirra á meðal Real Madrid, Arsenal og Chelsea, hafa verið orðuð við hann. Nýverið sást á fyrirliðabandi hans áletrunin „You´ll never walk alone“, heitið á hinum nafntogaða stuðningsmannasöng Liverpool. - hþh

Hljóp á snærið hjá íslenskum markvörðum:

# Á námskeiði hjá Tommy Svensson

**HANDBOLTI** Tveir efnilegustu markverðir landsins, Pálmar Pétursson úr Val og Björgvin Páll Gústavsson úr Fram, fara á sunnudaginn til Svíþjóðar þar sem þeir verða á vikulöngu markvarðanámskeiði hjá sænsku markvarðagoðsögnunum Tommy Svensson og Claes Hellgren.

Um er að ræða eftirsótt námskeið sem aðeins tólf markverðir fá að taka þátt í hverju sinni og komast færri að en vilja. Þetta er í fyrsta skipti sem HSÍ kemst með markverði inn á þetta námskeið en sambandið naut aðstoðar Andrésar Kristjánssonar, handboltaþjálfara hjá GUIF.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu námskeiði og maður lærir væntanlega eitthvað af þessum snillingum. Þetta er líka frábært framtak hjá HSÍ og einstakt tækifæri,“ sagði Pálmar við Fréttablaðið í gær en það var ekki ljóst að þeir félagar kæmust á námskeiðið fyrr en á þriðjudag. Fyrir vikið hafa strákarnir þurft að breyta sumarfríum og öðru á skömmum tíma en það hafðist að lokum.



**Á LEIÐ TIL SVÍÞJÓÐAR** Húsvíkingurinn Pálmar Pétursson heldur á sunnudag til Svíþjóðar ásamt Björgvini Páli Gústavssyni þar sem þeir munu sækja markvarðanámskeið hjá Tommy Svensson og Claes Hellgren. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er gott að vita að HSÍ viti af manni og valið gefur til kynna að maður eigi möguleika á að komast í landsliðið eins og ég hef stefnt að. Ég verð samt ekki ánægður fyrr en ég verð valinn,“ sagði Pálmar en þess má geta að Pálmar og Björgvin voru markvarðateymi landsliðsins sem varð Evrópumeistari U-18 árið 2003. - hbg





DARREN BENT NORDIC PHOTOS/GETTY

Darren Bent:

## Kostar 17 milljónir punda

**FÓTBOLTI** Charlton ætlar ekki að gefa sig og segir að kaupverðið á Darren Bent sé 17 milljónir punda, ekkert minna en það dugi. West Ham komst að samkomulagi um kaup á Bent sem síðan hafði ekki áhuga á því að fara til félagsins. Tottenham er talið vera reiðubúið að borga 13 milljónir fyrir framherjann. - hþh

Vísir.is fer í þjóðarátak með hagsmuni handboltalandsliðsins að leiðarljósi:

# Alfreð Gíslason má ekki hætta

**HANDBOLTI** Vísir.is hóf í gær undirskriftasöfnun þar sem íslenska þjóðin getur skorað á Alfreð Gíslason um að halda áfram með handboltalandsliðið. Má í raun segja að um þjóðarátak sé að ræða.

Alfreð sagði eftir leik Íslands og Serbíu að hann hefði mikinn áhuga á því að þjálfa handboltalandsliðið áfram en vissi ekki hvort hann hefði hreinlega tíma fyrir starfið en hann þjálfar eitt besta félagslið heims, Gummersbach.

Þjálfarinn bað HSÍ um tíma til að skoða sín mál á meðan hann væri í sumarfríi. Þann tíma hefur HSÍ ákveðið að veita honum.

Íslenska þjóðin getur farið inn á Vísir.is og sett nafn sitt á undirskriftalistann og með því lýst yfir stuðningi við Alfreð en margir mega ekki til þess hugsa að landsliðið mæti í næstu stórkeppnir án Alfreðs sem hefur unnið hug og hjörtu þjóðarinnar frá því hann tók við liðinu. - hbg



ALFREÐ GÍSLASON Verður væntanlega undir miklum þrýstingi frá þjóðinni um að halda áfram með landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






ÁRNI ÞÓR Loksins farinn í atvinnumennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Árni Þór Sigtryggsson:

## Farinn til Spánar

**HANDBOLTI** Akureyringurinn Árni Þór Sigtryggsson hefur samið við spænska handboltaliðið Granollers en hann hefur leikið með Haukum síðustu ár.

Árni ákvað að róa á önnur mið eftir síðasta vetur og lengi vel leit út fyrir að hann færi til Danmerkur eða aftur heim til Akureyrar. Þau áform breyttust öll því hann er búinn að semja við spænska liðið.

Árni er ekki fyrsti Íslendingurinn til að spila með þessu liði en Geir Sveinsson var í herbúðum þess á sínum tíma. - hbg



ENGIR FÉLAGAR Það er ekki hlýtt á milli Shearer og Bellamy. NORDIC PHOTOS/GETTY

Alan Shearer tjáir sig:

## Vill ekki sjá Bellamy

**FÓTBOLTI** Alan Shearer, fyrrum fyrirliði og ein helsta goðsögn Newcastle fyrr og síðar, hefur varað Sam Allardyce, nýráðinn stjóra félagsins, við því að semja við Craig Bellamy.

Bellamy yfirgaf herbúðir Newcastle fyrir tveim árum síðan og var þá búinn að gera allt vitlaust í herbúðum liðsins. Shearer vill ekki sjá hann aftur hjá félaginu.

„Er enginn búinn að læra af fyrri reynslu? Ef Benitez hefði hringt í mig á sínum tíma þá hefði ég sagt honum nákvæmlega hvernig Craig er,“ sagði Shearer.

„Ég var í fríi í Frakklandi með fjölskyldu og vinum þegar konan mín tók upp dagblað og ég sá orðróminn. Fram að því var þetta góður dagur og ég þurfti klárlega að fá mér nokkra drykki í viðbót eftir þetta áfall. Ég fékk mér nokkra. Vonandi er ekkert satt í þessu máli.“ - hbg

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Norska úrvalsdeildin*

STABÆK-VIKING 2-1
**Veigar Páll Gunnarsson** lagði upp fyrra mark Stabæk en hann lék allan leikinn. **Hannes Þ. Sigurðsson** lék allan leikinn fyrir Viking en **Birkir Bjarnason** og **Höskuldur Eiríksson** voru ekki í leikmannahópi liðsins.

BRANN-ÁLASUND 2-1
**Kristján Örn Sigurðsson** og **Ólafur Örn Bjarnason** léku allan leikinn fyrir Brann. **Ármann Smári Björnsson** var ekki í leikmannahópi Brann. **Haraldur Freyr Guðmundsson** lék allan leikinn fyrir Álasund og var fyrirliði liðins.

SANDEFJORD-FREDRIKSTAD 2-2
**Garðar Jóhannsson** lék allan leikinn fyrir Fredrikstad og skoraði síðara mark liðsins. Þetta var hans þriðja mark í fjórum leikjum með liðinu en hann lagði einnig upp fyrra mark Fredrikstad.

### *Norska 1. deildin*

MOLDE-NOTODDEN 1-0
**Marel Baldvinsson** sat á varamannabekk Molde.

### *Sænska 1. deildin*

SIRIUS-IFK NORRKÖPING 1-3
**Stefán Þór Þórðarson** skoraði fyrstu tvö mörk Norrköping



**ERIKSSON** Á ekki upp á pallborðið hjá stuðningsmönnum Manchester City. NORDICPHOTOS/AFP

Stuðningsmenn Man. City:

## Vilja ekki sjá Sven-Göran

**FÓTBOLTI** Meirihluti stuðningsmanna Manchester City vilja ekki sjá Sven-Göran Eriksson sem stjóra hjá félaginu. Könnun meðal þeirra sýndi fram á þetta í gær en talið er að Eriksson fái fund með Thaksin Shinawatra, sem er á góðri leið með að eignast City.

„Stuðningsmennirnir eru 70-30 á móti Eriksson. Hann hefur staðið sig ágætlega með félagsliðum en það er ekki hægt að hunsa mistökin sem hann gerði með enska landsliðinu,“ sagði Heidi Pickup hjá samtökum stuðningsmanna City. - hþh

Kjartan Henry Finnbogason:

## Æfir með Brann

**FÓTBOLTI Kjartan Henry Finnbogason kom í gær til Noregs og mun æfa með úrvalsdeildarliðinu Brann fram á sunnudag.**

**„Ég fékk nú bara símtal í gær og mér boðið að fara til Brann,“ sagði Kjartan við Fréttablaðið í gær. „Ég fer svo á sunnudaginn til Svíþjóðar og æfi með IFK Gautaborg.“**

**Hinn 10. júlí fer Kjartan svo til Englands og fer í æfingaferð með Bristol City til Lettlands. Hann hefur undanfarin ár verið samningsbundinn Celtic í Skotlandi en mun væntanlega söðla um fyrir næsta tímabil.** - esá



**MARTINS** Finnst hann skiljanlega ekki vera öruggur í heimalandi sínu lengur. NORDICPHOTOS/AFP

Obafemi Martins:

## Þessir menn vildu drepa mig

**FÓTBOLTI** Obafemi Martins slapp ómeiddur úr skotárás í Nígeríu á mánudaginn. Skotið var á bíl Martins sem meiddist ekki en félagi hans fékk aftur á móti kúlu í sig en lifði af. „Ég hélt að ég myndi deyja þar sem þeir héldu bara áfram að skjóta,“ sagði Martins.

„Þessir menn vildu drepa mig, þeir skutu ítrekað á bílinn. Þeir voru ekki ræningjar þar sem þeir skutu bara en stálu engu. Ég þakka Guði að ég er enn á lífi til að segja frá þessu,“ sagði Martins sem var að taka bensín þegar skotið var að honum. - hþh

Inter Milan í vondum málum:

## Viðriðið annan Ítalíuskandal?

**FÓTBOLTI Þungar ásakanir eru bornar á Ítalíumeistara Inter Milan. Verið er að rannsaka skjöl félagsins vegna mögulegra svika fyrir tímabilið 2005/2006. Inter hefur áður verið til skoðunar hjá skattayfirvöldum, þá ásamt erkifjendunum í AC Milan, á árunum 2003-2005.**

**Inter er ásakað um að falsa verðmæti leikmanna sinna til að sýna betri fjárhagsstöðu á reikningum sínum. COVISOC, fjármálayfirvald ítölsku deildarinnar, sagði í gær að Inter ætti ekki að keppa ef reikningar þeirra væru í ólagi.** - hþh

Kolbeinn Sigþórsson samdi við hollenska úrvalsdeildarliðið AZ Alkmaar til næstu þriggja ára:

# Stefni á að komast í aðalliðið sem fyrst

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Kolbeinn Sigþórsson skrifaði í gærmorgun undir þriggja ára samning við hollenska úrvalsdeildarliðið AZ Alkmaar. Fyrir leika þeir Grétar Rafn Steinsson og Aron Einar Gunnarsson með liðinu.

„Mér líst afar vel á þetta,“ sagði Kolbeinn við Fréttablaðið í gær skömmu eftir að hann kom heim með flugi frá Amsterdam. Hann fer aftur út til Hollands hinn 5. júlí og hefur þá æfingar með liðinu.

Kolbeinn fór í vetur til æfinga hjá félaginu og hreifst þá af því og aðstöðu þess. „Ég hitti bæði Grétar Rafn og Aron Gunnar og líst mér vel á að þeir séu fyrir hjá félaginu.“

Að minnsta kosti tíu félög í Evrópu voru á höttunum eftir Kolbeini en hann var samningslaus hér á landi eftir að hann ákvað að framlengja ekki samning sinn við HK. Í stað þess að spila hér á landi í sumar ákvað hann að fara fyrr út og taka þátt í undirbúningstímabilinu frá upphafi.

„Ég tel mig vera orðinn tilbúinn fyrir atvinnumennskuna,“ sagði Kolbeinn sem varð sautján ára í vetur. „Ég ákvað að velja AZ á endanum því mér líst vel á félagið og tel að hollenska úrvalsdeildin sé góður staður til að byrja á.“

Aðspurður segist hann stefna á að vinna sér sæti í aðalliðinu sem allra fyrst. „Ég ætla að æfa vel og þá er aldrei að vita hvað gerist. Ég hef mikinn metnað sjálfur og stefni því að því að spila sem allra mest.“ - esá



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** Hér í leik með íslenska U-17 landsliðinu á EM í Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC




## JAMES BELUSHI

Það var menntaskólakennari sem hvatti James til að fara út í leiklist þar sem honum þótti hann svo fær í óundirbúnum ræðuhöldum. James lék í Saturday Night Live á áttunda áratugnum en í dag er hann þekktastur fyrir að leika í þáttunum According to Jim sem sýndir eru á Skjá einum kl. 21.30.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON FYLGDIST MEÐ AFHJÚPUN:

# *Gúrkugrænn, gisinn lopi*

Vopnað falinni myndavél réðst Ísland í dag í það metnaðarfulla verkefni fyrr í vikunni að sanna að á súlustöðum þessa lands væri stundað vændi. Hingað til hefur almenningur nefnilega verið afar bláeygur fyrir þessum möguleika og fáir lagt trú á að á Íslandi væru til konur sem falbyðu sig, allra síst á nektarbúllum. Ritstjóri þáttarins hitaði áhorfendur upp á bloggsíðu sinni fyrr um daginn: „Það er skemmst frá því að segja að ferðin reyndist afar athyglisverð fyrir útsendara þáttarins. Afar athyglisverð."

Nú hefði verið ágæt hugmynd að sýna það sem útsendaranum þótti „afar athyglisvert" því það sem birtist á skjánum var það ekki. Í fyrsta lagi var kolniðamyrkur á skjánum allan tímann svo ekki sást handa skil; eina lýsingin var dauf skíma af farsíma útsendarans. Í öðru lagi var ómögulegt að greina orðaskil. Úr því var bætt með texta, sem leiddi heldur ekkert í ljós. Útsendarinn var líka feiminn og gerði þau reginmistök að spyrja ekki beint út; spurði aðeins dansmeyjarnar hvort þau gætu „have some fun" og þar fram eftir götunum en aldrei beinlínis hvort þær myndu sofa hjá honum fyrir pening.



Þarna vantaði klárlega „gredduna" í fréttamanninn.

Nú væri það vitaskuld prýðileg frétt (eða öllu heldur staðfesting á því sem allir vita) hefði útsendarinn fengið stúlku til að samþykkja kynlíf gegn greiðslu. Útkoman var hins vegar hvorki fugl né fiskur. Eina afhjúpunin í þættinum var sú að það er lítið að gerast á Íslandi í dag. Gúrkugrænn, gisinn lopi sem er ekki sérstaklega spennandi að horfa á teygðan.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00 Spider-Man**
2 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30 Yes, Dear** SKJÁR EINN



▶ **21.00 My Name Is Earl**
SIRKUS



▶ **21.10 Landsleikur í fótbolta**
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 My Name Is Earl**
SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Mótorsport** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (7:32)
**18.27 Ernst** (2:7)
**18.35 Dyrnar að heiminum**
**18.50 Elli eldfluga** (2:12)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fjölbrautaskólinn** (8:8) (Waterloo Road) Bresk þáttaröð um stormasamt líf kennara og nemenda í erfiðu hverfi í stórborg. Meðal leikenda eru Angela Griffin, Jason Merrells, Jamie Glover, Denis Welch og Camillia Power.
▶**21.10 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik kvennaliða Íslands og Serbíu í undankeppni Evrópumótsins 2009.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Landsleikur í fótbolta** Seinni hálfleikur
**23.00 Dagrenning** (5:13) (Day Break) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Meðal leikenda eru Taye Diggs, Meta Golding, Moon Bloodgood, Victoria Pratt, Ramon Rodriguez og Adam Baldwin. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.45 Lífsháski** e.
**00.30 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Good Thief** (Double Down)
**08.10 To Kill a King**
**10.00 Spider-Man 2**
**12.05 Hackers**
**14.00 To Kill a King**
▶**16.00 Spider-Man 2**
**18.05 Hackers**
**20.00 Good Thief** (Double Down)Dramatísk glæpamynd. Bob Montagnet er fjárhættuspilari sem nú ætlar að taka sína mestu áhættu í lífinu.
**22.00 Star Trek. First Contact** (e)
**00.00 Gothika**
**02.00 White Oleander**
**04.00 Star Trek. First Contact** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir** 07.20 Myrkfælnu draugarnir 07.30 Tasmanía 07.55 Myrkfælnu draugarnir
**08.10 Beauty and the Geek**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (74.114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (33.36)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (19.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (20.114)
**14.45 Two and a Half Men** (10.24)
**15.25 Búbbarnir** (6.21)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.15 Batman**
**16.40 Töfravagninn**
**17.05 Fífí**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (10.22) (e)
**20.05 Matur og lífsstíll**
**20.40 Standoff** (15.18)
**21.25 Bones** (8.21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
**22.10 Hotel Babylon**
**23.05 Pirate Master** (3.14)
**23.50 Kept** Spennumynd. Líkin hrannast upp og löggurnar í Los Angeles eru ráðþrota. Svo fara böndin að berast að Barböru sem er framkvæmdastjóri virðulegrar arkitektastofu sem hún rekur með eiginmanni sínum. Aðalhlutverk. Cal Bartlett, Sondra Currie, Paul Michael Robinson. tranglega bönnuð börnum.
**01.25 The Shield** (2.10)
**02.10 Medium** (19.22)
**02.55 The Riches** (4.13)
**03.40 Awfully Big Adventure, An**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.10 Hidden Palms** (2.8) Eftir að Johnny Miller missir föður sinn snögglega flytur hann til Palm Springs ásamt móður sinni og stjúpföður. En þrátt fyrir að staðurinn virðist vera sólskinsparadís uppgötvar Johnny fljótlega að ekki er allt sem sýnist. Dularfull morð og slúður um íbúana setja skuggalegan svip á bæinn sem á yfirborðinu virtist vera fullkominn.
▶**21.00 My Name Is Earl** (18.23)
**21.30 Bestu Strákarnir** (8.50) Á meðan á leitinni að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlæginlegu strákunum.
**22.00 The Riches** (4.13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópinn.
**22.45 Medium** (19.22)
**23.30 Young Blades** (7.13) (e)
**00.20 Supernatural** (19.22) (e)
**01.00 Entertainment Tonight** (e)
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.00 Vörutorg**
**16.00 One Tree Hill** (e)
**17.00 All of Us** (e)
**17.30 Beverly Hills 90210**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
▶**19.30 Yes, Dear** (3.11)
**20.00 William og Harry** Glænýtt viðtal við bresku prinsana William og Harry en nú í sumar er áratugur liðinn frá því móðir þeirra, Díana prinsessa, lét lífið með sviplegum hætti í umferðarslysi í París. Þetta viðtal var frumsýnt í bandarísku sjónvarpi sl. mánudagskvöld.
**21.00 Will & Grace** (17.23) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen. Jack dregur Will með sér á hommabar þar sem kúrekar ráða ríkjum og Grace ræður íranska aðstoðarkonu.
**21.30 According to Jim** (11.22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim fær tengdamömmu sína í heimsókn og í kjölfarið fara Cheryl og Jim að keppa við Dönu og Ryan um athygli hennar.
**22.00 House - Lokaþáttur** Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Það er komið að leiðarlokum hjá House að sinni. Það sem byrjaði sem blóðug hefnd endar sem óvæntasti þátturinn af House til þessa. Þetta er lokaþáttur sem hittir beint í mark.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Raymond, Robert og Frank vilja ekki minnast á það við Marie að hún er greinilega að missa sjónina. Debra ákveður að láta hana vita af því og leggur til að hún heimsæki augnlækni. Marie mætir með gleraugu rétt fyrir jólin og allt verður vitlaust þegar Marie fer að sjá fjölskylduna almennilega í fyrsta sinn í langan tíma. Robert hittir Amy á ný og býður henni í mat.
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.05 C.S.I**. (e)
**00.55 Stargate SG-1 (e)**
**01.45 Beverly Hills 90210**
**02.30 Vörutorg**
**03.30 Óstöðvandi tónlist**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Matur og lífstíll

Í Mat og lífstíl í kvöld heimsækir Vala söngkonuna Möggu Stínu en hún fer ekki hefðbundnar leiðir í eldhúsinu. Matur og lífstíll er hressandi lífsstílsþáttur þar sem hin eina sanna Vala Matt heimsækir þekkta Íslendinga og fylgist með þeim töfra fram uppáhaldsréttina sína.



### ▶ Við mælum með
### WILLIAM OG HARRY
### Skjáreinn kl. 20.00

Glænýtt viðtal við bresku prinsana William og Harry en nú í sumar er áratugur liðinn frá því móðir þeirra, Díana prinsessa, lét lífið í umferðarslysi í París. Prinsarnir, sem standa fyrir minningartónleikum um móður sína á afmælisdegi hennar, 1. júlí, ræða hvernig líf þeirra breyttist eftir dauða Díönu og um minningar sínar um móður sína. Þetta viðtal var frumsýnt í bandarísku sjónvarpi síðastliðið mánudagskvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Á vængjum yfir flóann
**15.03** Söngur af sviði: Skugga-Sveinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: 20.00 Sumarkvöld á Kjarvalsstöðum
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.05** Á hvítri eyju í bláum sjó
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07:00 Landsbankamörkin 2007**
**07:30 Landsbankamörkin 2007**
**08:00 Landsbankamörkin 2007**
**08:30 Landsbankamörkin 2007**
**09:00 Landsbankamörkin 2007**
**17:15 Landsbankadeildin 2007** (FH - Breiðablik)
**19:05 Landsbankamörkin 2007**
**19:35 Það helsta í PGA mótaröðinni** (Inside the PGA Tour 2007) Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni.
**20:00 Kraftasport - 2007** (Sterkasti maður Íslands 2007)
**21:25 Formula One Behind-the-Scenes** (Chasing The Dream) Hvað gerist á bakvið tjöldin í Formúlu 1 kappakstrinum?
**22:15 PGA Tour 2007 - Highlights** (US Open) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.
**23:10 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Cirkus Dannebrog **7.00** En rejse blandt svenske haver **7.30** Nyheder fra Grønland **8.00** Modedesigneren Gunvor Westrén-Doll **8.30** Iværksætterne **9.00** En dag i haven **9.30** Dyre-Internatet **10.00** TV Avisen **10.10** Vagn på vejen **10.40** Vildmark **11.10** Schackenborg - Godset i Grænselandet **11.40** Fest ved fjorden **12.20** Mig og min alder **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Elmer Fjot siger op **14.35** Scooby Doo **15.00** Duksedrengen **15.30** Fandango - med Sebastian **16.00** Når løveungen skruer bissen på **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Miss Marple **18.00** Tæt på Dyrene **18.30** Kvinder på storvildtjagt **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Landsbyhospitalet **20.20** Den fremmede **21.50** Musikprogrammet **4.30** Karlsson på taget **5.00** Rasmus Klump **5.10** Morten **5.30** Fredagsbio **5.40** Boblins **5.50** Nasse **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Sport Jukeboks **7.30** Jukeboks: Country **8.05** Mat med Niklas **8.35** Bokseren **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Kar for sin kilt **14.00** Siste nytt **14.03** Lyoko **14.25** Baby Looney Tunes **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Teddy og Oskar **16.10** Doktor De Soto **16.20** Tisari bes¢ker elefantbarnehjemmet **16.30** Kwan Mings venner **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.20** Kongeskipet Norge - kongen kommer! **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Skygger **20.30** Smith og Jones: godt og blandet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **22.10** The Voice **22.40** MAD TV **5.30** Jukeboks: Country

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Lillas smågodis **7.40** Äventyr i Anderna **10.00** Rapport **10.05** Melita möter **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Små grytor har också öron **15.30** Packat & klart sommar **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.25** Stora maskiner **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.55** Äventyr i Anderna **17.30** Rapport **18.00** Landgång **18.30** Revy-SM 2006 **19.00** Planet Earth **19.50** Moster Linnea och världen **20.00** Linné och hans apostlar **21.00** Rapport **21.10** Uppdrag Granskning **22.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


# *Fáðu meira fyrir ferðina*

*Velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*



*Aukið rými og bætt þjónusta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar*

*Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðustu misserin. Verslunar- og þjónusturýmið hefur riflega tvöfaldast og fjölmargir nýir rekstraraðilar bæst í hópinn. Veitingastöðum fjölgar jafnt og þétt og úrval verslana og vöruframboð hefur aldrei verið glæsilegra.*

*Fáðu meira – mættu fyrr!*

*Við hvetjum alla farþega til þess að mæta tímanlega og njóta alls þess sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu flugstöðvarinnar á airport.is.*

*Munið! Innritun hefst 2 tímum fyrir brottför!*

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

ÍSLENSKA SIA.IS FLE 37703 06/07

## MORGUNMATURINN



*Á virkum dögum er ég mjög heilsusamleg og fæ mér rúgbrauð með osti, grænt te og ávexti. Um helgar hins vegar fríka ég út og fer annaðhvort í ítarlega bakarísferð eða fæ mér pönnukökur útataðar í sírópi. Svo er það alveg á spes dögum sem ég fæ mér egg, beikon, nýkreistan appelsínusafa og kaffi.*

Sif Gunnarsdóttir, verkefnastjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu.

# Opnar alþjóðlega umboðsskrifstofu í London

Einar Bárðarson í félagi við Tónvís, fjárfestingarfélag á vegum FL Group og bresku lögfræðiskrifstofunnar New Media Law hafa stofnað saman alþjóðlega umboðsskrifstofu í London. Einar hefur um árabil verið einn helsti umboðsmaður margra af vinsælustu íslensku tónlistarmönnunum en skrifstofan, sem hefur verið gefið nafnið Mother Management, mun í fyrstu sinna skandinavískum listamönnum. Stefnan er þó tekin á að stækka þann viðskiptahóp enn frekar. Ekki verður þó eingöngu augum beint að tónlistarmönnum heldur verða viðskiptavinir stofunnar fyrirsætur, leikarar og aðrir frambærilegir listamenn. Að sögn Einars var stofan stofnuð til að sjá um mál Garðars Thors Cortes en ferill hans hefur verið á mikilli uppleið í London að undanförnu. „Það er mikið að gera hjá Garðari og við viljum ná almennilegum tökum á því fyrst,“ segir Einar en framkvæmdastjóri Mother Management verður Mark Devine sem hefur unnið mikið með íslenskum leikurum á borð við Hilmi Snæ Guðnason og Ingvar E. Sigurðsson. „Leiðir okkar lágu saman hérna úti í London og þetta er virkilega kröftugur náungi sem getur hjálpað Garðari mikið hérna úti.“



**EINAR BÁRÐARSON** Ný alþjóðleg umboðsskrifstofa hefur tekið til starfa.

Í fréttatilkynningu frá hópnum kemur fram að þetta er sami hópur og stendur að plötufyrirtækinu Believer Music sem hefur gefið út plötur Garðars og Nylon-flokksins. „Málin hafa þróast þannig að við höfum verið að fá mikið af beiðnum frá tónleikahöldurum þannig að þessi umboðsskrifstofa á eftir að reynast íslenskum tónlistarmönnum vel,“ segir Tryggvi Jónsson hjá Tónvís sem verður stjórnarformaður umboðsskrifstofunnar. Hann telur að þetta sé bara enn einn anginn af hinni margumræddu útrás Íslendinga „Við erum vön því að fást við lítinn markað og gerum alla hluti frá A til Ö sjálf. Þegar við komum á svona stóran markað nálgumst við og gerum hlutina á allt annan hátt og það hefur nýst okkur vel hingað til.“



**TRYGGVI JÓNSSON** Útrás íslenskrar afþreyingar er í raun ekkert hagað neitt öðruvísi en önnur útrás.



**LÁRÉTT 2.** plat **6.** samtök **8.** drulla **9.** æxlunarkorn **11.** óreiða **12.** aðfall **14.** rabb **16.** drykkur **17.** frjó **18.** tunna **20.** til **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT 1.** ævintýri **3.** frá **4.** þegn **5.** steinbogi **7.** hagnaður **10.** þrá **13.** heyskaparamboð **15.** matur **16.** fjör **19.** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** aa, **8.** for, **9.** gró, **11.** rú, **12.** aðsog, **14.** skraf, **16.** te, **17.** fræ, **18.** áma, **20.** að, **21.** pils.

**LÓÐRÉTT: 1.** saga, **3.** af, **4.** borgara, **5.** brú, **7.** arðsemi, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** táp, **19.** al.








**TEKIÐ Á ÞVÍ** Arnar Grant gefur Birni Inga engin grið í ræktinni og þrælar honum út að eigin sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BJÖRN INGI HRAFNSSON: KOMINN Í EINKAÞJÁLFUN HJÁ ARNARI GRANT

# Vill sjá Björn Inga í fitness

„Nú er ekkert kjaftæði í gangi. Þetta verður gert af fullum krafti í þetta sinn,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, sem nú er kominn í einkaþjálfun hjá líkamsræktarmógúlnum Arnari Grant. Hittast þeir félagar nú nánast daglega í Laugum þar sem Arnar þrælar borgarfulltrúanum út.

„Ég vinn mjög mikið og ég finn að þegar ég er ekki í góðu líkamlegu formi þá bitnar það á vinnunni,“ segir Björn Ingi. Markmið borgarfulltrúans í ræktinni endurspeglast þó ekki í þyngdartölum eða fituprósentum heldur vill hann fyrst og fremst halda góðri heilsu. „Markmiðið er að vera í góðu formi, líta sæmilega út og vera ekki með spik framan á sér. Þetta er ekki einhver skyndimegrun heldur snýst þetta um langtímaárangur.“

Líkamlegt form Björns Inga hefur fengið töluverða athygli upp á síðkastið og hefur hann ekki farið leynt með þá staðreynd að hann hafi bætt á sig eftir sveitarstjórnarkosningarnar fyrir rúmu ári. Ljóstraði hann því síðan upp í viðtali við Mannlíf fyrir skemmstu að kílóin væru orðin 108. „Þetta er hörkupúl en það er þess virði,“ segir Björn Ingi um æfingarnar hjá Arnari.

Þjálfarinn sjálfur er mjög ánægður með framgöngu Björns Inga til þessa í tækjasalnum og sparar ekki stóru orðin þegar kemur að mögulegum langtímamarkmiðum. „Hann er sterklega byggður frá náttúrunnar hendi og hefur allt að bera til að ná góðum árangri. Ég er að reyna að færa hann upp á næsta stig í líkamsrækt og vil meina að hann verði góður kandídat í fitness eftir tvö ár ef fram heldur sem horfir.“

Arnar segir að áherslan hjá Birni Inga sé fyrst og fremst þríþætt, að minnka fituprósentuna, auka styrkinn og bæta úthaldið. „Vandamálið er að það er svo ótrúlega mikið að gera hjá honum, hann þarf því að vera gríðarlega skipulagður. En við erum smám saman að komast í rétta taktinn,“ segir Arnar.

Björn Ingi kveðst mjög ánægður með samstarfið við Arnar en auk þess að stjórna Birni Inga í tækjasalnum býr Arnar til matseðilinn fyrir hann þessa dagana. Þá er Björn Ingi undir ströngum fyrirmælum um að sofa nóg. „Mér gengur miklu betur þegar ég er í einkaþjálfun. Þá er meira aðhald og meira agi og það er gott að þurfa að hitta einhvern og standa sig. Maður er ekki alltaf nægilega harður húsbóndi sjálfur.“

vignir@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Össur Skarphéðinsson** iðnaðarráðherra er á leiðinni í sumarfrí á laugardaginn en frá þessu greinir hann á heimasíðu sinni. Össur hyggst fara með alla fjölskylduna til Tyrklands og segir Össur að fríið hafi verið ákveðið löngu fyrir kosningar. Ráðherrann greinir einnig frá því að þau hafi greitt fyrir flugfarið á netinu og hann verði því miður að fresta öllum beiðnum um ræður og viðtöl þar til eftir frí. „Þeim, sem aðgangsharðastir eru á tíma iðnaðarráðherra segi ég einsog satt er, að milli 22. júní og 6. júlí sé ég ófær til ráðherrastarfa – að viðlögðum hjónaskilnaði!“



Athygli hefur vakið að landsliðskonurnar í knattspyrnu hafa gert mikið úr því hversu góð stemning hefur verið í liðinu að undanförnu. **Sigurður Ragnar Eyjólfsson** sagði meðal annars að stelpurnar hefðu dansað á undan leiknum gegn Frökkum og hafa gárungarnir bent á að kannski sé þetta leiðin til að fá karlalandsliðið til að rífa sig upp úr öldudalnum. Og nú heyrast raddir um það hvort danskennararnir **Heiðar Ástvaldsson** eða **Yasmine Olsen** séu lausnin í við vanda karlalandsliðsins.



Leikarahjónin **Stefán Karl Stefánsson** og **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir** hafa nefnt nokkurra mánaða gamalt stúlkubarn sitt. Litla stúlkan hefur fengið nafnið **Júlía** en á blogginu sínu kallar Steinunn Ólína hana oftast Frökken Júlíu. Leikarahjónin eru sem kunnugt er búsett í Bandaríkjunum þar sem þau hyggja á landvinninga. Stefán Karl hefur verið að vinna að framleiðslu bíómyndar og Steinunn Ólína bloggar af miklum móð á húsmæðrablogginu, eins og hún kallar það sjálf.



-fgg/kh

# Á fjarstýrðum bíl um landið

„Við leggjum af stað aðfaranótt sunnudags,“ segir Björn Kristinsson en hann ásamt félaga sínum, Bjarka Hermannssyni og kærustu hans, Helenu Sigurðardóttur, ætla að stýra fjarstýrðum bíl í kringum landið á þjóðvegi 1. Hringvegurinn er rúmir þrettán hundruð kílómetrar en bíllinn sem er af gerðinni HPI Racing er töluvert stór af fjarstýrðum bíl að vera og notast við 95 okt. bensín sem blandað er með gengisolíu. Hann kemst upp í allt að 80 kílómetra hraða en Björn segir þá félaga ætla að halda sig við fimmtíu alla leiðina.

Að sögn Björns er áætlað að ferðalagið taki um fjóra daga og verður það í þremur áföngum; fyrst verður farið suður um til Hafnar í Hornafirði. Þaðan verður síðan haldið til Akureyrar og frá höfuðstað Norðurlands liggur leiðin aftur heim. „Hugmyndin kviknaði fyrst þegar við lásum um mann sem gerði slíkt hið sama í Arizona-eyðimörkinni og taldi að það væri hægt að leggja mun meira á ökutækið.“

Björn mun sjálfur sjá um viðhald bílsins á meðan ferðin stendur en Bjarki stýrir bílnum. Vinirnir verða í bíl fyrir aftan hinn fjarstýrða en Helena keyrir við hliðina á honum á fjórhóli til að koma í veg fyrir að hann verði keyrður niður. „Og svo verðum við auðvitað í lögreglufylgd,“ útskýrir Björn.

Að sögn Björns er „ökuferðin“ ekki eingöngu eitthvert stundargaman heldur hyggjast þau afla fjár fyrir Rjóður, hvíldarheimili fyrir langveik börn.




**BJÖRN OG BJARKI** Ætla að fara hringveginn með fjarstýrðan bíl. Helena mun síðan keyra á fjórhjóli til að vernda tryllitækið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

www.icelandexpress.is

# Panta, pakka, fljúga!




**BÓKUNARTÍMABIL:**
**20.–25. JÚNÍ**
**BROTTFÖR Á TÍMABILINU**
**20.–30. JÚNÍ**
**VALDIR ÁFANGASTAÐIR**

**SALA ER HAFIN!**

## Iceland Express býður flugsæti á frábæru tilboðsverði, frá 6.295 kr. aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

» Nú er að hrökkva eða stökkva. Iceland Express býður þér að skjótast til Evrópu á **frábæru tilboðsverði** en það er um að gera að hafa hraðan á, því sætaframboð er takmarkað. Í boði eru fargjöld til **valinna áfangastaða** Iceland Express.

Um er að ræða valdar dagsetningar og þarf brottför að vera á tímabilinu **20.–30. júní** en heimkoma að eigin vali. Bókunartíminn er **20.–25. júní.**

Smelltu þér inn á **www.icelandexpress.is** og tryggðu þér miða á frábæru verði, **því nú eru aðeins örfá sæti laus!**

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**

**DR. GUNNA**

## Samviskubit

Bullandi samviskubit fylgir þeirri bullandi velmegun sem við njótum í hnattrænu samhengi, nema maður passi sig að hugsa bara ekkert um það. Lesi ég á litlu miðana á fötunum mínum kemur í ljós að þau eru meðal annars framleidd í Víetnam (jakki), Kína (bolur og skór) og Indónesíu (gallabuxur). Þótt framleiðendur vilji sýnast góðmennskan uppmáluð hef ég séð nógu mikið af heimildarmyndum um hnattvæðinguna til að vita að á bakvið fötin mín er líklega fólk, jafnvel börn, sem stritar við illan aðbúnað í ömurlegum þrælakistum. Ég þarf sem sé ekki að leita lengra en inn í fataskáp til að fá bullandi samviskubit.

**SVO** get ég fengið samviskubit þegar ég skoða inn í ísskáp ef ég borða annað en lífrænt ræktað, því þá er líklegt að fólk og dýr hafi liðið kvöl og pínu við framleiðslu matarins. Við spegilinn get ég fengið samviskubit því þá sé ég hvítan miðaldra karl, táknmynd illskunnar sem ber ábyrgð á öllu svínaríinu og heldur kvenfólki niðri. Og í bílnum get ég fengið bullandi samviskubit því þá er ég að bræða Grænlandsjökul og stefna framtíð mannkynsins í tvísýnu.

**SEM** betur fer er verið að finna upp leiðir til að lækna mann af samviskubitinu. Að kolefnisjafna sig er það nýjasta nýtt og fyrir fimm þúsund kall á ári er samviskubitið í bílnum jafnað út með gróðursetningu á þrjátíu og fimm trjám. Sniðugt.

**ÞETTA** er eflaust bara byrjunin. Að „lífsgæðajafna sig hnattrænt“ hlýtur að vera á leiðinni. Á vandaðri heimasíðu verður reiknivél þar sem maður slær inn bmilíkamsstuðul, árstekjur og samtölu þess sem maður eyddi í bruðl, til að sjá hversu mikið maður þarf að borga til fátæku landanna. Geri maður þetta er hægt að halda áfram að lifa í vellystingum án samviskubits. Sé maður til dæmis ofalinn með tíu millur á ári og hafi spreðað í þrjár utanlandsferðir, húsbíl og flatskjá, kemur út úr reiknivélinni að maður eigi að láta taka út af kortinu fyrir þremur skóflum og einni hjólböru til að senda til Síerra Leóne.

**LÍFSGÆÐAJÖFNUNIN** yrði samt örugglega ekki eins vinsæl og kolefnisjöfnunin því ólíkt „hlýnun jarðar“ kemur fátækt þriðja heimsins okkur ekki beint við, nema maður leggi sig fram í góðmennskunni eða sé þess viðkvæmari fyrir samviskubitinu. Kannski Bono yrði eini maðurinn sem færi á Lifsvidur punktur is.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


